

VÍFILSSTAÐIR

1910

☆ Sagan í 100 ár ☆

2010



Séð yfir Vífilstaði í júlí 2010.



Katla lokaði gluggunum

Þegar Vífilstaðahæli tók til starfa þekktust engin lyf við berklum. Aðalmeðferðin fólst í hollum og góðum mat, hvíld með hæfilegri hreyfingu og fersku lofti. Þeir, sem minnst ára sinna á Vífilstöðum, bæði sjúklingar og starfsmenn, segjast varla muna til þess að gluggar hússins hafi nokkru sinni verið lokaðir, heldur þvert á móti hafi þeir ævinlega staðið upp á gátt til að tryggja sjúklingum heilnæmt íslenskt loft. Þó var gerð undantekning á þessu 1918 þegaraska frá Kötlu gerði ómögulegt að hafa gluggana opna. Sem dæmi um þá miklu áherslu sem lögð var á loftflæði um hælisyggjuna má nefna að þar innandyrá voru engir þröskuldar við dyr.

Vífilstaða bíða ný verkefni

Berklahælið að Vífilstöðum verður 100 ára á morgun, sunnudag, en hælið tók formlega til starfa 5. september árið 1910. Í tilefni tímamótanna verður dagskrá í aðalbyggingu hælisisins í dag, laugardag, með viðburðum fyrir alla fjölskylduna frá kl. 13 til 16. Sérstök sögusýning og málþing um sögu berklaveikinnar hér á landi og erlendis verða í boði í aðalbyggingunni auk þess sem boðið verður uppá leiðsögn um svæðið í kring. Hoppukastali fyrir börnin verður staðsettur í skruðgarðinum við hælið svo eitthvað sé nefnt. Dagskrána í heild er að finna á bls. 6.

Berklar eru ævafornt sjúkdómur,

sem bárust hingað til lands með landnámsmönnum að því er talið er. Veikin varð þó ekki alvarlegt vandamál á Íslandi fyrr en uppúr aldamótunum 1900, en þá voru þeir orðnir mjög útbreiddir og fólk tekið að hrynja niður. Á árunum 1896-1900 voru árlega skráðir á bilinu 167 til 266 sjúklingar, en urðu allt að 500 á fyrsta áratug 20. aldar. Hátt í tvö hundruð manns dóu árlega á árunum 1912 til 1920 og fór fjölgandi. Berklar voru til að mynda algengasta dánarorsökina í Reykjavík frá 1911 til 1925. Á landsvísu ollu berklar um fimmtungi dauðsfalla og var það hlutfall með því hæsta í Evrópu.

Með byggingu Vífilstaðahælis,

sem tók aðeins um 18 mánuði, var lyft grettistaki í baráttunni við þennan hræðilega sjúkdóm. Vegna glæsileika, merkrar sögu og viðfeðmrar náttúru eru Vífilstaðir nú í margra augum höfuðból Garðabæjar, sem mikilvægt er að varðveita af myndugleik. Á Vífilstöðum er mikill húsakostur. Aðalbygginguna teiknaði Rögvaldur Ólafsson arkitekt og yfirlæknishústaðinn Guðjón Samúelsson húsameistari.

Umtalsverður kúabúskapur var á Vífilstöðum. Árið 1973 var berklahælinu fengið nýtt hlutverk er þar var opnuð sjúkrahælið á vegum Landspítalans

fyrir sjúklinga með sjúkdóma í öndunarfærum. Meðferðarstofnun fyrir áfengissjúklinga, sem deild frá Kleppspítala, var stofnuð þar í sérhúsnæði árið 1976, en árið 2002 var rekstri á vegum hins opinbera hætt. Tók þá Sjómannadagsráð Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, eigandi Hrafnistuheimilanna, við húsnæðinu og starfrækti þar öldrunarheimili fyrir rúmlega 50 heimilismenn til 30. ágúst síðastliðins. Staðarins bíða ný verkefni, hver sem þau verða. Húsnæðið er í eigu ríkisins og í umsjá fasteignaumsýslu þess.

Sögusýningin á Vífilstöðum stendur til 8. september.

Ekki getað farið í buxurnar síðan

Einn af þekktari sjúklingum á Vífilstöðum var Haukur pressari sem þar bjó árum saman.



Hann þekktu flestir Reykvíkingar. Haukur fékk viðurnefnið af því að hann gekk um borgina með straujárn og straubretti undir hendinni og bauðst til að pressa buxur útvalinna borgarbúa. Í viðtali við Jóhönnu K. Jóhannesdóttur, blaðamann á Morgunblaðinu, er spítalinn varð 90 ára, sagðist Hrafnkell Helgason, yfirlæknir á Vífilstöðum í meira en 30 ár, enn eiga buxur sem Haukur hefði pressað því líkt þverbrot í að hann hefði aldrei getað farið í þær eftir það.

Frumkvæði Oddfellowa réð miklu um upphaf berklahælisins

„Baráttan fyrir lífinu er barátta við dauðann“

Á engan mun hallað þótt fullrytt sé að Guðmundur Björnsson

þáverandi héraðslæknir í Reykjavík hafi verið upphafsmaður að baráttunni við berklana á Íslandi. Að hans frumkvæði var ráðist í útgáfu á fræðsluefni um berklavarnir. Það nægði Guðmundi þó ekki að segja berklunum stríð á hendur í orði. Hann vildi líka heyja orrustuna á borði. Guðmundur var félagi í Oddfellowreglunni en í henni voru þá margir broðborgarar og áhrifamenn bæði í Reykjavík og í þjóðlífinu öllu.

Árið 1898 hafði danska Oddfellow-reglan reist sjúkrahús fyrir holdsveika í Laugarnesi í Reykjavík og gefið íslensku þjóðinni þá stofnun. Og þar var ekki um neina smágjöf að ræða. Holdsveikraspítalinn var stærsta hús sem nokkru sinni hafði verið reist á Íslandi og var raunar eitt stærsta timburhús sem byggt



Við Vífilstaðahæli um miðja síðustu öld.

hefur verið hérlendis. Þar var pláss fyrir 60 sjúkrarúm. Eina kvöðin sem fylgdi nýja spítalanum var að þar starfaði menntað hjúkrunarfólk. Slíku var ekki til að dreifa hérlendis og danskar konur því ráðnar til starfa. Fengu þær íslenskar stúlkur sér til aðstoðar og fór svo að margar

þeirra fóru til Danmerkur til að læra hjúkrun. Má því segja að upphaf hjúkrunarnáms á Íslandi eigi rætur að rekja til umræddrar ákvörðunar Oddfellowanna.

Kynna sér starfseminu

Guðmundur Björnsson ræddi við

félaga sína í reglunni um möguleika þess að fara að fordæmi hinna dönsku félaga þeirra og reisa ámóta sjúkrahús og heilsuhæli fyrir berklasjúka og þeir höfðu gert fyrir holdsveika. Fékk Guðmundur góðar undirtektir í reglunni. Fyrsta skrefið var að kynna sér hvernig staðið væri að slíkum málum hjá öðrum þjóðum en vitað var að víða höfðu heilsuhæli verið reist, m.a. á öllum Norðurlöndunum og meira að segja í hinu fámenna landi, Færeyjum. Heilsuhæli þessi fyrir berklasjúka voru rekin af ríkissjóði viðkomandi landa, oftast þó með þátttöku einstakra félaga sem tekið höfðu berklamálin upp á sína arma. Kynntu Oddfellowarnir sér sérstaklega fyrirkomulagið í Danmörku þar sem heilsuhæli voru rekin af félagsskapnum Nationalforeningen til Tuberkulosisens Bekæmpelse.

Framhald á bls. 8



Fornminjar á Vífilstöðum

Enda þótt engar rannsóknir á fornminjum hafi verið framkvæmdar á Vífilstöðum er gamla bæjarstæðið þekkt en því hefur verið raskað. Fyrir tæpum 30 árum lét Þjóðminjasafn Íslands skrá fornleifar í landi Garðabæjar, þar á meðal á Vífilstöðum, og þótt þeirri vinnu hafi ekki verið lokið er þó búið að skrá rúmlega sextíu fornleifar á Vífilstöðum. Einungis lítill hluti þeirra hefur verið skoðaður með vettvangskönnun.

Enn greinast berklatilfelli á Íslandi

Þrátt fyrir að tekist hafi að langmestu leyti að ráða niðurlögum berkla á Íslandi greinast enn árlega um 10-12 manns með sjúkdóminn hér á landi. Þorsteinn Blöndal, yfirlæknir á göngudeild sóttvarna hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, reifar sjúkdóminn og birtingarmynd hans í stuttu máli sem og stöðuna hér heima og erlendis.

„Berklar eru smitsjúkdómur, sem berst með úðasmitun frá manni til manns. Meinvaldurinn eru sýklar sem komast inn í líkamann við öndun en berast frá öndunarfærum um líkamann með blóðrás,“ segir Þorsteinn. Hann nefnir að þarna komi þó líka inn margslungið samspil örveru, hýsils og umhverfis sem allt hafi þýðingu við að njörva sjúkdóminn niður eða leysa hann úr læðingi. „Í dag veikjast enn rúmlega 9 milljónir manna árlega af berklaveiki. Tæplega tvær milljónir deyta árlega af völdum sjúkdómsins, sem enn er fyllilega læknanlegur ef bestu úrræða nýtur við í heilbrigðisþjónustu viðkomandi lands. Hér á Íslandi greinast á bilinu tíu til tólf tilfelli á ári,“ segir Þorsteinn.

Hann segir að oft greinist sjúkdómurinn seint, jafnvel ekki fyrr en við krufningu. „Tilfelli hér heima eru af tvennum toga. Helmingur þeirra kemur upp hjá Íslendingum fæddum á Íslandi en helmingurinn hjá innflytjendum sem hafa íslenskt

ríkisfang. Aldursdreifingin er mismunandi. Hjá innflytjendum er ungt fólk að greinast með sjúkdóminn en hjá innfæddum Íslendingum er það yfirleitt eldra fólk sem greinist.“

Berklar berast fyrst í öndunarfærin

Að sögn Þorsteins geta berklasykingar hreiðrað um sig á ýmsum stöðum í líkamanum, svo sem lungum, nýrum, beinum eða miðtaugakerfi. Algengastir eru lungnaberklar og brjósthimnubólga eða í um 60 prósent tilfella. Berklar berast fyrst í öndunarfærin og þar eru vaxtarskilyrði góð. Hann telur mjög mikilvægt að lækna þekki einkennin og geti brugðist sem fyrst við. „Lítlekast er að þeir sem veikjast leiti á heilsugæslustöð. Einnig leitar fólk á stofur sérfræðinga eða á sjúkrahús. Um helmingur tilfella hefur greinist á Göngudeild sóttvarna, sem var áður á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Það þarf að bregðast hratt við til að koma í veg fyrir smitsemna sem

alltaf getur verið til staðar. Eftir að sjúklingur greinist er hann settur í staðlaða fjögurra lyfja meðferð. Eftir tvær vikur er sjúklingurinn yfirleitt orðinn smitfrír. Nóg er að gefa lyf í sex mánuði samanlagt. Eftir það er viðkomandi í langflestum tilvikum læknaður,“ segir Þorsteinn.

Lyfjónæmir berklar erfiðasta vandamálið

Þorsteinn bendir á að erfiðasta vandamálið í dag séu lyfjónæmir berklar en um hálf milljón slíkra tilfella greinast í heiminum árlega. Samspil fleiri þátta á þar hlut að máli, t.d. rangt val á lyfjum,

ónóg notkun næmisprófa, röng tímalengd meðferðar og loks slök samvinna lækna og sjúklinga. Það síðastnefnda á sér oft skýringar í vanmætti þeirra til að takast á við atvinnuleysi, drykkjusýki, stjórnsleysi í heilbrigðisþjónustu og fátækt. „Lyfjónæmi berkla er vaxandi vandamál eins og reyndar allt lyfjónæmi í heiminum í dag. Ekki er enn séð fyrir endann á því hvernig hægt er að takast á við það. Það eru áætlanir um að reyna að ná tilteknum markmiðum 2015 í baráttunni við lyfjónæmi berkla.“

Tilfelli á Íslandi

Tvo tilfelli lyfjónæmra berkla greindust hér á landi á árunum 2007 og 2008 og segir Þorsteinn að hugsanlega sé um eitt tilvik að ræða á þessu ári. „Ef smitandi sjúklingur greinist með lyfjónæmi berkla þarf hann að vera í einangrun á spítala á meðan reynt er að finna úrræði til lækningar. Við verðum aldrei laus við berklana. Flutningar og ferðalög fólks eru meiri en nokkru sinni áður og á meðan fólk flytur og ferðast þá gera berklarnir það líka. Ísland er því ekki eyland í þessum efnum þótt hér hafi náðst góður árangur eins og á Vesturlöndum yfirleitt,“ segir Þorsteinn.



Þorsteinn Blöndal

Blásinn, brenndur og höggvinn

Áður en lyf við berklum voru fundin upp beittu lækna ýmsum lækningaraðferðum. Aðferðirnar fólust m.a. í góðri hreyfingu, hollu mataræði og þeirri grundvallaraðferð að láta sjúklinga ávallt sofa við vel opna glugga. Menn minnst þess t.d. ekki á Vífilstöðum að þar hafi glugga verið lokað fyrir en Katla byrjaði að spúa eldi og brennisteini því þá varð öskufjúkið svo mikið um allt land. Árni Helgason, fyrrverandi leigubílstjóri í Hafnarfirði, er einn fjölmargra Íslendinga sem þekkir hin gamalkunnu meðferðarúrræði, en hann var þó fyrst höggvinn og síðan blásinn. „Það átti að brenna mig, þess hefði þurft, en það fór fyrst og kom ekki að sök því ég náði fullum bata á fimm árum.“

Skömmu eftir aldamótin 1900 uppgötvaði ítalski lungnasérfræðingurinn Carlo Forlanini, sem fékkst mikið við rannsóknir á berklum, að meginerfiðleikar við meðferð þeirra sem voru með berklagerð og holar á lunga væri öndunin, það er sú staðreynd að lungun þenjast út og dragast saman í sífellu. Mun auðveldara hlyti að vera ef unnt væri að stöðva hana, a.m.k. að hluta.



Árni Helgason

Blásinn

Forlanini þróaði þá aðferð sem kölluð hefur verið blásning, sem fólst í því að lofti var blásið inn í brjóstholið milli lungans og brjóstveggjarins og við þrýstinginn féll það lungað saman, sem sjúkt var og andaði sjúklingurinn þá aðeins með hinu lunganu á meðan. Aðgerðin var endurtekin reglulega, þar sem loftið minnkaði alltaf aftur í brjóstholinu. Í þeim tilfellum þegar bæði lungu voru smitð var takmarkaðri blásningu beitt á bæði í einu og hafði sjúklingurinn

þá takmarkaða öndun meðan á meðferðinni stóð.

Blásning þótti árangursrík og ekki leið á löngu þar til hún breiddist út um gervalla Evrópu, þar á meðal til Íslands, þar sem hún var tekin upp árið 1912. Um langtíma meðferð var að ræða og gengu sjúklingar mánuðum saman með „brjóstloft“ eins og það var kallað, enda komu þeir reglulega í eftirlit þar sem loftþrýstingur var mældur og pumpað í brjórtholið eftir þörfum.

Brenndur

Þrátt fyrir góðan árangur af blástursaðferðinni dugði hún ekki öllum. Hjá sumum komu í ljós samvextir frá lunga yfir í brjóstvegginn sem komu í veg fyrir að lunga gæti fallið saman. Samvextirnir voru gjarnan þar sem hola hafði myndast í lunganu. Þá var brennt fyrir, en sú aðferð fólst í því að brenna samvextina burt með brennijárni (rafmagni).

Höggvinn

Þriðja meðferðarúrræðið var höggvinn. Þeirri aðferð var beitt þegar aðrar þraut eða ekki var hægt að blása viðkomandi sjúkling. Við höggvinnu

voru rifbein fjarlægð, sex til átta eftir tilvikum. Við það féll brjóstkassinn saman. Tilgangurinn var sá sami og áður, þ.e. að berklaholan lokaðist. Höggningar voru framkvæmdar á Vífilstöðum og Landspítala en síðar eingöngu á Akureyri.

Með opið sár

Árni Helgason er nú 82 ára gamall. Hann kom til Vífilstaða árið 1946 úr foreldrahúsum á bænum Hvaleyri, þar sem nú er golfvöllur Hafnarfirðinga. Hann var þá átján ára gamall. „Ég var þá með opið sár í vinstra lunga og bólgur í því hægra. Ég var sendur norður, þar sem voru tekin sex rif og þá var hægt að loka sárinu. En eftir tvo mánuði þá „sprakk“ það og þá var ég blásinn. Það lukkaðist vel og gatið lokaðist,“ segir Árni.

Árni var á þriðja ár á Vífilstöðum og þegar hann útskrifaðist 1949 fór hann á Reykjalund þar sem hann var í tæp tvö ár við endurhæfingu. „Þar tók ég meiraprófið og fór að því loknu beint í leigubílaaksturinn, sem var mín atvinna í rúm fimm tíu ár.“ Árni býr við Suðurgötu í Hafnarfirði, þar sem hann hefur verið í tæpa hálföld ásamt fjölskyldu sinni.



Dr. Óli Hjaltested, yfirlæknir berklavarnastöðvarinnar við Kirkjustræti í Reykjavík, blæs, Ólafur Geirsson, yfirlæknir á Vífilstöðum, brennir og Guðmund Karl heggur. Myndirnar eru eftir Ragnheiði Ólafsdóttur.



Útgefandi: Garðabær, Hrafnista og Landspítali Háskólasjúkrahús.

Ritnefnd: Aftarmálsnefnd Vífilstaða

Ábyrgðarmaður: Pétur Magnússon

Umsjón: KOM Almannatengsl ehf.

Ritstjóri: Bolli Valgarðsson

Höfundar efnis: Bolli Valgarðsson, Róbert Róbertsson, Þorsteinn G. Gunnarsson, Steinar J. Lúðvíksson, Pétur Bjarnason og Sveinn Guðjónsson

Umbrot: svarthvitt ehf. 698-4104

Ljósmyndir: Hreinn Magnússon o. fl.

Auglýsingar: Birna Sigurðardóttir Markfell sf. Sími 898-3925 birna@markfell.is

Prentvinnsla: Landsprent



Turbuhaler innöndunartæki

Einfalt og auðvelt í notkun

**Turbuhaler er fjölskammta
innöndunartæki sem inniheldur ýmis lyf
við lungnasjúkdómum eins og astma
og langvinnri lungnateppu**

**Leiðbeiningar um notkun fást á næstu
heilsugæslustöð eða í lyfjaverslunum**

AstraZeneca 

Umboðsaðili: Vistor.hf. Hörgatúni 2, 210 Garðabæ, sími 535 7151, www.astrazeneca.is

TURBUHALER



Ævintýraleg aldarsaga

Nú eru merkistímamót í sögu Vífilsstaða eða réttara sagt, í sögu berklahælisins á Vífilsstöðum, sem opnað var fyrir 100 árum.

Berklar eru sjúkdómur sem lengi hefur fylgt mannkyninu. Þeir urðu þó ekki alvarlegt vandamál á Íslandi fyrr en um aldamótin 1900. Þá voru berklarnir, sem oft hafa verið kallaðir „hvíti dauði“ orðnir mjög útbreiddir og fólk víða farið að veikjast. Berklar voru til að mynda algengasta dánarorsökin í Reykjavík frá 1911 til 1920 og á landsvísu ollu berklar um fimmtungi dauðsfalla. Séu þessar tölur uppfærðar til dagsins í dag, bara svo við skiljum þær í nútímasamhengi, þá jafngilda þær því að um sex þúsund manns væru með berkla hér á landi í dag. Og væru berklasjúklingarnir settir saman í samfélag í ætt við það sem ríkti á Vífilsstöðum, þá væri það tíunda stærsta byggðarlag landsins. Sem betur fer komu fram lyf við berklum upp úr miðri síðustu öld þannig að hvíta dauða þekkjum við sem yngri erum, nánast aðeins af frásögnum eldri einstaklinga og úr sagnfræðiritum. Hið glæsilega húsnæði berklahælisins fékk því ný hlutverk þegar leið á öldina. Síðustu ár hefur það verið hjúkrunarheimili á vegum Hrafnistu en þeirri starfsemi lauk um síðustu mánaðamót. Nú biður hússins nýtt hlutverk sem ekki er ljóst hvert verður þegar þetta er ritað.

Í þessu afmælisblaði er leitast við að gera merkri sögu Vífilsstaða skil í máli og myndum. Eins og í góðum ævintýrum má segja að þó að saga Vífilsstaða sé í upphafi tengd erfiðleikum og sorgum þá fær saga berklahælisins góð endalok þegar lækning finnst og húsið fær nýtt

hlutverk.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka öllum þeim fjölmörgu sem að undirbúningi eitt hundrað ára afmælisins hafa komið; ekki síst því ágæta fólki sem setið hefur í afmælisnefndinni. Þar koma margir hollvinir Vífilsstaða við sögu, svo sem Oddfellowreglan,



Landsþinginn, SÍBS, Garðabær, Hrafnista, Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar og áhugafólk um sögu Vífilsstaða úr ýmsum áttum. Margar hendur hafa unnið létt verk en á engan er hallað þótt Erlu Bil Bjarnadóttur, sérstakri áhugakonu um sögu Vífilsstaða, sé þakkað sérstaklega fyrir sitt framlag, ásamt Lovísu Einarsdóttur, starfsmanni afmælisnefndarinnar, og Ísaki Erni Sigurðssyni, verkefnastjóra sögusýningarinnar. Njótið vel hinnar merku og ævintýralegu aldarsögu!

Pétur Magnússon
formaður 100 ára afmælisnefndar
Vífilsstaða

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar, hefur verið í viðræðum við stjórnvöld um að Garðabær eignist land Vífilsstaða og að þessi sögufrægi og fallegi staður njóti verndar. Gunnar segir að bæjarstjórn Garðabæjar hafi í gegnum tíðina horft á Vífilsstaði sem ákveðna fyrirmynd í uppbyggingu bæjarinnar. Hann vill að Vífilsstaðir fái að halda reisin sinni um ókomna tíð.

Gunnar er fæddur og uppalinn í Hafnarfirði. „Ég man eftir því að það var alltaf talað um Vífilsstaði af ákveðinni virðingu á mínu heimili. Maður heyrði stundum talað um Vífilsstaði, að þessi og hinn hefðu verið á hælina og að sumir hefðu ekki átt afturkvæmt. Ég minnst þess úr æsku að við fórum nokkrir strákarnir frá Öldugötunni yfir hæðina og upp að Vífilsstöðum til að sjá þetta stóra, virðulega hús í nálægð. Í okkar huga var þetta stórt og spennandi hús og okkur langaði að sjá nánar hvað þetta var. Við sáum að þarna var mikið um að vera og margt fólk á ferli.“

Gunnar hóf störf sem íþróttafulltrúi Garðabæjar 1980, hann varð síðar forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs bæjarinnar og loks bæjarstjóri. Hann hefur því fylgst vel með Vífilsstöðum í starfi sínu í þrjá áratugi. „Vífilsstaðir hafa mikla og góða nærveru fyrir Garðabæinga. Þetta er bæði fallegur og sögufrægur staður og það er ekki hægt að komast hjá því að fylgjast með hvað þar er að gerast. Það er einstakt að eiga svona sögulega náttúruperlu fyrir innan bæjarmörkin.“

Bygging Vífilsstaða einstök

„Saga Vífilsstaða er á allan hátt mjög merkileg og bygging hælisins er einstök. Spítalahúsið var eitt það stærsta og flottasta á Íslandi á sínum tíma og fyrsti arkitekt Íslands, Rögnvaldur Ólafsson, teiknaði það. Fyrsti landslagsarkitektinn, Jón H. Björnsson, hannaði garðinn, og einn þekktasti arkitekt Íslands fyrr og síðar, Guðjón Samúelsson, teiknaði yfirlæknisbústaðinn. Hin magnþrungna saga sem baráttan við berklana var á heilsuhælinu á



Gunnar Einarsson.

Garðabæjar hafi unnið ótulllega að því að friðlýsa eins mikið og hægt sé á landi Vífilsstaða. „Það tengist umhverfisstefnu Garðabæjar. Það er mikilvægt að varðveita þennan sögufræga stað sem best fyrir komandi kynslóðir og framtíð. Ég vil sjá Vífilsstaði fá að halda reisin sinni um ókomna tíð. Ég vonast til að hægt verði að varðveita staðinn eins vel og mögulegt er.“

Vífilsstaðir haldi reisin sinni

Vífilsstöðum er auðvitað einstök og sama má segja um samfélagið sem þar myndaðist og stóð þétt saman í gleði og sorg. Samfélagið þar var að miklu leyti sjálfbært, þar var t.d. stærsta bú á Íslandi í fjölda ára og þar var einnig brotið land undir tún- og skógrækt. Þá var mikið og blómlegt lista- og menningarlíf á Vífilsstöðum. Þar fór t.d. fyrsta beina útvarpsútsendingin fram á sínum tíma,“ segir Gunnar.

Vífilsstaðir ákveðin fyrirmynd

„Bæjarstjórn Garðabæjar hefur í gegnum tíðina horft á Vífilsstaði sem ákveðna fyrirmynd í uppbyggingu bæjarinnar. „Fyrsta skipulagið sem miðaði að því að í Garðahreppi risi þéttbýli var samþykkt árið 1955 og náði til svæðisins í kringum Silfurtún. Síðan hafa menn ávallt verið í einhverjum frampróunarverkefnum í Garðabæ og horft þá á Vífilsstaði sem ákveðna fyrirmynd þar sem allt virðist hafa verið hægt með viljann að vopni.“

Gunnar segir að bæjarstjórn

Í viðræðum við stjórnvöld um kaup á landinu

Framtíð Vífilsstaða er óljós á þessari stundu en Gunnar vill reyna að eyða þeirri óvissu sem fyrst. „Ég sé fyrir mér að á Vífilsstöðum verði hægt að reka annað hvort einhvers konar heilsustarfsemi eða upplýsinga- og ferðamannamiðstöð um söguna og náttúruperlurnar sem þarna eru.

Garðabær keypti um 800 hektara úr landi Vífilsstaða árið 1997. Sjálfir Vífilsstaðir, þar sem byggingarnar standa, eru hins vegar í eigu íslenska ríkisins. „Við höfum verið í viðræðum við ríkið um kaup á Vífilsstöðum eða varðveislu þeirra en þær viðræður stöðvuðust við hrun íslenska fjármálakerfisins haustið 2008. Þeim hefur ekki verið haldið áfram síðan en við erum meira en tilbúnir að fara aftur af stað með þær. Ríkið er vonandi jafn áhugasamt og við um verndun svæðisins. Það þarf bara að koma þessum viðræðum aftur í gang og klára þetta mál með sóma,“ segir Gunnar.

Vífilsstaðir 100 ára

Skemmtun og fræðsla fyrir alla fjölskylduna



Verið velkomin á hátíð í tilefni af eitt hundrað ára afmæli Vífilsstaða. Hátíðin fer fram að Vífilsstöðum laugardaginn 4. september 2010 frá kl. 13:00 til kl. 16:00.

Dagskrá laugardagsins 4. september

Kl. 13:00-16:00	Sögusýning í húsnæði spítalans	Kl. 13:00-16:00	Fjölskyldudagskrá
Kl. 13:00-16:00	Málþing – Saga berklaveikinnar á heimsvísu		Ganga með leiðsögn Ingvars Viktorssonar kennara
Kl. 13:00-13:10	Inngangur		Sigling á Vífilsstaðavatni
	Helgi Sigurðsson læknir		Leiktæki fyrir börn
Kl. 13:10-13:40	Saga berkla á Íslandi		Kynning á krikketi
	Eyþór Jónsson læknir		Grillaðar pylsur
Kl. 13:40-14:20	Berklahælið á Vífilsstöðum		
	Steinar J. Lúðvíksson blaðamaður		
Kl. 14:20-15:00	Mannlífið á Vífilsstöðum		
	Guðbjörg Petersen gullsmiður og kennari		
	og Rannveig Löve kennari		
Kl. 15:00-15:20	Arfleið báraðunnar við berkla		
	Helgi Sigurðsson læknir		
Kl. 15:20-16:00	Umræður		
	Fundarstjóri: Þórarinn Gíslason læknir		



Sögusýning á Vífilsstöðum

Í dag, laugardag milli kl. 13 og 16, verður sérstök sýning á gömlum munum, sem tengjast sögu berklahælisins á Vífilsstöðum. Á sýningunni verða gamlar myndir frá upphafsárum spítalans og margir munir frá fyrri árum starfseminnar. Teikningar af byggingum Vífilsstaða verða einnig áberandi. Þá verða birtar tölulegar upplýsingar um árangurinn í baráttunni gegn berklaveiki auk þess sem sýndur verður samanburður á nútímasjúkrastofu og þeirri gerð sem var í notkun á fyrri hluta síðustu aldar.



SIGUR VINNST HÉR

H/N markabæmskipti / SIA

STÓRHUGUR Í 100 ÁR

hefur skilað tugum þúsunda íslenskra fjölskyldna betra lífi

Við eigum því hugdjarfa fólki mikið að þakka sem fyrir 100 árum hóf stórsókn til útrýmingar berklum. Vífilstaðahælið olli straumhvörfum í þeirri baráttu.

Enn fleiri vinna og enn fleiri njóta

Happdrætti SÍBS heldur sókninni áfram fyrir betra lífi Íslendinga, þörfin kallar á stöðuga vakt í málefnum sjúkra og slasaðra. Með samstöðu og vinarhug byggjum við upp endurhæfingu að Reykjalundi.

40 um milljónir
í hverjum
mánuði 2010

HAPPDRÆTTI




... fyrir lífið sjálft



32.531 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð óbreytt 1.000 kr.

Starfsmaður á Vífilstaðatúninu að heyskap.



Stórbúið að Vífilstöðum

Í dagblaðinu **Vísi** 20. október 1931 segir frá búskapnum á Vífilstöðum. Í umfjöllun blaðsins kemur fram að við upphaf starfsemi Vífilstaðaspítala 1910 sé talið að ræktað land hafi gefið af sér um 60 hesta heyfengs. Búskapur á jörðinni hófst 1916 og var starfræktur til ársins 1974. Blaðið segir frá því að fljótlega eftir að búskapurinn byrjaði hafi hafist umtalsverð ræktun á landi undir forystu Þorleifs Guðmundssonar bústjóra og síðar Björns Konráðssonar, sem tók við búsförum 1925. Í **Vísi** er vitnað til greinar eftir Gunnar Árnason í „Búnaði sunnanlands“, sem segir að fljótlega hafi verið búið að rækta 52 ha. af mýrum og melum, „og geta menn gert sér glegsta hugmynd um land það, sem ræktað hefir verið, með því að skoða holtin og mýrarar utan túns, sem eru ekki verri til ræktunar en land það, sem þegar er komið í fulla rækt. Aðallega hefir áhuganum í nýræktinni verið beint að túnrækt,

en nú s.l. ár hefir einnig verið tekið til óspiltra mála með garðræktina, bæði utan húss og innan.“

Jarðræktin tók stórstíggum framförum 1921 þegar þúfnabanninn kom til landsins „enda var þá hin alkunna vetrarmýri tekin til ræktunar, og er nú orðin að grasgefnu þurru túni. Mýri þessi er talin hin óalitlegasta, sem tekin hefir verið til ræktunar enn sem komið er hér á landi. Alt ræktaða landið er nú um

156 dagsláttur og gefur af sér fulla 2000 hesta af töðu í meðalári,“ eins og segir í **Vísi**. Á tünnum Vífilstaða eru nú m.a. golfvellir Garðabæjar og Kópavogs.

Stórt kúabú

Í blaðinu kemur fram að bústofninn hafi aukist jafnhliða ræktuninni og hafi um 70 nautgripir verið á búinu 1931, þar af um 60 mjólkandi kúr, sem að meðaltali gáfu af sér um 3334 lítra

og besta kýrin hátt í 5000 lítra. Árleg mjólkurframleiðsla var um 190 þúsund lítrar og heyfengur kominn yfir 2200 hesta. Auk túnræktar gáfu kartöflugarðar af sér um 80 tonn og rófur vel á annað hundrad tonn. Auk þessa var mikil kálrækt á Vífilstöðum.

Búskapur til fyrirmyndar

Síðan segir **Vísir**: „Það er ánægjulegt að koma að Vífilstöðum um sláttinn í góðu veðri. Úti og inni ber alt vott um góða bústjórn, þrifnað og hirðusemi. Fjósið er raflýst og útbúið með sjálfbrynnurum af mjög hagkvæmri gerð. Mjaltavélar hafa verið notaðar um nokkurt skeið og sparast mikill vinnukostnaður við notkun þeirra. Áföst við fjósið eru:

hesthús, svínahús og hæsnahús. Vagna, áhaldahús og smiðja eru í nánd við fjósbygginguna. Það, sem þó vekur einna mesta eftirtekt, er komið er að sumarlagi að Vífilstöðum, er það, hve vélanotkun er á háu stigi á búinu. Sláttur fer eingöngu fram með vélum og heyinu er snúið með vélum og tekið saman með vélum. Sérstaka eftirtekt vakti í sumar ný tegund snúningsvélar sem væntanlega verður ritað ítarlega um í **Frey** eða **Búnaðinum**. [...] Orf, hrífur og reipi sjást ekki á Vífilstöðum. Væri betur, að ræktun tæki þeim framförum hvervetna á landinu, að slíkir gripir sæist að eins á forngripasöfnum. Með því fyrirkomulagi, sem haft er á Vífilstöðum getur nú einn dugandi bústjóri annast heyskapinn með aðstoð 6-7 unglunga. Það verk, sem unnið hefir verið á Vífilstöðum, er afar mikils virði fyrir íslenskan landbúnað, og gefur hinar bestu vonir um framtíð íslensks landbúnaðar. Þar hefir verið sannað, hvað hægt er að gera úr lélegri mýri, en um land alt liggja ónotuð mýrarflæmi, sem eru langtum betur til ræktunar fallin,

Hlaðan, fjósið og mjólkurhúsið.



Elias Hansen, sonur Maríu Hansen, virkhjúkrunarkonu, á dráttarvél Vífilstaðabúsins.

mýrarflæmi sem eru miljóna virði. Á Vífilstöðum má nú sjá hvernig framtíðarbúskapur verður alment stundaður á Íslandi. Á Vífilstöðum hefir verið leitt í ljós fyrir bænum Íslands ápreifanlegar en annarsstaðar, að töfraorðin, sem framtíð búnaðarins eru fyrst og fremst undir komin eru þessi: Þekking. Ræktun. Vélanotkun. Þeir menn, sem unnið hafa að því, að koma búskapnum á Vífilstöðum í það horf, sem hann er nú, eiga miklar þakkir skilið,“ segir í **Vísi** 20. október 1931.

Leguskálinn þá og nú

Leguskálinn var mikið notaður í meðferð berklasjúklinga á Vífilstöðum. Þar lágu sjúklingar í tvær klukkustundir á dag og nutu ferska loftsins. Að kvöldi 16. febrúar 1981 gekk gifurlegt óveður yfir landið, sem olli miklu tjóni. Þá fuk þakið af leguskálanum. Sem dæmi um veðurofsann má nefna að í Reykjavík og nágrenni mældist vindhraði 70 hnútar og yfir 100 hnútar í verstu hryðjunum. Rúður fuku úr strætisvögnum og þakplötur þeyttust af fjölda húsa. Við Engihjalla í Kópavogi fuk fjöldi bíla langar leiðir. Landsbyggðin fór heldur ekki varhluta af óveðrinu. Víða fuku hús og sumarbústaðir. Í Dalasýslu fuk t.d. kirkja af grunni sínum og hafnaði á félagsheimili og í Hvalfirði lenti bíll í Botnsá þegar brúargólfið hafði fokið út í veður og vind.



Hlöðubruninn 1934

Leitað til forsætisráðherra þegar borgarstjórinn fannst ekki

Laust eftir hádegi 7. september 1934 kom upp eldur í hlöðunni á Vífilstöðum. Þegar yfir lauk var mestallt hey ónýtt ásamt burðarstöðum í hlöðunni. Starfsmenn á búinu höfðu verið að vinna að því um morguninn að grafa geilar í heyið vegna hita enda var óttast að eldur gæti brotist út. Það gerðist svo um kl. 12.15 og var óðar hringt í slökkviliðin í Reykjavík og Hafnarfirði.

Slökkviliðið í Reykjavík taldi sér ekki heimilt að fara úr bænum nema með leyfi borgarstjóra. Nýja dagblaðið segir frá því 8. september að reynt hafi verið að hafa upp á borgarstjóranum,

„en hann fyrirfannst hvergi. Var því tekið til ráðs að hringja til forsætisráðherra. Hann fékk lögregluna til að leita að borgarstjóranum og heppnaðist henni að finna hann von bráðar. Gaf borgarstjóri slökkviliðinu leyfi til að fara.“

Þegar byrjað var að dæla vatni úr læknum sunnan við hélið hafði eldurinn læst sig um alla hlöðuna og yfir á fjósloftið, sem var fullt af heyi. En með harðfyllgi tókst að verja fjósið og aðrar byggingar. Slökkvistarfið stóð alla nóttina. Eins og sjá má á myndinni hefur eldurinn og slökkvistarfið verið mörgum sjúklingum tilbreyting frá hversdagsleikanum.

Hamingjuóskir á 100 ára afmæli Vífilstaða



www.oryggi.is

Aukin þjónusta við aldraða



Öryggishnappur – armband eða hálsmen

Þegar þrýst er á öryggishnappinn heyrir viðvörunartónn á staðnum og boð berast strax til vaktmiðstöðvar Öryggismiðstöðvarinnar. Um leið og viðvörun birtist á skjá vaktmiðstöðvar opnast talsamband milli viðskiptavinar og öryggisvarðar.

Hljóðneminn á tækinu er mjög næmur til að talsamband náist sem víðast á heimilinu.



Hreyfiskynjari með ferlivöktun

Hreyfiskynjarinn sendir boð til vaktmiðstöðvar greini hann ekki hreyfingu í íbúð í tiltekinn tíma.



Reyfskynjari

Boðið er upp á þráðlausan reyfskynjara beintengdan vaktmiðstöð Öryggismiðstöðvarinnar. Kannanir sýna að brunavörnum er verulega ábótavant hjá stórum hópi eldri borgara.



Mottur þrjár tegundir

Svefn: Mottan er sett undir dýnu og greinir mjög nákvæmlega andardrátt, hjartslátt og hreyfingar þess sem sefur.

Gólf: Mottan er sett á gólf og þannig er t.d. hægt að greina ef aðili, sem ekki ferðast um án aðstoðar, hefur í hyggju að fara fram úr.

Flog: Sérhönnuð motta sem greinir byrjunareinkenni flogakasta. Mottan er sett undir dýnu og sendir boð án tafar þegar flogakast greinist.



Rápvörn

Öryggishnappur sendir frá sér útvarpsbylgjur til móttakara sem staðsettir eru við útganga. Rápvörn hentar t.d. hluta Alzheimer sjúklunga.



Aðrir skynjarar

Einnig er hægt að fá hita-, vatns- og gasskynjara sem eru beintengdir við vaktmiðstöð.

**Heimaöryggi
eldri borgara**



Úthringingar

Við bjóðum upp á þá þjónustu að hringja reglulega í hnapphafa, t.d. einu sinni á sólarhring.



Hjúkrunarfræðingar á vakt allan sólarhringinn

Í vaktmiðstöð Öryggismiðstöðvarinnar eru hjúkrunarfræðingar alltaf á vakt, allan sólarhringinn, alla daga ársins.

Hringdu í **570 2400** og fáðu öryggi í áskrift





Myndin er tekin á fyrsta starfsári Vífilstaðahælis árið 1910. Í forgrunni hafa fóttaferir sjúklingar komið sér fyrir og að baki þeim standa Sigurður Magnússon, fyrsti yfirlæknir hælisins ásamt hjúkrunarkonum.

Frumkvæði Oddfellowa réð miklu um upphaf berklahælisins

Framhald af forsiðugrein

Þar var um einskona landsfélag eða landsamtök að ræða og var talið líklegt að slíkt fyrirkomulag myndi henta vel hérlendis. Meðal þess sem aflað var upplýsinga um í undirbúningnum var kostnaður við byggingu og rekstur slíkrar stofnunar og hvernig fjármögnun var háttáð.

Fundur í Bárubúð

Í nóvemberbyrjun 1906 var undirbúningur Oddfellowa svo langt kominn að tími var til kominn að boða til almenns fundar og stofna Heilsuhælisfélag. Ákveðið var að fundurinn yrði í samkomuhúsinu Bárubúð í Reykjavík 13. nóvember. Var hópi manna sent boðsbref á fundinn sem einnig var auglýstur opin og öllum þeim sem vildu taka þátt í stofnun félagsins. Á tilsettum tíma voru um þrjú hundruð manns mættir á samkomuna – miklu fleiri en vænst hafði verið, raunar svo margir að það var naumast að húsið rúmaði allan mannfjöldann.

Samkomuna setti Sighvatur Bjarnason, bankastjóri og þáverandi forystumaður íslensku Oddfellowreglunnar, en hann gaf síðan Guðmundi Björnssyni orðið sem hóf mál sitt með eftirminnilegum orðum: „Baráttan fyrir lífinu er baráttan við dauðann.“ Guðmundur fjallaði síðan um berklaveikina sem svo skelfilega plágu á Íslandi að ekki væri lengur við unað að ekki yrði spyrnt við fótum og reynslu annarra þjóða af baráttunni við hana. „Nú vitum vér og að berkaveikin er ekki ólækandi, vitum, að mjög oft, enda alloftast, má vænta fulls bata, ef rétt er farið með sjúklingana þegar í upphafi veikinnar, vitum og að það er ekki óvinnandi þraut að hefta för veikinnar mann frá manni. Allt þetta er sannað af reynslu annarra þjóða,“ sagði Guðmundur í grein sem birtist í Ársriti Heilsuhælisfélagsins 1909.

Hugmynd móttast um Heilsuhælisfélagið

Guðmundur gerði síðan grein fyrir hugmynd Oddfellowa að stofnað yrði félag á landsvísi þar sem félagsgjöld yrðu 2 krónur á ári og að auki yrði safnað samskotum og unnið að annarri fjáröflun. Fyrsta skrefið í henni væri þegar tekið þar sem félagar í reglunni hefðu gefið 1.500 krónur sem einskona skírnargjöf. Kvaðst Guðmundur vonast til þess að sem flest heimili á landinu, sem þá voru um tíu þúsund, myndu leggja félaginu til árgjald og landssjóður kæmi einnig til styrktar annað hvort með fjárframlagi eða legði fram lánsfé. Sagði hann félagið hafa miklu hlutverki að gegna því auk heilsuhælisins „...hefir félagskapurinn þann mikla kost í för með sér að halda lífi í áhuga manna á alls konar þrifnaðarumbótum.“

Undirbúningsnefnd

Á fundinum var einróma samþykkt að stofna félagið og kosin tólf manna skipulagsnefnd til þess að vinna frekar að málinu. Í henni voru sex Oddfellowar og sex úr hópi fundargesta. Oddfellowarnir voru Ásgeir Sigurðsson kaupmaður, Björn Jónsson ritstjóri, Guðmundur Björnsson landlæknir, Hjörtur Hjartarson trésmiður, Klemens Jónsson landritari og Sighvatur Bjarnason bankastjóri og aðrir voru þeir Eiríkur Briem prestaskólakennari, Guðmundur Guðmundsson fátækrafulltrúi, Guðmundur Magnússon læknir, Matthías Þórðarson skipstjóri, M. Lund lyfsali og Ólafur Ólafsson fríkirjkjuprestur. Skipulagsnefndin kaus sér síðan Klemens Jónsson sem formann, Björn Jónsson ritara og Sighvat Bjarnason féhirði. Hélt þessi stjórn óbreytt næstu árin að öðru leyti

en því að Björn Jónsson sagði sig úr stjórninni er hann var ráðherra og tók Guðmundur Björnsson við ritararastarfinu.

Fjáröflun hefst

Skipulagsnefndin tók til starfa og lét hún það verða sitt fyrsta verk að stofna félagsdeildir til að safna fé til byggingar berklahælisins. Á skömmum tíma var búið að stofna deildir í langflestum hreppum landsins og fjársófnun hafin. Síndu viðtökurnar svo ekki var um villst hversu sterkan hljómgrunn baráttan við berklana hafði í landinu. Þótt undirtektir væru góðar og fjáröflun mikil þótti sýnt að til þess að koma heilsuhælinu upp og hægt væri að reka það þyrfti landsjóður að koma að málinu. Þegar fyrirheit um slíkt voru fengin töldu forráðamenn félagsins ekki lengur eftir neinu að biða og undirbúningur framkvæmda hófst. Fyrsti þátturinn í þeim var að finna hælina stað og eftir að hafa kannað marga kosti urðu Vífilstaðir fyrir valinu.

Hælið tekur til starfa

Þegar séð var fyrir verklok við uppbyggingu Vífilstaðahælisins var auglýst gjaldskrá sjúklinga og skilyrði fyrir veru þar. Mörgum þótti gjaldskráin alltof há og fyrirsjáanlegt að alþýða manna hefði ekki efni á því að fara á hælið. Engu að síður auglýsti stjórn hælisins vistunarpláss laus til umsóknar 11. júní 1910 og varð strax ljóst að mun færri kæmust að en vildu og varð stjórnin að velja og hafna sem engan veginn var auðvelt verk. Á næstu dögum og vikum fylltist hælið en þar var upphaflega komið fyrir 82 sjúklingum og hélst talan næstum óbreytt fyrsta áratuginn sem hælið var starfrækt.

Þegar bygging heilsuhælisins var

afráðin var gerð kostnaðaráætlun. Ljóst var frá upphafi að söfnunarfé, þótt mikið væri, myndi engan veginn nægja til verksins. Taka þyrfti lán með ábyrgð eða aðild landssjóðs. Landsjóður samþykkti að lána 75 þúsund krónur vegna framkvæmdanna og ábyrgjast 150 þúsund króna bankalán hjá danska bankanum Bikuben í Kaupmannahöfn.

Erfiður rekstur

Þegar rekstur var hafinn á Vífilstöðum kom fljótt í ljós að daggjöld sjúklinga myndu aldrei geta staðið undir rekstrinum. Urðu bæði Heilsuhælisfélagið og landsjóður að leggja fram fjármuni til þess að reksturinn gæti gengið. Auk þess framlags sem landsjóður hafði skuldbundið sig til að greiða voru árlega flutt frumvörp um aukastyrk til hælisins og var tillaga þess efnis jafnan afgreidd samhjóða á Alþingi sem sýnir að þar naut hælið bæði velvildar og trausts.

Heimsstyrjöldin fyrri

Heimsstyrjöldin sem hófst árið 1914 og stóð til 1918 hafði í för með sér gífurlegar efnahagslegar þrengingar á Íslandi. Siglingar til landsins fóru meira og minna úr skorðum og mikill skortur varð á öllum innfluttum vörum. Verðbólga magnaðist ár frá ári og fátækt sem Íslendingar höfðu verið að vinna sig út úr skaut aftur upp kollinum svo um munaði. Birtingarmynd efnahagsörðugleikanna á Íslandi var margvisleg. Landsjóður varð vitanlega fyrir miklum skelli þar sem skatttekjur drógust verulega saman og allur almenningur hafði úr miklu minna að spila en áður. Það var því ekki nema eðlilegt að framlög til Heilsuhælisfélagsins drægjust saman

enda fór svo að á styrjaldarárunum lognuðust margar félagsdeildir þess út af og aðrar gátu ekki safnað nema broti af því sem var þegar best lét.

Ríkið yfirtekur Vífilstaði

Þegar á árinu 1914 var staða Vífilstaðahælisins orðin tvísýn þótt reynt væri að bregðast við með ýmsum hætti. Til dæmis var gripið til þess ráðs að taka upp mó í landi jarðarinnar og víðar til að halda kyndingu á hælina viðunandi, en áður hafði verið notast við innflutt kol. Þá var Vífilstaðabúíð stækkað og aukið við bústofninn í því augnamiði að gera hælið meira sjálfbjarga um nauðsynleg aðföng. Þrátt fyrir þessa viðleitni þyrfti Heilsuhælisfélagið að leggja hælina til mikla fjármuni og var verulega farið að ganga á sjóði þess og möguleika á meira lánsfé.

Á alþingi árið 1915 voru málefni heilsuhælisins á Vífilstöðum tekin til umfjöllunar og þar samþykkt án mikilla umræðna að landsjóður yfirtæki rekstur þess frá og með 1. janúar 1916. Var slíkt talið óhjákvæmilegt. Yfirtók landsjóður bæði eignir og skuldir Heilsuhælisfélagsins vegna Vífilstaða. Voru þá um sjötíu sjúklingar á hælina og starfsmenn tuttugu og fimm.

Með yfirtökunni var allri óvissu um framtíð hælisins eytt og að frekar yrðu möguleikar á landvinningum heldur en hitt. Þessa sáust raunar merki þegar á fyrsta rekstrarárinu 1916 en þá var ráðist í töluverða framkvæmd á Vífilstöðum sem tæplega hefði orðið af við óbreytt rekstrarform. Byggt var fjós og hlaða í nágrenni hælisins og hugað að frekari búskap en mjólkurskortur hafði verið viðvarandi allt frá því að hælið tók fyrst til starfa.

Hamingjuóskir á 100 ára afmæli Vífilstaða

EFF
frá leigu til eigu!



LYFJA
- Lífið heil

40
ÁRA
GA
SMÍÐAJÁRN

CREDITINFO
- forskot í krafti þekkingar

Þjónusta á heilbrigðissviði - 30 ára reynsla



ISS er leiðandi fyrirtæki á íslenskum fasteignarumsjónarmarkaði. Fyrirtækið býður viðskiptavinum upp á heildarlausnir á sviði ræstinga, mótuneytisumsjónar, fasteignauskýslu og ýmiskonar stoðþjónustu eins og símvörslu- og móttökuumsjónar.

Hjá ISS starfa nú yfir 700 vel þjálfaðir starfsmenn sem þjóna fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum um allt land.

Á þeim 30 árum sem saga fyrirtækisins spannst hefur safnast upp mikil sérfræðilekking á þörfum heilbrigðisstofnana.


ISS þjónustar nú fjölda slíkra um allt land s.s. spítala, hjúkrunar- og öldrunarstofnanir, einkarekin læknaús og heilsugæslustöðvar, bæði með almennar og sérhæfðar lausnir.

Þjónusta ISS fyrir heilbrigðisstofnanir spannar m.a:

- Almennar ræstingar
- Sérhæfðar ræstingar t.a.m. fyrir rannsóknarstofur og skurðstofur
- Sótthreinsun og smitgát
- Býtibúrsumsjón
- Sérverkefni s.s. hreingerningar, bónleysingar, bónun og gluggapvott
- Umsjón þvottahúss

Veitingasvið ISS sér um mótuneyti fjölda fyrirtækja og stofnana þar sem samtals um 1000 fjölbreyttar og hollar máltíðir eru framreiddar daglega.

Með samþættingu mismunandi þjónustubátta býður Fasteignausmjón ISS upp á hagræðingu og bætt þjónustustig. Ávinningur viðskiptavina er möguleiki á beinum sparnaði og auknum sveigjanleika, aðgangur að sérþekkingu og sérhæfðum lausnum.



Ræstingarsvið ISS hefur hlotið norrænu umhverfissvottunina Svaninn. Svanurinn tryggir fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum gæðabjónustu sem er vistvænni í framkvæmd.



Fagmennska í áratugi



Eiríkur Smith á vinnustofu sinni.



berklum á Kristisnesi. Ég var sendur á Vífilstaðahælið og mér er minnstætt að ég fór þangað í leigubíl og var í kjölfarið lagður inn," segir hann og fær sér sopa af ilmandi kaffi sem hann hefur sjálfur borið fram. Við sitjum í stofunni í fallegu húsi hans efst í Setbergslandinu í Hafnarfirði.

Mikil lífsreynsla

„Dvölin á Vífilstöðum var mikil lífsreynsla fyrir ungan mann. Hælið var allt yfirfullt af veiku fólki. Við vorum átta saman í herbergi. Það var mikið fjölmenni í ekki stærra plássi en samveran gekk samt ótrúlega vel miðað við aðstæður. Því má ekki gleyma að nálægðin við dauðann var alltaf til staðar á hælunum. Ungt fólk var deyjandi allt í kringum mig og það var skelfilegt," segir hann alvarlegur á svip og hallar sér aftur í sófanum.

„Þrátt fyrir mjög erfiða tíma reyndu sjúklingarnir að gera allt sem þeir gátu til að lifa sem eðlegustu lífi innan hælisisins og tókst það yfirleitt vel. Þarna var m.a. stunduð handavinna og fleira í þeim dúr. Ég var sjálfur að dunda mér við að mála enda var ég mjög áhugasamur um þá listgrein, allt síðan ég var ungur drengur. Ég

stofu var kaffifélag þar sem lagt var í púkk. Sjúklingar sem höfðu fótavist skiptust á að laga kaffi og átti hver sinn kaffidag.“

Eiríkur segist sjálfur hafa sloppið mjög vel miðað við flesta sem voru vistaðir á berklahælinu. „Ég fékk fúkkalyf og síðar berklalyf sem hrifu vel á barkeriuna. Ég var í níu mánuði á hælunum og var þeirri stund fegnastur þegar ég var útskrifaður sem eðlilegt var. Þá var ég aftur orðinn heill heilsu og frjálss ferða minna," segir hann.

Til Kaupmanna- hafnar og Parísar

Eiríkur fór í Handiðaskólann og hélt sína fyrstu sýningu í Sjálfstæðishúsinu í Hafnarfirði árið 1948. „Þangað kom fjöldi fólks, m.a. nokkrir sem verið höfðu með mér á Vífilstöðum og auk þess fólk frá Reykjavík. Sýningin gekk furðu vel og ég seldi talsvert af verkum. Í kjölfarið fór ég í nám til Kaupmannahafnar og Parísar árið 1951. Og svo flakkaði ég einnig um Spán. Það var afskaplega skemmtilegur tími. Þetta var mikill umbrotatími í íslenskri myndlist. Geómetríska abstraktlistin, svokölluð strangflatarlist, var að ná föttestu sem heillaði mig og ég var undir sterkum áhrifum frá París.“ Eiríkur hélt einkasýningu á slíkum verkum í Listamannaskálanum 1952 þar sem til sýnis voru alls 53 verk, 14 olíumyndir og 39 vatnslitamyndir. Haustið 1953 hélt hann sýningu á sama stað ásamt fleiri listamönnum sem bar yfirskriftina Haustsýning. Þessar tvær sýningar vöktu mikla athygli og lögðu á margan hátt grunninn að frægt Eiríks og frama.

„Um þetta leyti hóf ég einnig nám í prentmyndasmíði og vann lengi sem prentmyndasmíður samfara myndlistinni. Það að koma sér á framfæri sem myndlistarmaður var oft enginn dans á rósum á þessum tíma, lítið um peninga og styrki, en

ef menn höfðu einhverja döngun í sér gátu þeir að minnsta kosti komið verkum sínum á framfæri án þess að bera af því mikið fjárhagslegt tjón. Þetta er og verður ein helsta forsenda myndlistarlegs þroska, að geta sýnt verk sín með reglulegu millibili, geta haft af þeim einhverjar tekjur og fengið viðbrögð gagnrýnenda, kollega og almennings við þeim.“

Ávallt með Vífilstaði í augnsýn

Eiríkur segir að myndlist sín hafi tekið miklum breytingum bæði í takt við tíðarandann en einnig af því að hann hafi sjálfur viljað hverfa frá ákveðinni myndlist og kanna nýjar slóðir.

„Ég tel mig þó fyrst og fremst listmálara sem byggir á viðteknum og sigildum máleriskum gildum. Það er ekkert leyndarmál að íslenska náttúra er að finna í öllu því sem ég mála, sama hversu frjállega ég fer með form og liti. Það má kalla myndir mínar samantektir eftir náttúrunni. Þar blanda ég saman því sem ég sé og ýmsu úr hugskotinu, gömlum minningum úr landslagi og tilfinningum þeim tengdum. En ég hef líka gaman af því að mála hreint og beint landslag sem ég þekki vel. Ég hef alla tíð haft óskaplega gaman af því að mála en þegar maður eldist þá verður úthaldið ekki það sama þótt þörfin sé alltaf til staðar. Ég fékk heilablóðfall fyrir tveimur árum og eftir það hef ég ekkert málað. Ég næ því bara einfaldlega ekki lengur. Kannski kemur það aftur, kannski ekki," segir hann og lýkur úr kaffibollanum.

Útsýnið úr húsinu er stórbrotið í allar áttir og það sést m.a. vel yfir til Vífilstaða. „Þetta er sköndin tilviljun, finnst þér ekki? Vífilstaðir fylgja mér áfram, þeir eru í augnsýn minni alla daga," segir hann og brosir.

Teiknaði skrípamyndir

Eiríkur Smith á að baki langan og farsælan feril sem listmálari.

Hann hefur haldið mikinn fjölda sýninga hér heima og erlendis þar sem olíumálverk, vatnslitamyndir og teikningar hans hafa verið sýndar. Eiríkur lá í níu mánuði á Vífilstöðum á árunum 1946 og 1947, þá 21 árs gamall, með berklabólgu en hlaut sem betur fer bata. Eiríkur, sem nú er 85 ára, fékk heilablóðfall fyrir tveimur árum og segir að eftir það sé heilsan

og minnið ekki eins gott og áður. Hann féllst fúslega á að spjalla um veruna á Vífilstöðum og ferilinn sem listmálari.

„Ég var á síld sem ungur maður. Þetta var strax að loknu stríðinu og allir hugsuðu um vinnu og peninga. Ég var á síldarbát frá Hafnarfirði þótt aðallega væru Norðlendingar um borð. Ég smitaðist af berklabólgu um borð í bátinum, líklega af einum bátsfélaga minna sem lést síðar úr

málaði talsvert á Vífilstöðum og auk þess teiknaði ég skrípamyndir af læknum og hjúkrunarfólki þegar það fór stofuganginn á morgnana. Þetta mæltist nokkuð vel fyrir og þessar myndir voru yfirleitt hengdar upp á jarðhæðinni," segir Eiríkur.

Hann rifjar einnig upp sérstök kaffifélög sem voru starfrækt meðal sjúklinganna. „Sjúklingarnir höfðu leyfi til að laga sér kaffi og á hverri

Draumar á jörðu

Aldamótaárið síðastliðið kom út skáldsagan Draumar á jörðu eftir Einar Mál Guðmundsson. Hún gerist að miklu leyti á Vífilstöðum enda segir sagan frá Sæunni, sem liggur fyrir dauðanum á berklahælinu. Fyrirmynd hennar er Guðbjörg Guðmundsdóttir, föðursystir



Einar Mál Guðmundsson.

skáldsins, sem dó aðeins tuttugu og fjögurra ára gömul. Sagan er önnur bókin í trilogíu um fjölskyldu höfundar, áður komu út Fótspor á himnum, 1997, og í kjölfar Drauma á jörðu komu út Nafnlausir vegir árið 2002.

Í Draumum á jörðu segir Einar Mál frá föðursystkinum sínum, sem voru tíu. Í sögunni beinir hann kastljósinu einkum að yngra fólkinu í systkinahópnum. „Fjölskylda mín er afar stór og í raun er hún einn stór sagnaheimur. Ég er af kynslóð útvinnandi feðra og heimavinnandi mæðra, frá þeim tíma þegar ekkert var sjónvarpið. Þá hafði fólk meiri tíma til að tala saman. Ég ólst upp við að heyra margar sögur og ýmsar hugmyndir kviknuðu. Þessi alþýðlegi sagnaheimur hefur nýst mér í gegnum árin," segir Einar Mál.

Kreppa og berklar

Draumar á jörðu gerast á fyrri hluta tuttugustu aldar þegar kreppan herjaði á landsmenn ásamt hvíta

dauða, eins og berklaveikin var kölluð. Á Vífilstöðum lá Guðbjörg, föðursystir skáldsins afar veik. Í sögunni gefur Einar Mál henni nafnið Sæunn. Önnur sögupersóna er Helga, kona Ragnars Spánarfara. Fyrirmynd hennar er Þórunn Magnúsdóttir, bæjarfulltrúi sósíalista og formaður Samtaka herskálábúa, en hún bjó lengi í Kamp Knox. Guðbjörg og Þórunn voru mjög nánar vinkonur. Sögu Þórunnar eða Helgu eru gerð skil í Nafnlausum vegum. Í sögunni er einnig Haukur pressari í mynd Péturs pressara á berklahælinu. Einar Mál leggur áherslu á að þótt persónurnar eigi sér fyrirmyndir séu þær mikið skáldaðar.

Berklar í bókmenntum

„Guðbjörg dó fyrir mína daga þannig að ég kynntist henni aldrei í eigin persónu. Hún og pabbi voru hins vegar mjög nán og hann gat sagt mér margt, sem nýttist við persónusköpun Sæunnar. Ég á líka bréf frá henni. Skáldsagan fjallar öðrum þræði um sögu berklanna, sem var má segja



Guðbjörg Guðmundsdóttir, föðursystir Einar Mál, í bakgarði Vífilstaða. Hún lést á spítalanum 24 ára gömul. Myndin er í eigu Guðmundar, föður Einar Mál, en þau voru mjög nán.

heimsfaraldur alveg fram á miðja 20. öld. Þegar maður skoðar skáldsögu frá þessum tíma, t.d. bækur eftir Tómas Mann, Nexö, Gorki, Þórberg, Laxness eða hvern annan, þá koma

berklarnir nær alltaf við sögu, að minnsta kosti eru þeir einhvers staðar í bakgrunni sagnanna. Svo eru til höfundar einsog norskri höfundurinn Dag Skogheim, sem hafa sérhæft sig í efninu. Ég kynnti mér sögu berklanna, las mér til um Vífilstaði, talaði við fjölda fólks, gekk raunar til þessa verks eins og sagnfræðingur. Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur og rithöfundur, lánaði mér mikið magn heimilda um heilbrigðismál, fátækt og fleira, sem nýttust mér við samningu þessarar bókar og fleiri bóka," segir Einar Mál.

Berklarnir eru enn hluti af reynsluheimi núlifandi Íslendinga. Elsta kynslóðin man vel þær sorgir sem sjúkdómurinn hafði í för með sér hjá fjölskyldum um allt land. Flestallir misstu einhverja ættingja þótt misnánir væru. Sumir misstu börnin sín, foreldri eða systkini. Allir sem nú eru á miðjum aldri muna síðan eftir berklaplástrinum og þessu léttu banki á bringuna í skólafunni þegar lækurinn og hjúkrunarkonan komu í sína árlegu heimsókn.

Hamingjuóskir á 100 ára afmæli Vífilstaða

**ELDVARNAR
ÞJÓNUSTAN**




HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.**
Óðingsgötu 4 • 101 Reykjavík • Sími 570 4500 • Fax 570 4505
www.fastemark.is • fastemark@fastemark.is
Jón Guðmundsson löggr, fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson löggr, fasteignasali





Lárus Helgason.



Helgi undir árum á Vífilstaðavatni.



Hjónin Guðrún Lárusdóttir og Helgi Ingvarsson.

Mikill velgjörðar- maður sjúklinga

Lárus Helgason, fyrrverandi yfirlæknir á geðdeild Landspítalans og lektor við Háskóla Íslands, er alinn upp á Vífilstöðum. Hann er sonur Helga Ingvarssonar, fyrrverandi yfirlæknis á Vífilstöðum og Guðrúnar Lárusdóttur. Starfa Helga á Vífilstöðum verður lengi minnst og er hann ógleymanlegur öllum þeim sem honum kynntust. Lárus rifjar upp starfsferil föður síns, hin miklu og góðu samskipti sem hann átti við sjúklingana og eina reidkastid sem hann veit til að faðir hans hafi tekið um ævina.

„Faðir minn smitaðist af berklum þegar hann var við framhaldsnám í læknisfræði í Danmörku. Hann var lagður inn á berklahæli í Danmörku. Hann náði aftur heilsu og þegar hann kom aftur heim til Íslands tók hann við stöðu aðstoðarlæknis á Vífilstöðum haustið 1922. Hann starfaði alla tíð eftir það á hælínu. Hann varð yfirlæknir þar í ársbyrjun 1939 og gengdi því starfi til árslooka 1967, í alls 29 ár. Hann fór í margar námsferðir til útlanda til að kynna sér berklalækningar sem hann gerði að sérgrein sinni,“ segir Lárus þegar við fáum okkur kaffi og vinarbrauð á heimili hans við Miðleiti.

Lifði alltaf með sjúklingunum

„Ég upplifi föður minn ekki aðeins sem berklalækni heldur líka sem eins konar geðlækni. Hann lifði alltaf með sjúklingunum. Hann sat oft löngum stundum eftir að lögbundnum vinnutíma hans lauk og spjallaði við sjúklingana um þeirra líf og helstu hugðarefni. Bekkurinn var gjarnan fullsetinn af fólki sem beið eftir því að spjalla við hann. Ég fann að þetta reyndi oft mikið á hann því hann hafði meiri vitneskju en aðrir hverjir sjúklingana voru líklegri til að lifa af og hverjir ekki. Þessa vitneskju var óþægilegt að bera og hafði mikil áhrif á hann. Fyrir tíma berklalyfjanna dó stór hluti sjúklingana,“ útskýrir Lárus.

„Hann var mikill velgjörðarmaður sjúklinganna. Einangrunin hafði slæm áhrif á samskipti sjúklinga við aðstandendur sína. Faðir minn reyndi eftir fremsta megni að bæta þau. Hann vann einnig ótulllega í því að fá vinnu fyrir þá sjúklinga

sem gátu unnið eftir að þeir útskrifuðust af Vífilstöðum. Lækningaaðferðir þessa tíma, blásning og höggning skerti verulega vinnugetu sjúklinganna. Ég man að faðir minn var afskaplega ánægður þegar Reykjalundur var stofnaður árið 1945 sem vinnustaður fyrir berklasjúklinga,“ segir Lárus og bætir við að hann hafi haft mikil og góð samskipti við aðstandendur sjúklingana.

„Þegar andlát bar að garði leyfði faðir minn þeim oft að gista uppi í risinu. Stöku sinnum var það yfirfullt og þá bjuggu þeir heima hjá okkur í yfirlæknisbústaðnum. Hann lagði sig mikið fram að leysa öll vandamál sem komu upp og tókst það vel,“ bætir Lárus við.

Allt gert til að létta lundina

„Faðir minn átti mikið hrós fyrir sitt starf og hefur alla tíð verið vel lofaður. Hann var mikill ljúflundarmaður. Ég man ekki eftir því að hann hafi nokkurn tímann reiðst utan einu sinni. Það var þegar þrír ágætir menn heimsóttu hann á Vífilstaði. Ég man að þetta var í fyrsta og eina skiptið sem faðir minn talaði hátt og höstuglega. Ég þóttist meira að segja heyra að hann hafði slegið fast í borðið. Þegar mennirnir fóru, og ég hafði á tilfinningunni að þeim hefði verið kastað út, var hurðum skellt. Mennirnir þrír voru komnir til fundar við föður minn til að fá hann inn á að berklasjúklingar gengu í sérstökum einkennisfatnaði til að fólk gæti varast þá ef þeir færu í bæjarferð. Seinna meir þegar við tókum göngutúr í kringum Vífilstaðavatn sagðist hann hafa skammast sín fyrir að

hafa hagað sér svona en orðið þess áskynja að það þurfti til til að farið var ofan af þessari áetlun sem honum mislíkaði svo mjög. Hann skammaði aldrei nokkurn mann og ef honum mislíkaði eitthvað talaði hann við fólk á rólegum nótum og dugði það

Brautryðjandi í lyfjameðferð á Íslandi

Helgi var brautryðjandi í lyfjameðferð berkla á Íslandi. Þegar berklalyf komu á markað á árunum 1947-1952 var eftirspurnin mun meiri en framboðið en Helga tókst ótrúlega fljótt að fá þau til landsins og taka þau í notkun. „Lyfjagjöfin var mikil bylting og upphafið að því að sjúklingarnir, sem lögðust inn með berkla, áttu góða von um að ná bata. Þessa byltingu upplifði ég m.a. því á þessum tíma er ég að ljúka læknisfræðinni. Við læknarnemarnir fengum bestu launin fyrir að fara út í héruð og vinna þar yfir sumartímann. Erfitt var hins vegar að fá lækna á Vífilstaði yfir sumartímann. Ég gleymi því aldrei þegar faðir minn bað mig að starfa sem aðstoðarlæknir að sumarlagi á Vífilstöðum, líklega var þetta 1956 að mig minnir, svo læknarnir kæmst í sumarfrí. Ég var mjög stoltur og glaður að hann skyldi bjóða mér starfið og þáði það að sjálfsögðu með þökkum,“ segir Lárus og brosir. Hann bætir við í lokin: „Faðir minn var í eðli sínu bóndi. Garðrækt var honum kær og hann ræktaði m.a. kartöflur. Hann hafði mjög gaman af náttúrunni og var einn mesti blómabekkjari sem fyrirfannst. Hann hafði einnig gaman af gönguferðum og að veiða silung í Vífilstaðavatni.“

til. Hann kenndi mér það að ávítur væru það neikvæðasta gagnvart manneskju og það lagaði ekki vandamálið heldur gerði illt verra. Mitt mottó í geðlækningum var að reyna að fara eftir þessu og beita ekki ávítum.“

Lárus rifjar upp að Helgi faðir hans hafi lagt á það þunga áherslu að létta lund sjúklinganna. „Hann studdi skemmtinefnd sjúklinganna í því að fá sem flesta skemmtikrafta til að koma og skemmta á Vífilstöðum. Í hans huga var eitt af meðferðarúrræðunum að sjúklingunum liði vel og húmorinn væri til staðar. Þá reyndi hann af fremsta megni að fá sjúklingana til að hætta að reykja og einnig að drekka áfengi. Það gekk nokkuð vel og sjúklingar tóku yfirleitt tilmælum hans vel.“



F.v. Snorri Páll Snorrason, aðstoðarlæknir og nemi, Anna E. Ólafsdóttir Johnsen, yfirhjúkrunarkona frá 1936 til 1947, Helgi Ingvarsson yfirlæknir og Oddur Ólafsson, aðstoðarlæknir og síðar fyrsti yfirlæknir á Reykjalundi.

Uppbyggileg næring!

Nutren Build-up
NUTRITION SHAKE

- Fortified with Vitamins and Minerals
- Source of Fibre

Helping you live life to the full

USED BY HEALTHCARE PROFESSIONALS

4 sachets

Vanilla FLAVOUR

Chocolate

Strawberry



Emil Emilsson á golfvælinum.

Á myndinni fyrir neðan er Emil fimm ára á berklahælinu.



Lék sér í gömlum símaklefa

„Undir það síðasta mátti ég loks fara á lappir og þótt það tæki mig tíma að ná jafnvæginu á ný fannst mér alveg yndilegt að skoða umhverfið og þessa fallegu náttúru sem er allt í kringum spítalann. Vífilstaðavatnið er t.d. alger perla. Ég man að mér þótti mjög skemmtilegt að fara út í gömlu símstöðina og leika mér þar. Ég dundaði tímum saman í gömlum símaklefa sem þar var. Með því að ýta á takka í klefanum fór ég í ferðalag í huganum. Þetta var tímavélin mín,“ segir Emil brosandí og segist muna ótrúlega vel eftir símaklefanum góða.

Til fullrar heilsu

Emil náði fullri heilsu og fékk að fara heim til Grundarfjarðar um ári eftir að hann var lagður inn. „Ég var lánsamur að ná fullri heilsu. Líklegasta skýringin á berklunum er að ég hafi smitast af áhafnarmedlimi um borð í einhverju af þeim erlendu skipum sem komu iðulega til Grundarfjarðar. Ég og fleiri guttar vorum

oft að þvælast um borð í skipunum og væntanlega hef ég smitast þar um borð. Ég veit ekki um aðra sem smituðust þarna.“

Stýrir golfklúbbi en spilar lítið

Emil er eins og áður segir framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Odds en þótt hann sé á golfvælinum frá morgni til kvölds segist hann sjálfur hafa lítinn tíma til að spila vegna anna í starfi.

„Ég vildi alveg geta spilað meira sjálfur því þetta er svo frábær íþrótt fyrir fólk á öllum aldri. En vinnudagarnir eru langir og maður þarf að vera í húsinu og sinna ýmsum verkefnum enda er þetta fjölmennur klúbbur með vel á annað þúsund félagsmenn. Þetta er mjög skemmtilegt starf og ég umgengst mikið af hressu og góðu fólk á öllum aldri. Svo er líka skemmtileg tilviljun að golfvöllurinn er örstutt frá Vífilstöðum.“

Kapella í augsýn

Emil tengist Vífilstöðum með ýmsum hætti. „Einn besti vinur minn var Grétar Sigurðsson, sonarsonur Helga Ingvarssonar, fyrrum yfirlæknis á Vífilstöðum. Grétar féll frá á síðasta ári, langt um aldur fram. Grétar átti sér þá ósk heitasta í veikindum sínum að reist yrði kapella á hæðinni, þar sem varðan Gunnhildur er, hér vestan við Vífilstaðavatn. Ég er í undirbúningsnefnd vegna byggingar kapellunnar og við erum einmitt að fara yfir teikningar um þessar mundir. Þessi áætlun er því í góðum farvegi og ég vona að við getum komið henni upp sem fyrst,“ segir Emil brosandí.

Var vart hugað líf

Emil Emilsson, framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Odds, var sjúklingur á Vífilstöðum 1964 og 1965 þegar hann var ungur drengur. Emil veiktist af berklum en náði sem betur fer fullum bata eftir ársdvöl á hælínu. Emil rifjar upp dvölinu á Vífilstöðum og hvernig hann tengist staðnum.

„Ég var 5 ára þegar ég greindist með berkla. Ég veiktist mjög alvarlega og var vart hugað líf. Ég átti heima vestur á Grundarfirði á þessum tíma og það var Birni Pálssyni flugmanni líklega að þakka að ég lifði af. Hann lenti flugvél sinni í fjörinni við Kirkjufell í vondu veðri og flaug með mig suður. Þar var ég lagður í skyndi inn á Landspítalann og var þar á gjörgæslu og í einangrun í tvær vikur þar til ég var fluttur á Vífilstaði,“ segir Emil.

Erfitt fyrir ungan dreng

Emil var á Vífilstöðum í eitt ár. Það var löng og erfið sjúkrahúsvist fyrir ungan dreng, fjarri foreldrum sínum og heimahögum. „Ég var eina barnið á spítalanum á þessum tíma. Þarna voru sjúklingar með ýmsa sjúkdóma og misveikir. Einu börnin sem ég hitti voru börn lækna og hjúkrunarfólks sem voru stundum í heimsókn á vinnustað foreldra sinna. Læknar og hjúkrunarkonur bjuggu í flestum

tilvikum á Vífilstöðum, þ.e. í húsunum við aðalbygginguna.“

Í eitt ár í rúminu

Emil heldur áfram: „Ég var meðhöndlaður með lyfjum en lyfjagjöf gegn berklum hafði þá sem betur fer verið tekin í gagn. Ég þurfti að taka fullt af lyfjum, heilt mjólkurglas af þeim á hverjum degi. Ég var einnig sprautaður tvisvar á dag. Álagið á rasskinnarnar var orðið svo mikið að hjúkrunarkonurnar skiptu þeim upp í reiti með pennastrikum. Svo tóku þær einn reit eina vikuna og annan þá næstu. Þetta var auðvitað óþægilegt fyrstu dagana og vikurnar en svo komst þetta upp í vana og ég var hættur að vakna á morgnana þegar hjúkurnar sprautuðu mig,“ segir hann og glottir.

Emil var rúmliggjandi í orðsins fyllstu merkingu í nánast heilt ár. „Ég mátti ekki fara úr rúminu og helst átti ég að hreyfa mig sem allra minnst. Það var annað en núna þegar sjúklingar

eru látnir fara fram úr eins oft og mögulegt er. Þetta orsakaði að þegar ég útskrifaðist hafði ég misst nánast allan mátt úr fótunum, allt jafnvægisskyn og þurfti nánast að læra að ganga upp á nýtt. Þetta voru viðurkenndar aðferðir á þessum tíma en eins og ég segi þá yrði þetta aldrei framkvæmt með þessum hætti í dag.“

Gjafir frá Grundfirðingum

Þótt Emil hafi verið aðeins 5 ára man hann ýmislegt frá dvöl sinni á Vífilstöðum. „Mér er minnstætt að um jólin og á afmælinu mínu fékk ég margar gjafir frá að ég held öllum fjölskyldum á Grundarfirði. Hluttekningin var svo mikil að allir í þorpinu fylgdust með mér. Mér þótti auðvitað mjög skemmtilegt að fá allar þessar gjafir og það létti mjög lund mína enda ekki mikið um að vera á spítalanum og ég auk þess rúmliggjandi.“

Hann fékk reglulegar heimsóknir frá foreldrum sínum og fleiri skyldmönnum, frænkum og frændum. „Starfsfólkið var líka mjög gott við mig. Ég man sérstaklega eftir yfirhjúkrunarkonunni á Vífilstöðum, henni Helgu Benediktsdóttur, sem var mér eins og góð amma. Ég man líka eftir því að Skúli Jensson, sem þýddi fjölmargar bækur og sá um símstöðina á Vífilstöðum, kíkta oft til mín og las fyrir mig sögur. Mér þótti það mjög gaman.“

Frábær andi á Vífilstöðum



Ásvaldur og Erna á heimili sínu í Kópavogi.

Ásvaldur Andrésen bifreiðasmiður í Kópavogi var á Vífilstöðum á árunum 1953 til 1955

vegna ígerða í baki af völdum berkla. „Ég var spengdur á sex neðstu hryggjarliðunum og lá í gísi í sex mánuði á Vífilstöðum í lyfjameðferð, meðan verið var að eyða berklunum. Síðan fór ég í aðgerð á Landspítalanum og síðan aftur á Vífilstaði í rúmlega þriggja mánaða legu og endurhæfingu í tvö ár. Ef það hefði ekki verið svona frábær andi og félagsskapur á Vífilstöðum meðan ég var fastur í gísinu þetta hálf ári fyrir aðgerð þá veit ég ekki hvernig ég hefði haft þetta af. Það er auðvitað ekki eins og tíminn fljúgi við slíkar aðstæður, liggjandi á bakinu í gísinu og geta sig



Herbergisfélagarnir, f.v. Benóný G. Danielsson, Lilli, frá Akranesi, Oddur Ólafsson og Ásvaldur á krocketvælinum sumarið 1954 þegar Ásvaldur var í endurhæfingu á Vífilstöðum.

hvergi hreyft,“ segir Ásvaldur.

Ásvaldur segir að starfsfólkið hafi gætt þess að líta með reglulegu millibili til þeirra sem rúmfastir voru

til að athuga með liðanina, spjalla við sjúklingana og annast um þá. Hann segir að það hafi skipt mjög miklu máli og að allt hafi verið gert til að tryggja að fólk liði sem best á staðnum. Einnig segist Ásvaldur hafa verið mjög heppinn með herbergisfélag og oft var glatt á hjalla hjá þeim félögum. Hann eigi því mjög hlýjar minningar um Vífilstaði.

Meðan á dvölinni stóð kynntist Ásvaldur verðandi eiginkonu sinni, Ernu Maríu Jóhannsdóttur. Þau stofnuðu heimili í Kópavogi, þar sem Erna er borin og barnfædd. Ásvaldur er bifreiðasmiður að mennt og starfaði við iðn sína hjá Agli Vilhjálmssyni og einnig sem tjónaskoðunarmaður hin síðari ár.

Skógræktarstarf berklasjúklinga

Austan við Vífilstaðavatn gefur að líta fagran trjálund sem berklasjúklingar á hælina eiga heiðurinn af.

Hann heitir Bakki. Upphaf hans má rekja til skógræktaráhuga hins unga velstjóra, Harðar Ólafssonar, sem ungur kom til dvalar á Vífilstöðum, sjúkurland af berklum. Erla Bil Bjarnadóttir, garðyrkjustjóri Garðabæjar, segir frá því í heimildaritgerð um Vífilstaði (2008) að Hörður hafi vorið 1940 með leyfi lækna Hælisins gengið austur fyrir vatn í þeim erindum að girða af hálfan hektara. Þar helgaði Hörður sér land og hóf trjárækt ásamt heitkonu sinni Guðrúnu Ingimundardóttur, Dúnu eins og hún var kölluð, dvaldi einnig á hælina.

„Hann var ágætlega heilsuhraustur ef frá er talin berklaveikin, þá þrítugur að aldri. Á þessum árum var Vífilstaðahælið yfirfullt af sjúklingum. Flestir sjúklingar voru ungt og hraust fólk í blóma lífsins. Það var ómurlagt hlutskipti ungu fólki að vera einangrað frá umheiminum, langt utan borgarlífsins, og hafa lítið við að vera.“

Hafist handa

Velstjórinn ungi var jafnframt góður smiður, bæði á járn og tré, og hafði aðstöðu á hælina til að sinna hugðarefnum sínum á veturna.

„En þegar daginn tók að lengja og vorilmur fyllti loft vaknaði trjáræktaráhuginn,“ segir Erla.

Vegna þess að hið fyrirhugaða trjáræktarsvæði var handan vatnsins og engin



Hjólborudeildin. F.v. Bjarni Bæringsson, Sigurjón Margeirsson og Gyða Salamonsdóttir. Það þótti góð tilfinning að komast í hjólborudeildina og hafa öðlast kraft til að aka hjólborum og lyfta skóflu.

slóð að skógarreitnum, notaðist Hörður við hjólborur við efnisflutninga. Hann byrjaði á því að girða af svæðið til að koma í veg fyrir ágang búfenaðar. Fleira vistfólk bættist fljótlega í hópinn og til varð rösk sveit karla og kvenna sem kölluðu sig Hjólborudeildina. Einnig flutti Hörður og hjólborudeildin húsdýraáburð á sleðum á ís yfir vatnið á veturnar, sem var mun léttari vinna.

Flutningarnir munu einnig hafa farið fram á seglbátum



Bakki í dag.

Vífilstaðaheimilisins, Vífli og Gunnhildi, sem vistmenn höfðu til afnota. Einnig smíðaði Hörður eigin báta, bæði eins manns kajak og síðan stærri kanó sem gat tekið fjóra til sex farþega. Hann notaði Hörður bæði til flutninga og veiða á vatninu.

Bústaður rís

Nokkrum árum seinna stækkaði Hörður skógræktarsvæðið um helming. Þar dvaldi hann jafnan á sumrin, fyrsta árið í tjaldi. Fljótlega smíðaði Hörður timburgólf í tjaldið og útbjó eldunaraðstöðu. Vistir fékk hann á hælina. Vorið 1952 reisti Hörður síðan lítinn bústað, sem hann nefndi Bakka. Hann smíðaði Hörður í nokkrum einingum og flutti yfir vatnið. Bústaðurinn reis á einni helgi með hjálp vina sinna í Hjólborudeildinni. Eftir að Hörður útskrifaðist af hælina hefur bústaðurinn verið sumardvalarstaður fjölskyldunnar.

Sleitulaust skógræktarstarf

Hörður ræktaði sjálfur flestar plöntur sem þarna voru gróðursettar, en reiturinn byggðist í upphafi fyrst og fremst af nokkrum birkihrislum. Með hjálp Skógræktarfélags Reykjavíkur og Skógræktar ríkisins aflaði

hann líka fræja frá öðrum stöðum á landinu og útlöndum. Skógræktarstarf stóð sleitulaust til ársins 1977 er Hörður lést, eða í tæp fjórutíu ár. Þar er nú myndarlegur skógarreitur, þar sem hæstu trén eru um níu metrar. Reiturinn er í umsjá afkomenda Harðar og er opin þeim sem ganga hringinn umhverfis Vífilstaðavatn.



Skrúðgarðurinn á Vífilstöðum

Eftir því sem heyskaparþörf minnkaði á tünnum

Vífilstaða vegna minni búrekstrar hófst nýtt tímabil trjáræktar á staðnum. Frumkvæði í þeim efnum tók Georg Lúðvíksson, sem var forstjóri Ríkisspítalanna á árunum 1954 til 1959, og naut hann góðs liðsinnis Helga Ingvarssonar yfirlæknis og Björns Konráðssonar bústjóra. Afrakstur af því starfi er hinn stórglæsilegi trjálundur sem blasið við sunnan við hælið. Lundurinn er m.a. merkur fyrir þær sakir að hann var sérstaklega skipulagður í upphafi. Það gerði Jón H. Björnsson, sem er fyrsti Íslendingurinn sem menntaði sig sem landslagsarkitekt. Hann teiknaði einnig Hallargarðinn við Fríkirkjuveg 11 í Reykjavík og Austurvöll á Ísafirði. Þessir garðar teljast heildstæðustu og upprunalegustu nútímaskrúðgarðarnir hér á landi. Trjálundinum á Vífilstöðum var plantað í sumarvinnu barna starfsfólks staðarins og vinnuferra sjúklinga.

Ungmennafélagslundurinn

Elsta trjáræktartilraunin sem vitað er um á Vífilstöðum, er trjäreiturinn norðan staðarins við Vífilstaðaveg. Um hann eru til heimildir, s.s. auglýsing til Ungmennafélaga um gróðursetningarferð að Vífilstöðum árið 1911. Í skýrslu UMFÍ 1912 kemur fram að Ungmennafélag Reykjavíkur hafi tekið þátt í skógræktardegi það ár. Í lundinum er nokkuð fjölbreytt úrval trjáteygunda, sem vert er að skrá. Trjágróðurinn á Vífilstöðum fór illa í aprílhrétinu 1963 og var marga áratugi að jafna sig.

Þjónusta allan sólarhringinn



Þjónusta fyrir fólk sem þarfnast aðstoðar vegna fötlunar, veikinda, slysa, öldrunar og fyrir aðstandendur sem sinna umönnun.

Ráðgjöf og sálfræðiþjónusta á sama stað

www.vinun.is

Sími: 517-7168 & 820-5768

 **Vinun**
Ráðgjafar- & þjónustumiðstöð

Guðbjörg og hesturinn Róðull. Guðbjörg segist koma ríðandi að Vífilsstöðum á hverju vori og finnst sumarið ekki komið fyrir en hún er búin að fara þann reiðtúr.



„Mér leið oft eins og á stóru óðalsetri, eins og maður sá í bíómyndunum. Þetta var leikvöllurinn minn.“

barnið á berklaðinu sjálfu. Meðan hún var í smithættu mátti hún ekki leika við krakkana sem áttu heima þar, því að sjúklingarnir máttu ekki hafa samneyti við neinn utan hælís fyrir en þeir voru orðnir smitfrír. „Ég lét það ekki aftra mér heldur lék mér á netaverkstæðinu á háalofinu og rabbaði við sjúklinga og starfsfólk um lífið og tilveruna. Eins voru margar sögur innbyrtar og ýmis handbrögð lærð á þessum árum. Ég eignaðist marga vini á öllum aldri sem dekrudu mig á allan enda margir sem ekki fengu að sjá sín eigin börn mánuðum saman nema út um glugga. Ég sat ég til borðs með læknum og hjúkrunarkonum í matsalnum til að ég fengi einhvern tíma með mömmu yfir daginn en hún var mikið að vinna og ég sá lítið af henni nema um helgar þegar hún átti fri. Ég fékk því mikla ástúð og hlýju frá svo mörgum og mér finnst ég hafa búið að því alla ævi.“

Dauðanum var tekið með æðruleysi
Guðbjörg rifjar upp að allnokkrir sjúklingar voru enn dauðvona á þessum árum, sumir sem höggvir höfðu verið á Kristnesi og komu aftur á Vífilsstaði en engin lyf eða lækning kom að gagni. Margir höfðu líka misst nákomna ættingja eða vini úr berklum. „Þrátt fyrir sorgina ríkti alltaf gleði og hlýja í samskiptum við þá. Ég upplifði því sorgina öðruvísi út af þessum sérstöku aðstæðum. Dauðinn var

öllu sem væri í kringum okkur, hvort heldur það væri minnsta skordýr, jurtt eða manneskja. Ég hef alltaf reynt að lifa eftir þessari visku hans elsku Helga.“

Leið eins og á stóru óðalsetri

Guðbjörg segist hafa litið á Vífilsstaði sem yndislegan stað. „Mér leið oft eins og á stóru óðalsetri, eins og maður sá í bíómyndunum. Þetta var leikvöllurinn minn. Það var yndislegt að alast upp á Vífilsstöðum og raunar alger forréttindi. Þetta var stórt og fjölmennt samfélag þar sem væntumþykja, hlýja og samhyggð var aðalsmerkið. Ég lék mér í ýmsum leikjum með börnum og fullorðnum sjúklingum, þ.e. þeim sem höfðu útivistarleyfi, læknum og hjúkrunarfólki og öllum þeim sem bjuggu á staðnum. Stéttarskipting var ekki hugtak sem ég vissi að til væri fyrir en ég var flutt frá Vífilsstöðum. Við vorum m.a. í fótbolta og krocket yfir sumartímamann, og renndum okkur á skautum og skíðum yfir vetrinn, vitjuðum neta í vatnið með Helga yfirlækni eða einhverjum öðrum fullorðnum eða renndum fyrir silungi í læknum. Ég spilaði líka bridds með sjúklingunum þótt ég væri bara barn að aldri. Ég man vel eftir bíóöngunum og skemmtikvöldum á hælínu. Þá var alltaf mjög gaman og mikil stemmning. Ég hugsa líka oft til jólananna á Vífilsstöðum og sakna þeirra stundum. Þau voru alveg einstök.“

Forréttindi að fá að alast upp á Vífilsstöðum

Guðbjörg B. Petersen gullsmiður ólst upp sem barn og unglingur á Vífilsstöðum. Hún kom þangað 7 ára gömul sem sjúklingur en eftir níu mánaða dvöl var hún útskrifuð af berklaðinu. Hún flutti þó ekki langt, aðeins nokkra metra á milli húsa á Vífilsstöðum, þar sem móðir hennar starfaði sem hjúkrunarkona og bjó á staðnum. Guðbjörg rifjar upp æskuárin sem hún segir hafa verið yndisleg.

„Mér er sagt að ég hafi legið í um tvo mánuði mjög veik eftir að ég kom á Vífilsstaði 7 ára gömul, með mikinn hita og nánast í móki allan tímann. Ég man raunar ekkert eftir því en fyrsta minning mín frá þessum tíma er þegar ég vaknaði einn morguninn og yfir mér stóð Helgi Ingvarsson yfirlæknir og spurði með blíðlegum rómi: „Jæja, góða mín, hvernig hefurðu það í dag.“ Þá var hitinn í rénun fljótlega var ég á góðum batavegi,“ segir Guðbjörg.

Móðir hennar, Helga Þ. Benediktsdóttir hjúkrunarkona, var einnig lögð inn á Vífilsstaði en hún náði sér mjög fljótlega af sjúkdómnum. „Henni var boðið hjúkrunarkonustarf á Vífilsstöðum áður en hún útskrifaðist sem hún þáði og fluttist inn í starfsmannabústað“. Það var mjög notalegt að hafa mömmu á staðnum. Það voru fá börn á berklaðinu á þessum tíma en ég kynntist þarna Guðrúnu Ólafsdóttur sem var sama aldri og ég. Við lékum okkur mikið saman. Bræður hennar tveir og

móðir voru einnig sjúklingar á hælínu en voru útskrifuð á undan Guðrúnu. Þetta var mjög skemmtilegur tími og við Guðrúnu vorum mjög samrýmdar. Við skemmtum okkur vel saman og fífluðumst mikið. Dægurlagið „Það er allt á floti allstaðar“ var mjög vinsælt um þessar mundir og við héldum ófáa tónleika við undirleik og söng Skafta Ólafssonar í boði gömlu Gufunnar. Oftar en ekki vorum við áminntar af hjúkrunarkonunum að hafa ekki svona hátt,“ segir hún og brosir.

Fékk mikla ástúð og hlýju

Þegar Guðrúnu, sem er hjúkrunarfræðingur í Bandaríkjunum, útskrifaðist varð Guðbjörg eina



Hjúkrunarkonurnar María Hansen og Helga Benediktsdóttir, móðir Guðbjargar Petersen, við röntgentæki á Vífilsstöðum.

Líf og fjör í Pilsakoti

Guðbjörg var sjúklingur í níu mánuði en þegar hún var útskrifuð fluttist hún til móður sinnar sem bjó þá í hjúkrunarkvinnabústaðnum, sem gekk undir nafninu Pilsakoti.

„Ég bjó tæp þrettán ári meira og minna á Vífilsstöðum. Það var gott að búa í Pilsakoti og við mæðgurnar höfðum gott herbergi út af fyrir okkur. Það bjuggu nokkrar hjúkrunarkonur í húsinu. Þeim fannst oft mikið fyrir mér fara og ég man að það var oft sussað á mig,“ segir Guðbjörg brosandí og viðurkennir að hún hafi verið býsna uppátækjasöm sem barn og unglingur.

„Mér þykir afskaplega vænt um Vífilsstaði. Staðurinn táknar gleði og hamingju og því hef farið þangað í bíltúra á hverju ári. Á vorin ríð ég hestum mínum eða annarra ofan úr Víðidal eða úr

einhvern veginn sjálfsagður hlutur og var alltaf tekið með æðruleysi. Helgi Ingvarsson kenndi okkur æðruleysi, að vera ekki að hafa áhyggjur af því sem væri liðið heldur gleðjast öllu því sem við hefðum og ættum og bærum virðingu fyrir

Kópavoginum og mér finnst raunar sumarið ekki komið fyrir en ég er búin að fara þennan reiðtúr,“ segir Guðbjörg.

Hamingjuóskir á 100 ára afmæli Vífilsstaða



Í ágúst 2009 sprakk vatnsrör í bústað í Biskupstungum



JONSSON & LEHMANN - J.H. - SÍA

Ég fékk kort frá ykkur hjá TM þar sem þið óskið eftir umsögn varðandi tjón sem ég varð fyrir í sumarbústað í Biskupstungum.

Öll fyrirreiðsla hjá TM var til mikils sóma í alla staði. Mest um vert var að finna strax velviljam til aðstoðar og að allar bætur voru greiddar strax og vel.

TM

Helga
Reykjavík

Á þessu ári birtum við hjá TM frásagnir sem berast til okkar frá viðskiptavinum okkar. Þær hjálpa okkur að gera þjónustu TM enn betri.



Ef þú ert tryggður þá færðu það bætt


TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tm.is / www.tm.is



Garðabær kaus minni kostnað og meiri hraða

(það segir sig sjálft)

Við gagnrýnum* bæjarfélög og gerum gögn aðgengileg þar sem þeirra er þörf þegar þeirra er þörf.



* Orðið „gagnrýni“ kann að virðast notað í torkennilegu samhengi hér en neikvæð hljóman þess er misskilningur. Í raun er merkingin sú að rýna í fyrirbæri svo það megi verða að til bóta (að gagni). „Gagnagagnrýni“ er hins vegar okkar sérgrein

Íslenskur nautatemjari

Í Sunnudagsblaði Þjóðviljans 26. september 1965 gat að líta viðtal Jóns Bjarnasonar við eina nautatemjara Íslands svo vitað sé, Austurbæinginn Gísli Sigurðsson. Hann fæddist í Brandshúsi við Bergstaðastíg og sótti sem krakki vatn í Móakotslind á horni Lindargötu og Vatnsstígs, þar sem höfuðstöðvar Kveldúlfs risu síðar. Kona Gísla var Ingibjörg Guðmundsdóttir frá Brekku í Garði. Þau fluttu í Garðinn, þar sem þau bjuggu í 16 ár, eignuðust 14 börn, tvö elstu börnin og hið yngsta dóu. Þegar Ingibjörg lést fóru fjögur barnanna í fóstur en sjö voru áfram hjá Gísla, tengdamóður hans og ráðskonu sem fljótlega var fengin til aðstoðar á heimilinu. Viðtalið var tekið í Eilífðinni á Vífilstöðum, þar sem Gísli bjó að veikindum loknum, en þá var hann ráðinn til starfa á hælínu.

Í Garði átti Gísli sjö hross sem hann notaði vegna vinnu sinnar, sjö kýr og tuddann Geysi. „Ég hafði hann fyrst með hesti og batt tauminn á tudda við aktygin og rak svo á eftir ef þurfti. Eftir nokkurn tíma gat ég teymt hann



Gísli Matthías Sigurðsson á Geysi. Myndin er í eigu dóttur hans, Ingibjargar Önnu Gísladóttur, sem býr í Sandgerði.

við hlið á hesti. Svo datt mér í hug hvernig hann brigðist við ef ég færi á bak honum. Hann var eins og bezt hestur, ég hefði getað riðið honum út í sjóinn. Hann var alveg sérstök skepna. Einu sinni sendi ég mann eftir tudda upp á tún og tók sá í horn honum, en tudda þótti við hann fyrir og hrinti honum svo hann féll. Ég hljóp af stað, dauðhræddur um manninn og kallaði til tudda og labbaði hann þá út í horn á girðingunni. Honum var illa við skegg á mönnum. Einu sinni kom mjög skeggjaður bóndi með beljur, en tuddi leit ekki við beljunni fyrr en hann hafði rekið skeggmanninn í burtu! Hann

var felldur 3ja og hálfis árs. Ég gat ekki horft á hann skotin og felldi tár þegar ég heyrði skotið.“

Berklar skjóta upp kollinum

Gísli heldur áfram: „Svo einn vorlangan dag verður einn drengurinn minn, 8 ára, veikur, og það er sóttur læknir. Þetta reyndist brjósthimnubólga og hann var fluttur í Hafnarfjarðarspítala - og okkur er öllum skipað að koma í gegnumlýsingu. Sr. Eiríkur á Útskálum kom til mín og sagði: ég ætla að fara inneftir með ykkur á morgun. Svo lendum við í Templarasundi og í genglýsingartækin hjá Ólafi Hjaltested. Þegar kom að mér rak hann upp óp: Þú verður að fara upp á „hæli“ strax á morgun. Krakkarnir voru ekki berklaveikir...Náttúrliga brá mér í brún við að þurfa að fara frá börnunum og búinu, en hér tjáði ekki að deila við dómarrann...Ég bað fólkið fyrir börnin og heimilið...kvaddi...og hélt af stað til Vífilstaða daginn eftir. Ekki með krónu í vasanum. Gekki upp afleggjarann einsamall með kápuna á herðunum. Stíg inn á Vífilstöðum og tilkynni komu mína. Ég þekkti Vífilstaði, hafði ekið hingað bæði kolum, sementi, mól og timbri. Meðan ég var í flutningunum flutti ég kol hingað á Hælið á haustin og allt efni í húsið hans Helga Ingvarssonar. [...] Ég varð feginn af því ég þekkti staðinn að góðu. Ég held að þeir hafi verið fegnir líka yfir að hafa handsamað þennan skelfilega ofboðslega berklaveika mann því vitanlega gat ég drepið fjölda manns með smiti, án þess að hafa hugmynd um það sjálfur. Helgi Ingvarsson skellir upp aukarúmi fyrir mig, því allsstaðar var yfirfullt, þetta var á fyrstu árum S.Í.B.S. Svo sofna ég. Var alveg hitalaus - hafði aldrei fengið hita. Vakna, drekk og et eins og aðrir menn. Er hljóður og hógvær. Vakna að morgni til að eta minn haframjölsgraut. Læknir kemur á stofugang og segir mér að „mæta“ — ég vissi nú varla hvað það var, auminginn, en það lærðist fljótt. Ég „mætti“ svo, þeir hlusta mig, skoða og horfa á mig og ég á þá, jájá, þeir gegnumlýsa mig, taka hrákaprúfu, taka sökkið. Þá kom í ljós það

sama og áður: að ég væri með smit og 40% sök og hafði þó ekki hitavott. Hvíldu þig góði, og láttu fara vel um þig, sagði Helgi Ingvarsson. Í næsta mánuði er ég skoðaður aftur. Á eftir segir Helgi: Ætli það sé ekki rétt að við reynum að blása þig. Ég vissi nú varla, og raunar ekki, hvað það var, auminginn. Svo náttúrliga var ég stunginn - mér hefur alltaf verið illa við eggjárn fyrir minn líkama! En stunginn var ég, og blásinn var ég. Við það sat í mánuð. Þá kom það upp úr kafinu að ég tók ekkert loft, eitthvað 400 gr. Þá er vitanlega næsta skrefið fyrir þá sem stjórna þessum málum að reyna aðrar leiðir. Leiðirnar voru blásning og höggning (rifjaskurður) og senda mann „norður“.

Og hvað var svo gert?

Mér fór strax að batna þegar ég kom inn fyrir dynnar á Vífilstöðum, og leið ágætlega þegar ég var orðinn óþreyttur, því ekki vantaði fæðið og aðhlyninguna.

Varstu svo höggvinn?

„Ég var eins og barn í böðlahöndum, bænin var mín eina hlíf. Fann að allir fyrirliða förumansins snauða líf. Af öllum var ég illa liðinn, alstaðar til þrengsla og meins. Eg hef aldrei væntzt að vera virtur eða metinn neins“, segir Davíð. Ég var voðalega, óskaplega langt niðri, já, guð almáttugur hjálpi þér maður! En ég andæfði, var ekki alveg á því að fara norður undir kjötöxina og láta hluta sundur á mér skrokkinn því ég fann að mér var að batna,“ segir Gísli.

Fékk sér lömb að leika við

Gísli braggaðist smám saman og náði sér í nokkur lömb til að annast á Vífilstöðum þótt það væri strangt til tekið bannað. Albata og útskrifaður árið 1950 varð Gísli fastur starfsmaður á Vífilstöðum og kynntist konu. „Hér bar mig saman við afbragðskonu, ættaða af Ströndum, af kyni hákarlaformanna, Sigrúnu Ásgeirsdóttur Guðmundssonar frá Ófeigsfirði. Hún hefur bjargað mér fyrr og síðar, enda líka af afbragðsfólki í báðar ættir.“

Þú mátt bara eiga þær

Haukur pressari átti það til að gleyma straujárninu á buxum sem hann pressaði, oft með afdrifaríkum afleiðingum. Sagan segir að Alfreð Elíasson, forstjóri Loftleiða, hafi eitt sinn fengið Hauki buxur til að pressa. Haukur kom til baka og skilaði buxunum, en stoppaði ekki við í það sinn. Þegar Haukur var

farinn sá Alfreð að gat var á botninum, sem var að auki í laginu eins og strauboltinn góði. Þegar hann hugsaði til baka rifjaðist upp fyrir honum að Haukur hafði komið í miklum flýti, rétt

honum buxurnar með þeim orðum að hann „mætti bara eiga þær,“ og horfið á braut í flýti.



Fjölbreytt úrval af rafskutlum



Bjóðum upp á margar gerðir af rafskutlum. Hafðu samband og við hjálpum þér að finna rafskutlu við hæfi.



Fastus ehf. | Síðumúla 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is

Hamingjuóskir á 100 ára afmæli Vífilstaða



Líf, fjör og rómantík á Vífilsstöðum

Á Vífilsstöðum var ætíð líf og fjör. Þar var jafnan fjölmenni sjúklinga og starfsfólks. Til Vífilstaða komu margar ungar stúlkur utan af landi til að starfa á hælínu, en einnig frá öðrum löndum, m.a. frá Færeyjum, svo dæmi sé nefnt.

María Grétarsdóttir þekkir þessa sögu af eigin raun. Amma hennar var ein af þeim ungu stúlkum sem komu frá Færeyjum og tengdamamma hennar flutti suður frá Seyðisfirði, einnig til þess að starfa á Vífilsstöðum.

Djúpar rætur

„Ég á rætur á Vífilsstöðum og þar tók ég mín fyrstu skref. Þar kynntust afi og amma og tengdamamma og tengdapabbi kynntust við Vífilstaðavatn. Því skipa Vífilstaðir sérstakan sess í lífi mínu og fjölskyldunnar,“ segir María.

Afi Maríu, Björn Konráðsson, var skipaður bústjóri á Vífilsstöðum 1925. Auk starfa sinna við búreksturinn var hann sveitarstjórnarmaður í Garðabæ og um árabíl oddviti í Garðahreppi. Amma Maríu, Signhild, var húsfriú á Vífilsstöðum og einn stofnenda Kvenfélagsins í Garðabæ. „Afi og amma áttu fjögur börn og mamma mín, Gía eins og hún var kölluð, var yngst þeirra,“ segir María.



Afi og amma Maríu, Björn Konráðsson og Signhild Konráðsson.

María með eiginmanni sínum, Jafet Agli Gunnarssyni.



Tengdforeldrarinnir, Gunnar Gunnarsson og Kolbrún Jóhanna Finnbogadóttir.



Foreldrar Maríu, Grétar Karlsson og Elisabet Björnsdóttir.

Útvarp Sjálfsvörn í Eilífðinni


Þeim fer án efa fækkandi sem vita að í rúman hálfan annan áratug var starfrækt útvarpsstöð á Vífilsstöðum. Það var enginn annar en Gísli Sigurðsson berklasjúklingur og síðar starfsmaður spítalans sem var upphafsmaður þess ásamt herbergisfélaganum, Gunnari Rasmundsen, sem þekkti til útvarpstækninnar. Árið er 1942. Þá höfðu þeir félagar um tíma verið með ferðaplötuspilara á stofunni hjá sér og var tíðum gestkvæmt hjá þeim. Í viðtali Jóns Bjarnasonar á Þjóðviljanum í september 1965, sem áður hefur verið vitnað til í þessu blaði, kemur fram að eitt sinn segir Gunnar: „Nú sendum við í Hælið!“

Tengdu þeir síðan fóninn við útvarpskerfið á staðnum og byrjuðu að leika. Fyrst hélt fólkið að hljóðin kæmu úr útvarpinu en það gat ekki verið því á þeim árum var einungis útvarpað stutta stund hvern dag. „Það spurðist fljótlega hvaðan þetta útvarp kæmi og svo fór fólkið að biðja mig að leika og ég gerði það. Þetta gekk svona í að minnsta kosti þrjú ár og ég sendi út með þessum tækjum, en gat ekki talað neitt,“ segir Gísli í viðtalinu.

Vinsæl og einstæð útvarpsstöð

Vinsældir „stöðvarinnar“ jukust jafnt og þétt þrátt fyrir talleysið og óskalgönum fjölgaði samfara

stækkandi plötusafni. „Og svo komu ný Philipstæki, og þá tók ég afskaplegan kipp! Ég keypti afbragðs Phillips tæki sem kostaði 700 kr. Þá var nú ekki vandi að lifa úr því, þá vantaði aðeins radiófón sem skipti. Þá auglýsir Hans Þórðarson nokkra radiófóna og ég af stað með hjörtun úr vinum mínum og kaupí einn fóninn - hann var aðeins fyrir eina plötu. Þá var þetta komið eins og það á að vera. En náttúrulega vantaði alltaf talið með því. Þá fékk ég einhverja hugmynd um að það væru til hlutir sem hétu magnari og hljóðnemi, og einhver kunningi minn bendir mér á að Ottó B. Arnar muni hafa til hvorttveggja. Ottó B. Arnar var þá með verzlun á Klapparstígnum. Ég þangað, og tala við Ottó, sem tók mér þryðilega. Ég spyr hann um magnara og hljóðnema. Hann segist eiga hvorutveggja, en miklar hömlur séu á að fá það, því innflutningur sé bannaður. Ég hafði sagt honum til hvers ég ætlaði að nota þetta og vildi hann greiða fyrir mér eftir fongum. Eg spyr hann hvað þetta eigi að kosta. Tvö þús. og tvö hundruð kr. magnarinn, en hljóðneminn aðeins 240,00 kr. - Er ekki gjallarhorn til líka? spyr ég. - Jú, ég á gjallarhorn, en hef ekki ætlað að selja það. - En hvað kostar það? - Sjö hundruð krónur. - Já, þakka þér kærlega fyrir. Þá var þetta allt saman orðið 3 þús. 140,00 kr., og það var þó nokkurt fé fyrir aumingja



sjúklingsræfil, niðurbrotinn. En ég borgaði þetta samt.

Og þú varst hamingjusamur að eyða fé þínu þannig?

Já, nú var ekki vandi að lifa! Ég setti í gang þegar ég kom uppeftir - og nú gat ég talað og sagði: Hér er Útvarp Vífilstaða, og útskýrði fyrir fólkinu að nú gæti ég talað. Síðan sendi ég lög frá hinum og þessum og talaði

eitthvað, einhverjar kveðjur með.“

Tilgangur lífsins að gleðja aðra

Gísli útvarpaði til 1959, eða í um sautján ár. Þá taldi safnið um sex þúsund plötur. Ekki er vitað til þess að á annarri sjúkrastofnun hérlendis hafi verið rekin útvarpsstöð, hvorki fyrir né síðar. Í lokin segir Jón Bjarnason við miðmælanda sinn: Það

Gísli Sigurðsson við græjurnar.

myndi einhverjum, á þessum síðustu peningadýrkunardögum, þykja það harla vafasöm fjárfesting að verja orku sinni og fé í það eitt að gleðja aðra.

„Já, en það finnst mér sjálfsgagt. Það er ekki nóg að gleðja sjálfan sig. Tilgangur lífsins er að gleðja aðra, ef maður hefur nokkur tók á því. Og nú, þegar ég er sjötugur og lít yfir Vífilstaði og hugsa um hugsjónamennina sem byggðu þá, þá hygg ég að það sé spurning hvort þjóðin hefði verið til, a.m.k. með þeim þrótti sem hún nú býr yfir, ef þessara manna hefði ekki notið við og Vífilstaðir verið byggðir, því berklarnir voru á þeim tíma um það bil að hafa yfirhöndina. Hingað kom fyrst fjöldi manna á öllum aldri til þess eins að deyta. En sem betur fer hefur fleirum batnað en dáíð hafa hér, og ég er einn í þeirra hópi. Hreint að segja og skrifa þá lít ég á Vífilstaði sem helgan stað og blessa alla þá menn, bæði háa og lága, sem hingað hafa komið til góðs, alla sem hér hafa orðið þjóðinni til blessunar.“

Þess má geta í lokin að Ingvar Viktorsson, fyrrum bæjarstjóri Hafnarfjarðar, sem er fæddur og uppalinn á Vífilsstöðum, segir útvarpsstöð Gísla „bónða“ eins og hann var jafnan kallaður, hafi gengið undir nafninu Útvarp Sjálfsvörn.

Hamingjuóskir á 100 ára afmæli Vífilstaða



Létu sem lungnasjúkdómar væru ekki til

– rétt við Hrafnel Helgason fyrsta íslenska lungnasérfræðinginn sem var yfirlæknir á Vífilstöðum í þrjá áratugi. Honum sviður að hinn glæsilegi yfirlæknisbústaður er að drabbast niður.

Upp úr miðri síðustu öld fór undraverðra áhrifa nýju berkalyfjanna að gæta á Íslandi sem annars staðar. Einn illvígasti sjúkdómurinn sem herjað hafði á þjóðina var allt í einu á hröðu undanhaldi. Því fór þó fjarri að berklunum yrði útrýmt sem hendi væri veifað. Lengi eimdi eftir af þessari skæðu sótt og fjöldi fólks sem hafði verið henni ofurseldur bar minjar um hana þótt það næði sémilegri heilsu.

En þessi breytta aðstaða þýddi að hlutverk Vífilstaðahælis varð sannarlega annað en áður. Um skeið má segja að það væri í hálfgerðu tómarúmi og heilbrigðisyfirvöld voru ekki ráðin í hvert ætti að verða framtíðarhlutverk stofnunarinnar. Hinn ástsæli yfirlæknir Vífilstaða, Helgi Ingvarsson, var kominn á aldur en var fenginn til þess að gegna stöðu sinni áfram þótt vilji hans stæði til þess að setjast í helgan stein eftir ærið dagsverk.

Tók af skarið

Það var ekki fyrr en árið 1967 að Helgi tók af skarið, þá orðinn rúmlega sjötugur, og lét af embætti. Þótti yfirvöldum bera vel í veiði þegar það fréttist að Hrafnel Helgason, fyrsti íslenski læknirinn, sem orðið hafði sérfræðingur í lungnasjúkdómum, kynni að vera áanlegur til þess að taka við yfirlæknisstöðunni á Vífilstöðum en Hrafnel hafði hlotið sérfræðimenntun sína í Svíþjóð og starfaði þar. Þótt ekki væri mikið talað um lungnasjúkdóma á Íslandi um þessar mundir höfðu íslensk heilbrigðisyfirvöld sjálfsagt haft af því pata að víða um lönd hafði berklaspítulum verið breytt í sjúkrahús fyrir lungnasjúka og haft það bak við eyrað að sú leið yrði einnig farin hér – ef þurfa þætti.

Margt í biðstöðu

Hrafnel tók við yfirlæknisembættinu á Vífilstöðum árið 1968. Hann er fæddur á Stórolfshvoli í Rangárvallasýslu 28. mars 1928 en þar var faðir hans, Helgi Jónasson, læknir og síðar alþingismaður. Hrafnel lauk hefðbundnu læknanámi á Íslandi en hélt síðan til Svíþjóðar og hafði verið þar við nám og störf í áratug þegar hann ákvað að koma heim og taka við á Vífilstöðum. Vegna þeirrar óvissu sem ríkti um framtíð Vífilstaða var margt þar í biðstöðu þegar Hrafnel kom til sögunnar.



Yfirlæknisbústaðurinn.

„Það var í raun eðlileg og heiðarleg afstaða Helga Ingvarssonar síðustu árin sem hann þjónaði á Vífilstöðum að biða þess að ákvörðun yrði tekin um framtíð stofnunarinnar og sjá til þess að nýr yfirmaður fengi tækfæri til þess að hafa mótandi áhrif á framtíð staðarins. Hann hafði barist harðri baráttu við berklaveikina alla sína starfsævi og náð gifurlegum árangri. Nú var annarra að taka við.“

Þegar Hrafnel kom að Vífilstöðum var stofnunin fullskipuð sjúklingum.

„Þótt berklaveikin væri ekki lengur skæður sjúkdómur var engan veginn búið að vinna algjörlega bug á henni. Það voru allmargir berklasjúklingar á Vífilstöðum þegar ég kom þangað. Aðallega þó að fólk sem hafði læknast en var að kljást við alvarlegar afleiðingar sjúkdómsins. Þarna voru líka sjúklingar sem sendir höfðu verið til Vífilstaða af öðrum spítölum til framhaldsmeðferðar eða einskonar endurhæfingar. Það var því strax í mörg horn að líta.“

Sérfræðingur í lungnasjúkdómum

Eins og fram hefur komið var Hrafnel sérfræðingur í lungnasjúkdómum.

„Á þessum tíma létu menn eins og að lungnasjúkdómar væru ekki til á Íslandi. Öll athyglin hafði beinst að berklum og Vífilstaðir voru í raun enn berklahæli þegar ég kom þangað. Auðvitað voru lungnasjúkdómar jafnalgengir á Íslandi og í öðrum löndum en þeir voru einfaldlega ekki uppi á borðinu og ekki sérfræðipækking til staðar í meðhöndlun þeirra. Þetta þýddi líka það að enginn tækjabúnaður var fyrir hendi til þess að greina slíka sjúkdóma, hvað þá að meðhöndla þá. Að þessu leyti var aðkoman erfið fyrir mig því ég hafði unnið á sjúkrahúsum í Svíþjóð og var orðinn vanur því að



Hrafnel Helgason.

Það var nánast faglegt áfall fyrir mig að koma heim og standa frammi fyrir þessum kringumstæðum. Mér fannst ég ekki hafa minnsta faglegt andrými. Það voru ekki einu sinni til berkjuspeglar, hvað þá tæki til þess að mæla súrefni í blóði eða skoða inn í brjósthol fólks.

hafa allt til alls. Ég man eftir því að fyrst eftir að ég hóf þarna störf var ég stundum að ræða við smiðina sem voru að vinna á Vífilstöðum og sagði við þá að mér liði eins og manni sem ætti að reisa hús en hefði ekkert til þess nema einn klaufhamar. Þeir væru hins vegar með heilu verkstæðin á bak við sig – hefðu allt sem þyrfti til vinnu sinnar.“

Féll oft allur ketill í eld

Hrafnel segist ekki getað neitað því að í fyrstu hafi honum stundum fallið allur ketill í eld. „Það var nánast faglegt áfall fyrir mig að koma heim og standa frammi fyrir þessum kringumstæðum. Mér fannst ég ekki hafa minnsta faglegt andrými. Það voru ekki einu sinni til berkjuspeglar, hvað þá tæki til þess að mæla súrefni í blóði eða skoða inn í brjósthol fólks. Mín fyrstu stórvæfingir á Vífilstöðum voru því að afla tækja til rannsókna og meðhöndlunar. Ekki var vanþörf á því að lungnasjúkdómar fóru stöðugt vaxandi og stefndu í að verða ný plága í landinu.“

Um ástæðu þess sagði Hrafnel: „Tóbaksreykingar á Íslandi hófust að ráði á styrjaldarárunum eða kringum 1940. Áður voru það aðeins einstaka menn sem höfðu tamið sér þennan ósið. Um það leyti sem ég var að koma til starfa var kominn tími á þetta fólk ef svo má að orði komast. Það var ekki bara við lungnakrabbamein að fást heldur ekki síður lungnaþembu.

var einnig mikilsvert að til starfa fengust mjög hæfir og metnaðarfullir læknar. Með árunum varð spítalinn líkur því sem gerðist hjá hliðstæðum stofnunum erlendis og ég held að það sé óhætt að fullyrða að árangur hjá okkur var mjög hliðstæður því sem þar gerðist. Vitanlega urðu á mínum tíma ýmsar breytingar á rekstri spítalans. Við þurftum t.d. ekki á öllu sjúkrarýminu að halda fyrir lungasjúklinga og um tíma var þarna einnig húðsjúkdómadeild. Þá má geta þess sérstaklega að á Vífilstöðum varð öflugt rannsóknarstarf sem beindist að svefntruflunum og svokölluðum kæfisvefni og áhrifum þeirra á lífsgæði fólks. Þeim rannsóknum stjórnaði Þórarinn Gíslason af miklum myndarskap og náði árangri sem vakið hefur athygli út fyrir landsteinana.“

Hvarflaði að mér að hætta

Svo sem fram hefur komið var Hrafnel Helgason starfandi sem lungnasérfræðingur á sjúkrahúsi í Svíþjóð þegar hann tók ákvörðun um að flytja heim til Íslands og taka við yfirlæknisstarfinu á Vífilstöðum.

„Ég hafði – eins og margir Íslendingar sem læra og vinna um hrið erlendis – alltaf ætlað mér að koma heim og starfa hér. Það er mikill sannleikur sem felst í orðunum að römm er sú taug sem rekka dregur, föðurtúna til. En vegna þess hvernig aðkoman og aðstaðan var kom mikið hik á mig eftir heimkomuna. Mér fannst skilningurinn á því sem gera þurfti afskaplega takmarkaður og ég mætti jafnvel andspyrnu við að koma upp sérstakri lungnadeild. Því var það að fyrstu árin eftir að ég kom til Vífilstaða fór ég á hverju einasta ári til Svíþjóðar og starfaði þar í vikur eða mánuði fyrst og fremst til þess að viðhalda og efla faglega þekkingu mína og finna henni stað við bestu skilyrði. Það hvarflaði oft að mér að axla mín skinn og flytja aftur út. Lengi vel varðveitti ég t.d. þá kassa sem ég hafði flutt búslóðina í heim og hafði þá tilbúna til notkunar. Þegar mál fóru að færast til betri vegar varð ég sáttari. Fyrir utan læknisstarfið var líka svo margt sem heillaði mig á Íslandi. Ég var mikill áhugamaður um veiðiskap og útlíf. Stundaði bæði skotveiðar og stangaveiði. Það var líka heillandi að geta farið út í óbyggðirnar, legið þar í tjöldum og notið náttúrunnar og hins stórkostlega útsýnis sem svo víða er á Íslandi. Í Svíþjóð fannst mér stundum að maður sæi ekki upp fyrir trjátoppana þegar maður var að ferðast en á Íslandi þurfti ekki að fara langt til þess að fegurð viðáttunnar blasti við.“

Einstakur læknabústaður

Hrafnel segir að það hafi þó verið eitt atriði, öðrum fremur sem batt hann og fjölskyldu hans strax sterkum böndum við Vífilstaði og raunar verið örлагavaldur í lífi sínu. „Það var húsið – læknabústaðurinn sem átti sér engan líkan. Ég og fjölskylda mín fundum strax og við stigum þar inn fyrir dyr að það var góður andi í þessu húsi. Það var reist af miklum stórhug árið 1920 og ég er ekki í vafa um að þá var þetta eitt glæsilegasta íbúðarhús á Íslandi. Í þessu húsi bjó fyrstur

Afleiðingar mikilla reykinga voru farnar að segja til sín og ég lét einhvers staðar hafa það eftir mér sem raunar var staðreynd að reykingarnar væru ástæða um 90% allra lungnasjúkdóma sem við þurftum að kljást við. En það var auðvitað við ýmsa aðra lungnasjúkdóma að berjast, eins og astma og hin svokallaða heymæði var vandamál hjá bændastéttinni.“

Færður undir Landspítalann

Á árinu 1970 var gerð sú stefnumótandi breyting á rekstri Vífilstaða að ákveðið var að setja þar upp lungnadeild. Hælið var felld undir Landspítalann og árið 1973 var heiti þess breytt í Vífilstaðaspítala. „Það var reyndar alltaf skoðun mín að lungadeild, þar sem lyflækningar voru aðalatriði meðferðar sjúklunga, ætti að vera í sem nánustum tengslum við lungnaskurðeild og því ætti sú starfsemi, sem Vífilstaðaspítala var ætluð, að vera á Landspítalanum við Hringbraut. Raunar stóð til að lungadeildin yrði færð þangað þegar nýr barnspítali var reistur þar og húsnæði losnaði. En af því varð þó ekki.“

Mál færast til betri vegar

Hrafnel segir að þótt fyrstu árin hafi verið erfið hafi mál færast til betri vegar.

„Það gerðist í hægum skrefum. Spítalinn fékk smátt og smátt nauðsynlegan tækjabúnað og það

Sigurður Magnússon yfirlæknir á Vífilstöðum og var þar í um tuttugu ár eða uns hann hætti störfum. Fljótlega eftir að Sigurður fór flutti Helgi Ingvarsson í húsið með fjölskyldu sinni og bjó þar uns hann hætti og flutti til Reykjavíkur. Þetta er eitt af mjög fáum íbúðarhúsum sem Guðjón Samúelsson teiknaði og var óvenjulegt fyrir margt. Sem dæmi má nefna að úr eldhúsinu var sérstakur stigi upp á loft ætlaður þjónustustúlkunni sem ekki átti að ganga sömu stiga og húsbændurnir. Í suðvesturhorni hússins var líka stofa þar sem var innbyggður arinn og dyr út í trjágardinn við húsið. Á teikningu Guðjóns var þessi stofa merkt BOUDOIR og þarna átti húsfreyjan að sitja með meyjum sínum við hannyrðir. Þetta átti því að vera einskonar dyngja. Á mínum dögum á Vífilstöðum voru nánast engar breytingar gerðar á húsinu aðrar en þær að vinnukonustiginn var aflagður enda stöðugt vinnukonuleysi! Í þessu húsi kunni ég svo vel við mig að veran þar olli því öðru fremur að ég lét mig hafa það að halda áfram þótt óánægður væri í fyrstu með læknaaðstöðuna og ýmis viðhorf sem mér fannst löngum gæta í garð Vífilstaðaspítala.

Húsið í mikilli niðurníðslu

Þegar Hrafnkell hætti fyrir aldurs sakir sem yfirlæknir á Vífilstöðum flutti hann úr húsinu og síðan hefur það staðið autt og yfirgefið. Hrafnkatli svellur móður þegar hann ræðir um örlög þessa glæsilega húss. „Ég hef forðast að koma að Vífilstöðum í mörg ár. Mér ofbýður sú hörmung sem þar blasir við þegar titið er til þessa góða húss sem Guðjón Samúelsson teiknaði af snílld sinni. Það er að grotna niður. Mér finnst það alveg með fádæmum að þeir sem eiga að sjá um húseignir Ríkisspítalanna skuli láta þetta gerast. Það var sagt að Íslendingar hefðu stundum étið eitthvað af skinnhandritum sínum. Það er hægt að fyrirgefa þeim það – þeir voru hungraðir. En þeir menn sem höndla um læknaþáttinn eru ekki svangir og því er skömm þeirra enn meiri fyrir sinnuleysið. Það er vegna þessa sem ég vil ekki taka þátt í hátíðarhöldunum af tilefni hundrað ára afmæli Vífilstaða. Það hefði verið æskilegt að heilbrigðisráðherra hefði gengið um þetta hús í fylgd með þeim sem eiga að sjá um það og gæti séð með eigin augum hvað er að gerast. Hún þar lokaábyrgð á þessu húsi og mér þætti henni illa í ætt skotið ef hún gæti hugsað sér að sitja afmælisveislu með þeim sem sökina bera á því hvernig komið er.“

Sviður hirðuleysið

Hrafnkell segir að sér sviði einnig endalaust ráðleysi með Vífilstaðaspítalann. „Það er svo sem ekkert nýtt. Mörg árin sem ég starfaði þar heyrðist að leggja ætti spítalann niður. Við, starfsfólkið, fréttum oftast af slíku í blöðunum. Og nú kemur að því að spítalahúsið mun senn standa tóm nokkrum árum eftir að stórfé var eytt í að gera á því breytingar og lagfæringar. Það er ekki hægt að gefa þeim sem þannig höndla með opinbert fé háa einkunn. Ég hefði haldið að það ætti að vera tiltölulega auðvelt að finna staðnum verkefni við hæfi. Þannig væri hægt að heiðra minningu þeirra manna sem lögðu ærið á sig til þess að koma þessari stofnun á fót. Það væri alla vega öllum afmælisveislum betra,“ segir Hrafnkell Helgason, yfirlæknir á Vífilstöðum í þrjá áratugi að lokum.



Ingibjörg Tómasdóttir.

Skilur ánægð við Vífilstaði

Ingibjörg Tómasdóttir hefur starfað sem hjúkrunarstjóri á Vífilstöðum síðan Hrafnista tók við rekstrinum í ársbyrjun 2004. Ingibjörg segir að undirbúningsvinna hafi þó byrjað snemma árs 2003 við breytingar á innréttingum, vali á húsgögnum og þess háttar. Á Vífilstöðum voru hjúkrunarrými fyrir 50 heimilismenn meðan Hrafnista annaðist reksturinn, en honum lauk í lok síðasta mánaðar. Ingibjörg segir að starfsmenn hafi verið um 90 í um 50 stöðugildum.

„Það var gerður sérstakur samningur á milli Hrafnistu og heilbrigðisráðuneytis og Landspítalans um að 9 af hverjum 10 heimilismönnum á Vífilstöðum kæmu frá Landspítalanum. Þetta var m.a. gert til að fólk ílengdist ekki á bráðadeildum Landspítalans. Flestir heimilismanna hér hafa komið frá Landakoti og í gegnum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Innlagnumálum var breytt fyrir tveimur árum. Allir sem innritast á hjúkrunarheimili hafa þurft að vera með virkt vistunarmat og það hefur verið talsverður flöskuháls í þeim efnunum. Á sama tíma hefur mikil áhersla verið lögð á heimaþjónustu til að gera fólki kleift að vera lengur heima hjá sér. Hér hafa einnig verið hvíldarinnlagnir í boði fyrir fólk í mánuð eða tvo, fyrst og fremst til að hvíla aðstandendur og til að finna betur út úr því hvort viðkomandi þurfi að vera á hjúkrunardeild,“ segir Ingibjörg.

Góður árangur í rekstri

Hún segir að reksturinn á Vífilstöðum hafi gengið eins og á flestum hjúkrunarheimilum. „Dagjöldin eru skömmtuð frekar naumt miðað við sjúklingahópna. Við erum með talsvert dýran sjúklingahóp og þeim fylgja í flestum tilvikum dýr lyf. Við höfum unnið mikið í að hagræða rekstrinum og náð ágætum árangri. Síðasta ár var t.d. besta rekstrarár frá því Hrafnista hóf reksturinn á Vífilstöðum,“ segir hún og bætir við: „Húsið er alveg yndislegt. Það er góður andi hér, frábært umhverfi og útsýni og fólki liður yfirleitt mjög vel hérna. Það fylgir því án efa mikill söknuður fyrir marga, bæði starfsmenn og sjúklinga að þurfa að fara héðan.“

Yndislegt hús og frábært umhverfi

Ingibjörg segir að á Vífilstöðum hafi ávallt ríkt góður andi meðal starfsmanna Hrafnistu á

Vífilstöðum. Margir hafi starfað þar allan tímann og margir, sem hætt hafi, snúið aftur. „Hver hæð hefur t.d. haft sín sérkenni, þar sem ákveðin stemmning og sjálfstæði ríkti á hverri hæð.“

Góðir velunnarar

„Við höfum verið svo lánsöm að eiga góða velunnara að. Thorvaldsensfélagið safnaði fyrir pianói þegar starfsemi hjúkrunarheimilisins hófst 2004. Það er félaginu að þakka að hér stendur fallett pianó sem er spilað á við ýmis tækifæri. Þá hefur félagsstarf eldri borgara í Gerðubergi veitt okkur mikla aðstoð með því að gefa okkur myndir, púða o.fl. Ég vil þakka þessu

öflugra fólki fyrir ómetanlega aðstoð og velvild í okkar garð.“

Farsæl starfsemi

Ingibjörg segist skilja ánægð við Vífilstaði. „Í heildina finnst mér hafa tekist vel til þau sex ár sem Hrafnista hefur verið með starfsemi á Vífilstöðum. Starfsfólkið hefur staðið sig frábærlega og það hafa myndast góð tengsl á milli þess og heimilismanna og aðstandenda þeirra. Fyrir mig hefur þetta verið yndislegur tími og frábært tækifæri.“ Ingibjörg ætlar sjálf að halda áfram námi við Háskóla Íslands. „Ég stefni á að ljúka meistaranámi í hjúkrun frá Háskóla Íslands. Síðan verður að koma í ljós hvað ég tek mér fyrir hendur,“ segir hún.

Tala ekki við hvarja



Matthías Johannesen, rithöfundur og ritstjóri Morgunblaðsins, hitti Hauk pressara á göngu í miðborginni. Matthías lýsir því svo: Haukur var óánægður. Hann sagði: „Þeir sögðu að þeir gætu ekki ráðið mig, því ég talaði of mikið. En ég tala ekki við alla, nei ég hef aldrei talað við hvarja. Ég er skemmtilegur og fróður og þeir vilja tala við mig. Læknir stöðvaði mig niður í bæ í morgun en ég tala ekki við hvarja, svo ég sagði ekkert skemmtilegt við hann. Þeir svíkja mig um vinnuna, þó ég sé kominn með heilsuvottorð. Ég hef pressað af tveimur í dag, það er nokkuð.“

Protefix
- tannlím, púðar og hreinsitöflur

Kynntu þér málið
- fæst í apótekum

Hafðu samband og sjáðu hvað ég get gert fyrir þig - örugg og persónuleg þjónusta.

ADAL-TANNSMÍÐASTOFAN
Íris Bryndís Guðnadóttir
klíniskur tannsmíðameistari og tanntæknir
Hátúni 8 • jarðhæð • sími 552 5511 • irisbg@vortex.is



Þeir ólust allir saman upp á Vífilstöðum. F. v. Smári Sigurðsson, Sigurður Þorleifsson, Elías Hansen og Ingvar Viktorsson. Þeir hittust heima hjá Ingvari og rifjuðu upp gamla tíma.

Dýrðin ein að alast upp á Vífilstöðum

Ingvar Viktorsson, fyrrverandi bæjarstjóri í Hafnarfirði og formaður FH, þekkir vel til sögu Vífilstaða enda er hann fæddur og uppalinn þar. Ingvar lýsir verunni á Vífilstöðum sem hann segir að hafi verið einstaklega skemmtileg og raunar forréttindi.

„Ég er fæddur í yfirlæknisbústaðnum á Vífilstöðum 9. apríl 1942. Helgi Ingvarsson, ömmubróður minn og fyrrum yfirlæknir á Vífilstöðum til fjölda ára, tók á móti mér. Foreldrar mínir eru Guðrún Ingvarsdóttir frá Desjarmýri í Borgarfirði eystra og Viktor Þorvaldsson frá Svalvogum í Dýrafirði, en hann starfaði sem kyndari á Vífilstöðum. Við bjuggum í húsinu Davíðsborg á Vífilstöðum. Við vorum þrjú systkinin sem fæddumst á fyrstu þremur árunum þannig að það þrængdi að fjölskyldunni í aðeins tveimur litlum herbergjum. Það var svo þröngt um okkur að við systkinin sváfum í innbyggðum skáp. Það voru settar fjalir fremst og svo sváfum við í hillunum. En heimilislífíð gekk samt sem áður mjög vel. Alls urðum við sex

systkinin og öll fædd á Vífilstöðum nema það yngsta,“ segir Ingvar.

Svipað og Búðardalur

„Það var dýrðlegt að alast upp á Vífilstöðum. Þegar mest var voru rúmlega 400 hundruð manns sem búsettir voru á Vífilstöðum þannig að þetta var svipað og íbúafjöldi í Búðardal. Annars vegar voru það sjúklingarnir á hælunni og hins vegar starfsmennirnir og hjúkrunarfólk sem bjó í húsunum í kring. Konurnar, sem voru í fríi, pössuðu öll börnin og þannig skiptust þær alltaf á. Það var því aldrei neitt vandamál með pössun eða raunar nokkurn skapaðan hlut. Það er reddaðist allt á Vífilstöðum,“ segir hann og brosir.

Vorum ofdekrúð

„Sjúklingarnir sáu í okkur börnunum sín eigin börn og barnabörn sem þeir máttu ekki hitta. Við krakkarnir vorum því ofdekrúð því það var alltaf verið að gefa okkur ýmislegt.

Það eru í raun forréttindi í mínum huga að hafa alist upp á Vífilstöðum,“ segir Ingvar og tekur fram að starfsmenn og fjölskyldur þeirra hafi verið bólusett við berklunum.

„Það voru vissulega fordómar gagnvart berklunum á þessum árum. Þegar við vorum að fara í bíó til Reykjavíkur man ég að sumir urðu hálfsmeykir við okkur sem stigum úr Vífilstaðavagninum,“ bætir hann við.

Ferðumst í leigubílum

Ingvar segir að krakkarnir af Vífilstöðum hafi verið í Barnaskóla Hafnarfjarðar og síðar í Flensborg því enginn skóli var á þeim tíma í Garðahreppi. „Það var mikið lán að kynnast Hafnarfirði og

Hafnarfirðingum. Við krakkarnir vorum alltaf keyrð í skólann. Fyrstu árin keyrði pabbi okkur og eins Björn Konráðsson ráðsmaður. Síðar komu leigubílar frá Nýju bílastöðinni til sögunnar. Þeir sóttu okkur á morgnana og keyrðu okkur aftur upp eftir síðdegis. Þetta þótti okkur voðalega fint að sjálfsgöngu og margir krakkar úr Hafnarfirði, sérstaklega þeir sem þurftu að ganga langa leið

í alls kyns veðrum, dauðöfunduðu okkur af þessari þjónustu. Við þurftum hins vegar að bjarga okkur á íþróttæfingar sem voru yfirleitt síðdegis. Ég hjólaði þá oftast afleggjaramm niður á Hafnarfjarðarveg og tók Hafnarfjarðarstrætó í bæinn og sömu leið til baka.“

Bíó tvisvar í viku

Ingvar segist oft hafa velt því fyrir sér hversu lífsglaðir sjúklingarnir voru þrátt fyrir erfið veikindi. „Samt voru margir að biða eftir því að deyja því þeir voru svo veikir. En það var samt alltaf mikið líf og fjör á staðnum þrátt fyrir nálægð dauðans. Hér voru t.d. haldnar kvikmyndasýningar tvisvar í viku. Myndirnar voru fengnar að láni frá kvikmyndahúsunum í Reykjavík. Við krakkarnir fengum auðvitað að vera með í salnum og sjá myndirnar, en ef þær voru bannaðar hégum við í stigum fyrir utan gluggana og horfðum á þær í gegnum glerið,“ segir hann og hlær.

Krockett

„Það voru iðulega íþróttaleikir á túnunum, t.d. crockett, sem var mikið spilað. Það líkist crockett. Við strákarnir og sumir sjúklinganna lékum líka fótbolta á túninu.“



Silungur úr Vífilstaðavatni hafði stíflað Vatnsveituna til Vífilstaða og fenginn var kafari til að koma vatninu af stað aftur. Börnin af staðnum fylgdust spennu með.



Sjúklingarnir héldu ótal leiksýningar. Hér sést einn leikhópurinn.



Rómantíkin blómstraði á Vífilstöðum.

Sjúklingar áttu að vera komnir inn ekki seinna en klukkan 10 á kvöldin. Oft gleymdum við okkur en Helgi Ingvarsson yfirlæknir beið alltaf við innganginn. Hann leit á klukkuna og spurði: „Jæja strákar mínir. Hvað er klukkan hjá ykkur?“ En aldrei skammaði hann okkur.“

Skemmtileg húsanöfn

Ingvar man einnig vel eftir útvarpsstöðinni á hælunni, Útvarpi Sjálfsvörn, sem mikið stuð var í kringum. Frá henni segir annars staðar í þessu blaði. Ingvar telur að Gísli hafi átt eitt stærsta plötusafn í einkaeigu á landinu, um sex þúsund plötur þegar best lét. „Gísli bjó á Eilífðinni,“ segir Ingvar og hallar sér aftur í stólnum. Hann útskýrir nafngiftina betur: „Húsið hét sem sagt Eilífðin því þar dvöldu sjúklingar og síðar starfsmenn sem voru á Vífilstöðum til eilífðar,“ segir hann brosandi.

„Húsin fengu öll sín heiti. Rimman hét eitt vegna þess að það var barist svo hart um að fá að búa í því. Annað var Pilsakot. Þar bjuggu bara hjúkrunarkonur. Þær voru allar pipraðar og voru alltaf nefndar fröken. Ráðhúsið var hús ráðsmannsins og fjölskyldu hans. Þar bjó reyndar einnig yfirhjúkrunarkonan og ráðskonan í eldhúsinu. Síðan var auðvitað heimili mitt, Davíðsborg og sambyggð því var Önnuborg. Þetta var mjög skemmtilegt samfélag,“ segir hann þegar hann hugsar til baka.

Skemmtileg sumarvinna

Ingvar nefnir að á Vífilstöðum hafi verið rekið mjög stórt bú, eitt stærsta bú landsins. „Þarna var fjöldi hænna, 60 mjólkandi kýr og alls 100 gripir í fjósi. Þá voru einnig hestar til að draga vagnana. Þegar ég var tólf ára fékk ég vinnu á búinu, fyrst við að passa hænurnar. Fyrir það fékk maður laun. Síðan tók heyskaparvinnan við þegar maður varð eldri. Þetta var mikið fjör, ekki síst á sumrin því þá kom fjöldi unglinga til starfa á búinu.“

Blómstrandí ást

Ingvar segir að ástarlífið hafi blómstrað á Vífilstöðum. „Þar starfaði fjöldi einhleypra kvenna, sérstaklega yfir sumartímuna. Hermenn bandamanna komu stundum í næturheimsóknir á Vífilstaði. Við strákarnir höfðum svolítið gaman af því að stríða þeim og hleyptum stundum úr dekkjunum á bílum þeirra. Þeir urðu ansi vandræðalegir blessaðir þegar þeir komu út á morgnana og bílarnir óökufærir,“ segir Ingvar og glottir.

Hann heldur áfram með bros á vör: „Fyrstu skotin voru mörg á Vífilstöðum. Við strákarnir buðum stelpunum í rómantískar kvöldsiglingar á vatninu. Það kom fyrir að við hvölfðum bátunum til að auka spennuna. Stelpurnar héldu að þær myndu drukkna en vatnið náði okkur aðeins upp í brjóst þannig að við gátum auðveldlega leikið hetjur og bjargað þeim. Það var líka algengt að við strákarnir værum látnir flytja ástarbréf á milli deilda og hæða á Hælunni,“ segir Ingvar og bætir við að fjölmörg sambönd hafi byrjað á Vífilstöðum.



Ingvar fyrir utan gluggann á Davíðsborg á leiðinni í skóla í fyrsta sinn 1949 þá sjö ára gamall.

Hamingjuóskir á 100 ára afmæli Vífilstaða

LÝÐHEILSUSTÖÐ

MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

málning
-það segir sig sjálf-

REYKJALUNDUR
endurhæfing


SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is



ÍSLENSKA STAÐIR ARION BANKA

Þú færð góða yfirsýn í *Vildarþjónustu* Arion banka.



Þú vilt vita hvar þú stendur. Hvernig landið liggur. Vildarþjónusta **Arion banka** treystir undirstöður þínar, tryggir þér góða yfirsýn á fjármálin og færir þér hagstæð kjör. Nánari upplýsingar fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum **Arion banka** eða í síma 444 7000.

 Arion banki



Sigurður Ólafsson.

Með mömmu, bróður og systur á Vífilsstöðum

Sigurður Ólafsson, trésmiður í Hafnarfirði, var lagður inn á Vífilsstaði 14 ára gamall árið 1958. Hann dvaldi þar í níu mánuði

en á sama tíma lágu þar móðir hans, bróðir og systir. Þegar átti að útskrifa Sigurð kom babb í bátinn því faðir hans var á sjónum og enginn heima til

að taka á móti unglíngnum. Sigurður dvaldi því áfram á Vífilsstöðum með fjölskyldu sinni. „Ég veiktist á Álfaskeiðsskemmtun

í Hrunamannahreppnum. Ég var illa klæddur og kom fárveikur heim. Ég lá í hálfan mánuð með 40 stiga hita uns ég greindist með blett í lunga og var sendur á Vífilsstaði. Ég vissi þá ekkert um Vífilsstaði nema að það var berklahæli. Mér leist ekkert á að fara þangað og var raunar skíthræddur. Sá ótti reyndist ástæðulaus. Mér leið strax vel þar. Við vorum sex í herbergi og það skapaðist mjög góður og skemmtilegur andi milli okkar herbergisfélaganna. Þar var m.a. Skúli Jensson, sá merki maður, sem var lamaður og í hjólastól.“

Langaði ekki að fara

Óhætt er að segja að Sigurður hafi verið í góðum félagsskap því auk góðra herbergisfélaga var nær öll fjölkylidan þar saman komin, móðir hans, Kristín Sigurðardóttir, Birgir bróðir hans, 15 ára, og Guðrún litla systir hans, sem var aðeins fimm ára. „Faðir minn, Ólafur Frimannsson var sá eini sem slapp með skrekkin. Hann var sjómaður og aldrei heima nema einn og einn dag. Í þá daga voru engin vaktafrí eins og nú. Þegar ég hafði jafnað mig og átti að senda mig heim var sú staða uppi að það var enginn heima. Fjölskyldan var nær öll á Vífilsstöðum og pabbi á sjónum. Amma var með yngsta systkinið sem var alveg nóg fyrir gömlu konuna.

Helgi Ingvarsson yfirlæknir, sem var einstakur maður, kallaði mig á fund og sagði að ég fengi að vera áfram á hælínu. Ég varð ofsalega kátur við þær fréttir enda langaði mig ekkert að fara frá Vífilsstöðum,“ segir Sigurður.

Mikið af ungu fólki

Í minningunni koma Vífilsstaðir Sigurði fyrir sjónir eins og stórt sveitahótel samhentrar fjölskyldu. „Það er svo skrítið að þrátt fyrir fjölda sjúklinga og hjúkrunarfólks leið mér aldrei eins og þetta væri berklahæli. Í mínum huga voru Vífilsstaðir frekar eins og sveitahótel þar sem gestirnir skráðu sig inn í mislangan tíma. Það er kannski ósanngjarnt að segja þetta í ljósi þess hve sjúkdómurinn er hræðilegur en svona upplifði ég þetta, 14 ára gamall. Þarna var skemmtilegt samfélag þar sem var mikið af ungu fólki. Fyrir mér var þetta paradís og fullt af sætum stelpum, bæði meðal sjúklinga og ðætra starfsmanna. Ég var alltaf á stefnumótum við stelpur eða gera eitthvað annað skemmtilegt. Hvernig átti mér að geta leiðst þarna? Í umhverfinu voru síðan skemmtileg tækifæri við hvert fótímal, t.d. í hrauninu og á vatninu. Við höfðum báta hælísins til umráða, Vífil og Gunnhildi, og einnig kæjaka. Þarna voru rómantískar stundir,“ segir Sigurður með blik í augunum.

Meginhlutverk SÍBS var að koma á fót endurhæfingu. Hér á myndinni sést yfir Reykjalundarsvæðið, en þar hefur árangur starfs SÍBS verið sýnilegastur og mestur.



Reykir í Mosfellssveit

Allt frá upphafi var stefnt að því að koma upp vinnuheimili fyrir berklasjúklinga, fá einhver úrræði sem tækju við þegar hælísvistinni lyki. Öll fjóröflun hins nýja sambands stefndi að þessu markmiði. Eftir landsþing SÍBS 1940 var farið að leita að hentugum stað fyrir vinnuheimilið. Kannaðir voru ýmsir möguleikar, m.a. Laugarás í Biskupstungum, Hagakot í nágrenni Vífilsstaða og fleiri staðir. Niðurstaðan varð sú að í mars árið 1944 var keypt 32 hektara spilda úr landi Reykja í Mosfellssveit. Hinn 3. júní 1944 tók forseti SÍBS, Andrés Straumland fyrstu skóflustunguna og grunnur fyrsta hússins var grafinn þennan dag. Hinn 1. febrúar 1945 var Reykjalundi gefið nafn sitt og vinnuheimilið tók til starfa. Þá var innan við ár frá landakaupunum. Forystumenn SÍBS voru ekki að tvinóna við hlutina í þá daga og allar götur síðan hefur stórhugur og framkvæmdaglegi einkennt starf innan SÍBS og stofnana þess.

Þýðing Vífilsstaða

Hér er ekki ætlunin að rekja sögu SÍBS frá þessum tíma heldur fyrst og fremst að vekja athygli á þeirri þýðingu sem Vífilsstaðir hafa haft í sögu sambandsins.

Vífilsstaðir hafa alla tíð verið hátt skrifaðir í hugum félagsmanna SÍBS. Margir þeirra höfðu verið á Vífilsstöðum, sumir oftast en einu sinni, og þar stóð vaggja félagsstarfs SÍBS.

Kjörorð SÍBS, „Styðjum sjúka til sjálfshjargar“ hefur verið stjórn og starfsfólki SÍBS leiðarljós allt frá

byrjun og er enn í dag. Í því felst grunnhugmynd að endurhæfingu, sem er aðalviðfangsefni SÍBS og stofnana þess.

Umfangsmikil starfsemi SÍBS

Með árangursríku starfi SÍBS ásamt tilkomu nýrra berklalyfja fór berklasjúklingum fækkandi og í framhaldi af því komu aðrir brjóstholssjúklingar til liðs við SÍBS. Astma- og ofnæmisfélagið bættist við 1974. Hjartaheill, sem þá hét Landssamtök hjartasjúklinga, kom til liðs við SÍBS 1992 og er með um helming félagsmanna. Vífill, félag einstaklinga með svefnháðar öndunartruflanir kom inn 1994 og yngsta félagið er Samtök lungnasjúklinga, sem kom inn árið 1998. Fyrir voru berkladeildirnar sem áður voru í flestum byggðum landsins en eru nú fjórar talsins. Félagsmenn SÍBS eru nálægt 6.500.

SÍBS á og rekur Reykjalund, endurhæfingarmiðstöð og Múlalund, vinnustofu SÍBS, sem báðar eru staðsettar á Reykjalundi. Auk þess stuðlaði SÍBS að því að Múlabær, dagvistun aldraðra og Hlíðabær, dagvistun fyrir heilabílaða var komið á fót, en þær eru nú sjálfseignarstofnanir. Þá tók SÍBS virkan þátt í stofnun HL stöðvanna á sínum tíma.

Málgagn SÍBS, SÍBS blaðið, kemur út þrisvar á ári.

Happdrætti SÍBS hefur verið starfandi frá árinu 1949 og er helsta tekjulind SÍBS og gerir sambandinu kleift að halda úti jafn fjölbreyttri starfsemi og raun ber vitni.

Á Vífilsstöðum stóð vaggja SÍBS

Berklaveikin herjaði á Íslendinga allan fyrri hluta síðustu aldar. Hún var mjög erfið viðfangs og fjöldi berklasjúklinga fór lengi vel vaxandi. Árið 1933 voru nýskráningar flestar og 1935 voru 1,6% af öllum íbúum landsins með virka berklaveiki. Embætti berklafirlæknis var stofnað árið 1935 og í framhaldi af því voru tekin upp skipulegri vinnubrögð í leitar- og eftirlitsstarfi vegna berklanna.

Um þetta leyti voru starfandi fjögur berklahæli í landinu: Vífilsstaðahæli, Kristneshæli, Kópavogshæli og Reykjahæli í Ölfusi. Sjúklingar á berklahælunum ræddu oft nauðsyn þess að eitthvað gæti tekið við að lokinni veru þeirra á hælunum en lengi vel sat við það.

Hugmynd um landsamband berklasjúklinga

Í ársbyrjun 1938 kusu sjúklingar á Kristneshæli nefnd þriggja manna til að útfæra hugmyndir sem ræddar höfðu verið og koma þeim á framfæri. Árangur nefndarstarfsins var m.a.


bréf í júní 1938 frá sjúklingum á Kristneshæli til berklasjúklinga á öllum heilsuhælum og sjúkrahúsum landsins með tillögu um stofnun landssambands berklasjúklinga á næsta hausti „... eins og þegar hefur verið gert í Danmörku.“ Skemmst er frá því að segja að tillagan fékk tafarlaugar undirtektir frá sjúklingum á Reykjahæli og Vífilsstaðahæli og var boðað til undirbúningsfundar þann 18. júlí með fulltrúum þessara berklahæla. Eftir annan undirbúningsfund og mikið kynningarátak var sent ávarp til þjóðarinnar í öllum helstu blöðum

landsins og blásið til stofnþings á Vífilsstaðahæli 23.-24. október 1938.

SÍBS verður að veruleika

Stofnþing SÍBS sátu 28 fulltrúar sjúklinga auk boðsgesta úr heilbrigðisstéttum. Stofndagur er talinn 24. október. Samtökin hlutu nafnið Samband íslenskra berklasjúklinga, skammstafað SÍBS. Fyrstu verkefnum lutu að söfnun félagsmanna og stofnun félagsdeilda. Félög sjúklinga á berklahælunum hétu Sjálfsvörn en félög fyrrverandi sjúklinga hétu hins vegar Berklavörn. Síðan voru félögin kennd við hvern stað. Árið 1940 voru félagar SÍBS orðnir um fimm hundruð og fjölgaði ár frá ári. Haustið 1939 var efnt til fjársöfnunar fyrsta sunnudag í október og þann dag kom ritið Berklavörn út í fyrsta sinn og var sent til ágóða fyrir starfseminu. Fyrsti sunnudagur í október hefur síðan verið helgaður málefnum SÍBS og nefndur SÍBS dagurinn.

Þið eruð orðnir of margir



Haukur pressari og Pétur þulur voru góðir kunningjar. Pétur sagði frá því er Haukur spurði sig: „Ertu ekki alltaf að fá bréf, sem Pétur í Glerinu á að fá, og líka bréf, sem Pétur í Álafossi á að fá, og þeir að fá bréf, sem þú átt að fá?“ Pétur svaraði: „Jú, en það er gott á milli okkar, og hver fær sitt.“ Þá sagði Haukur: „Þið eruð orðnir of margir. Ég segi það satt. Ég er orðinn þreyttur á þessu.“

Pórarinn Gíslason

Heiðursvísindamaður Landspítala háskólasjúkrahúss 2010

Pórarinn Gíslason, prófessor við læknaeild Háskóla Íslands og yfirlæknir á lungnaeild Landspítala, er heiðursvísindamaður Landspítalans 2010. Pórarinn var um árabíl læknir á Vífilstöðum.

Eftir því sem berklasjúklingum fækkaði í samræmi við góðan árangur í meðferðaræðum, fékk spítalinn fleiri hlutverk. Eftir að spítalinn var færður undir Landspítalann var þar opnuð sjúkraeild fyrir sjúklinga með erfiðleika í öndunarfærum. Á deildinni var öflugt rannsóknarstarf sem beindist að svefntruflunum og svokölluðum kæfisvefni og áhrifum þeirra á lífsgæði fólks. Þeim rannsóknum stjórnaði Pórarinn Gíslason og náði árangri sem vakið hefur athygli víða um heim.

Þegar Hrafnkell Ólafsson yfirlæknir á Vífilstöðum hætti

störfum, tók Pórarinn við stari hans. Er lungnaeildinni var lokað á Vífilstöðum og færð til Landspítalans í Fossvogi árið 2001 tók Pórarinn við stöðu yfirlæknis sameinaðrar lungnaeildar Landspítala. Pórarinn hefur jafnframt verið prófessor við læknaeild Háskóla Íslands frá 2003 og er einnig gestaprófessor við University of Pennsylvania og dósent við Uppsalaháskóla.


Helstu áherslur í rannsóknum

Pórarinn hlaut árið 2002 ásamt samstarfsaðilum sínum styrk frá bandarísku heilbrigðisstofnunni (NIH) til að rannsaka erfðir og eðli kæfisvefns á Íslandi. Gagnasöfnum í þeirri rannsókn lauk árið 2009 og er verið að vinna úr niðurstöðum. Alls hafa á Íslandi greinst um 6.500 sjúklingar með kæfisvefn frá árinu 1987.

Haustið 2009 veitti bandaríska heilbrigðisstofnunin prófessor Allan I. Pack nýjan styrk til þriggja ára rannsókna á kæfisvefni. Hluti þeirrar rannsóknar fer fram við lungnaeild Landspítala og nemur framlagið til LSH tæpum 200 milljónum króna á þessu tímabili. Ætlunin er að bjóða ómeðhöndluðum kæfisvefnssjúklingum til ítarlegs mats á ástandi hjarta og æðakerfis með segulómun af hjarta, þykktarmælingum á innri vegg hálsslagæða ásamt sólarhrings skráningu á hjartslætti og blóðþrýstingi. Eftir fjögur mánaða meðferð með svefnöndunartæki (CPAP) verða sömu rannsóknir endurtekna. Leitað verður svara við spurningum um samspil kæfisvefns við hjarta- og æðasjúkdóma og á hvern hátt megi meta þá áhættu með mælingum bólguboðefna í blóði. Til

viðbótar verður skoðað sérstaklega hvernig sjúklingum með kæfisvefn líður fyrir og eftir meðferð.

Pórarinn hefur einnig leitt íslenska þátt alþjóðlegs rannsóknarverkefnis: Evrópukönnunin Lungu og Heilsa, þar sem algengi astma, ofnæmis og langvinnrar lungnatæpptu (LLT) hefur verið kannað reglulega á Íslandi. Ætlunin er að endurtaka þá rannsókn á haustmánuðum. Hann leiddi einnig nýlega þátttöku Íslands í alþjóðlegu verkefni um algengi og eðli LLT (Burden of Obstructive Lung Disease (BOLD)). Fyrstu niðurstöður þeirrar rannsóknar benda til þess að LLT sé síst fátíðari hér en í samanburðarlöndum vegna mikilla reykinga, einkum meðal kvenna. Einnig má draga ýmsan hagnýtan lærdóm af samanburði á kostnaði við umönnun og meðferð LLT á Íslandi og í Bergen.



Pórarinn Gíslason, prófessor við læknaeild Háskóla Íslands og yfirlæknir á lungnaeild Landspítala, er heiðursvísindamaður Landspítalans 2010. Pórarinn var um árabíl læknir á Vífilstöðum.

Svipmyndir



Hljómsveit hússins



Brúðkaup sett á svið



Barnaeildin

Hafðu samband
sími 444 7000 • arionbanki.is

Þjónustuver Arion banka 444 7000

Hjá þjónustuveri Arion banka getur þú:

- Sinnt allri almennri bankaþjónustu
- Fengið stöðu á reikningum
- Fengið aðstoð við notkun á Netbanka Arion banka
- Fengið hækkun/lækkun á heimild
- Greitt innheimtukröfur og afborganir skuldabréfa
- Dreift greiðslum á kreditkortareikningum

Þjónustuverið er opið frá kl. 09.00–18.00 alla virka daga.

 Arion banki





Grænlandingar meðal vistmanna

Grænlandingar voru meðal þeirra sem lagðir voru inn á Vífilisstaðahæli, enda voru berklar á tímabili erfiðasta vandamál þjóðarinnar. Svo ramt kvað að sjúkdómnum að árið 1956 stöfuðu 25 prósent dauðsfalla á Grænlandi af völdum berkla. Á þessum áratug var þó vörn súið í sókn og ráðist af alefli gegn plágunni.



Frímerki í tilefni af 100 ára afmælinu

Í tilefni af 100 ára afmæli Vífilisstaða gefur Íslandspóstur, sem hefur einkarétt á útgáfu frímerkja hér á landi, út nýtt frímerki til heiðurs spítalanum. Frímerkið kemur út þann 16. september næstkomandi.




Josephine Baker á Vífilisstöðum

Hin heimsfræga leikkona, söngkona og skemmtikraftur, Josephine Baker, eða svarta perlan eins og hún var jafnan kölluð í heimspressunni, kom í tónleikaför til Íslands árið 1954. Hér hélt hún eina sex opinbera tónleika, m.a. í Tivoli og Austurbæjarbíói, en gaf sér einnig tíma til að heimsækja Vífilisstaðahælið, þar sem hún söng og skemmti áheyrendum á staðnum.

Kæri þú

Um þessar mundur eru Sumar raddir á dagskrá rásar eitt á morgnana hjá Ríkisútvarpinu. Í þættinum fer Jónas Jónasson í þáttasafn útvarpsins og rifjar upp ýmislegt, m.a. úr segulbandasafni Ríkisútvarpsins og leyfir hlustendum að hlýða á raddir, sem hlustendur þekkja ef til vill. Nýlega endurspilaði Jónas um ellefu ára gamlan þátt, sem hét Kæri þú, sem Jónas stjórnaði einnig. Í þættinum tók Jónas viðtal við Helga Ingvarsson fyrrverandi yfirlækni á Vífilisstöðum, en áður en viðtalið hófst rifjaði Jónas upp baráttu föður síns, Jónasar Þorbergssonar, og fleiri ættmenna við berklana.

Jónas segir: „Þegar ég var ungur heyrði ég af berklum í ættinni



Jónas Jónasson.

minni. Amma mín Þóra lést ung úr brjóstberklum. Faðir minn fékk berkla þegar hann var ungur. Þegar amma mín lést leystist heimilið upp og faðir minn og bræður hans fóru sinn í hvera áttina. Faðir minn lenti hjá

fólki sem sýndi ekki sérlegan kærleik til hans. Þegar faðir minn var smali og berklaveikur hljóp hann blautur og kaldur um þingeyskar heiðar, spýtti jafnvel blóði. Þegar hann gekk til hvílu var svo sem ekki verið að hafa fyrir því að þurrka fötin hans, þau biðu hans að morgni rök og köld. Faðir minn komst yfir berklana og sagði mér seinna að hann hefði drepit þá úr vösbúð. Hann missti fyrri konu sína, Þorbjörgu Jónsdóttur frá Arnarvatni í Mývatnssveit, úr berklum. Hún andaðist ung á Vífilisstöðum á aðfangadagskvöldi. Faðir minn tók virkan þátt í baráttunni gegn berklaveikinni. Hann barðist fyrir því að berklahæli var reist á Norðurlandi. Mætti kannski orða það svo að hann hefði skrifað Kristneshæli upp úr jörðinni að ósk Jónasar frá Hriflu. En faðir minn gerði það ekki einn. Hann var þá ritstjóri Dags á

Akureyri og helsti andstæðingur hans var Gunnlaugur Tryggvi (Jónsson – innskot) bóksali og ritstjóri. Er óhætt að segja að þeir hafi rifist eins og villingar allt árið um kring en báru mikla virðingu hvor fyrir öðrum. Á gamlárskvöld eitt sinn heimsótti faðir minn Gunnlaug Tryggva með flösku af brennivíni. Drukku þeir í sátt og gleði alla nóttina. En í býtið á nýársdag stigu þeir á stokk og strengdu þess heit að skammast enn betur næsta ár. Síðan gekk ritstjóri Dags út í nýskapaðan morgunn, breytti upp kragann og brosti með sjálfum sér. Þegar Kristneshælið var draumur einn gekk faðir minn til höfuðandstæðings síns og sagði: Gunnlaugur Tryggvi, nú verðum við að standa saman. Faðir minn sagði honum draumana um berklahælið á Norðurlandi. Og þeir stóðu saman ritstjórnir.“



Skúli Jensson í góðum félagsskap hjúkrunarkvennanna Helgu Benediktssdóttur og Jónu Höskuldsdóttur.

Skúli Jensson var engum líkur

Einn þekkttra vistmanna á Vífilisstöðum var Bolvíkingurinn, þýðandinn og lögfræðingurinn Skúli Jensson. Hann var fimmtán ára þegar hann veiktist af lömunarveiki og gat í byrjun aðeins hreyft höfuðið, nokkra fingur og setið í stól. Hann fékk síðar takmarkaðan mátt í hendur, en stóð aldrei upp eftir að hann fékk veikina.

Skúli varð stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík 1943 og lauk lagaprófi frá Háskóla Íslands árið 1949, aðeins tveim árum á eftir jafnöldrum sínum. Það þótti mikið afrek. Árið 1957 fékk Skúli berkla og fluttist til Vífilisstaða sem varð hans heimili upp frá því. Hann var skrifstofumaður og starfsmaður á Vífilisstaðaspítala frá árinu 1960. Skúli var mikilvirkur þýðandi og þýddi um nær tvö hundruð bækur eftir ýmsa höfundum, s.s. Margit Söderholm,

Bodil Forsberg, Francis Clifford, Victoriu Holt, Per Hanson o.fl. Meðal vinnuárita bókanna sem Skúli þýddi voru ævintýri Toms Swift sem margir miðaldra Íslendingar minnast eflaust frá bernsku sinni.

Sá um skattskýrslurnar

Skúli sá um skattskýrslur flestra sjúklinga og starfsmanna Vífilisstaða og var auk þess fjárhaldsmaður margra á hælina. „Það leituðu allir til Skúla og hann gat leyst allt,“ segir Elías Hansen, sem bjó á Vífilisstöðum til fjölda ára. Elías er sonur Maríu Hansen, sem þar var yfirhjúkrunarkona í mörg ár. „Þegar ég keypti mína fyrstu íbúð leitaði ég til Skúla og hann gekk frá kaupsamningnum,“ segir Elías og bætir við: „Hann aðstoðaði líka marga á Vífilisstöðum í náminu og kom okkur krökkunum hreinlega í gegnum skóla.

Svo var hann líka sálusorgari margra sjúklinga. Skúli var alveg yndislegur maður.“

Synti 200 metrana

Ingvar Viktorsson, fyrrverandi bæjarstjóri í Hafnarfirði, sem er fæddur og uppalinn á Vífilisstöðum, man vel eftir Skúla. Hann segir að þrátt fyrir lömun hafi Skúli verið góður sundmaður. „Einhvern tímann, þegar hann hafði synt 200 metrana, frétti Albert Guðmundsson, sem þá var atvinnumaður í knattspyrnu í Frakklandi, af því og bauð honum umsvifalaust út til sín án þess þó að þekkja manninn nokkurn skapaðan hlut. Svo þegar ég var í Flensborgarskóla í Hafnarfirði endurnýjuðust kynni okkar Skúla því hann hlýddi mér daglega yfir í náminu. Hann var samsvísusamur og góður maður hann Skúli,“ segir Ingvar.

Alltaf fjórir 25 eyringar í krónunni

Pétur Pétursson þulur sagði eitt sinn sem oftast sögu af vini sínum, Hauki pressara. Haukur hafði miklar áhyggjur af örlögum krónunnar og niðurlægingu hennar með rýrnandi gildi. Í blaðagrein í mars 1998 skrifar Pétur: „Það mun hafa verið um miðjan sjötta áratug aldarinnar að Haukur ákvað að ganga á fund Bjarna Benediktssonar, sem þá var dóms- og menntamálaráðherra. Erindi hans var að leita ásjár Bjarna og ráða í peningamálum. Haukur sagði: „Þeir segja strákarnir að krónan sé alltaf að lækka og verði bráðum ónýtt. Gerðu það fyrir mig Bjarni minn. Reyndu að passa þetta. Ég segi þér satt það er ómögulegt að standa í þessu lengur. Það þýðir ekkert að vera að safna aurunum ef allt verður að engu. Ég er með fullt blikkbox suður á Vífilisstöðum, sem hann Skúli geymir fyrir mig með límbandi utanum. Svo skulda ég í sjöppunni. Það má ekki eyðileggja þetta allt fyrir manni. Ég er kurteis maður og það er erfitt að bera pressudótið ef maður tapar svo öllu og krónan verður ónýtt.“ Bjarni Benediktsson var skjóttur til svars. Hann á að hafa sagt: „Ég lofa þér því, Haukur minn, að krónan skal alltaf verða fjórir tuttuguogfimmeyringar.“

Haukur var rólegri þegar hann gekk út af fundinum. Hann tjáði Pétri og einnig Matthíasi Johannessyni, rithöfundum og ritstjóra Morgunblaðsins, að Bjarni stæði alltaf við kosningaloforð.



Hamingjuóskir á 100 ára afmæli Vífilisstaða



VSÓ RÁÐGJÖF





Rannveig Löve á heimili sínu

Blómlegt líf þrátt fyrir návist við dauðann

Rannveig Löve veiktist af berklum og þurfti að fara frá nýfæddri dóttur sinni til dvalar á Vífilsstöðum árið 1942. Þar var fyrir eiginmaður hennar, Guðmundur Löve, sem veiktist skömmu áður og var sendur á hælið. Rannveig, sem nú er níræð en við ágæta heilsu, lýsir baráttuárunum á Vífilsstöðum, samfélaginu og erfiðleikumunum jafnt sem gleðistundunum.

„Vífilsstaðir voru samfélag í samfélaginu þar sem ungt fólk var í stórum hluta og návistin við dauðann gleymdist aldrei.“

Berklaveikin var mjög hættulegur sjúkdómur. Þeim sem veiktust var í raun vísari dauðinn en lífið á meðan engin lyf voru til. Lungnaberklum fylgdi enginn sársauki, aðeins mæði, oft hósti og mikill sviði en alltaf slen og þreyta,“ segir Rannveig.

Eiginmaður Rannveigar, Guðmundur Löve, veiktist um það leyti sem Rannveig fæddi dóttur þeirra, Sigrúnu. „Ég veiktist í kjölfarið og dóttir okkar var aðeins rúmlega tveggja mánaða þegar ég var lögð inn. Ég var fárveik og mundi ekki einu sinni eftir ferðalaginu í sjúkrahúsinum. Ég lá þungt haldin fyrstu dagana en mér batnaði þó mikið á ótrúlega stuttum tíma. Maðurinn minn vitjaði mín á hverjum degi en hann var á sjúkrahúsi og hæðinni fyrir neðan mig, á karlaganginum, en ég að sjálf sögðu á kvennaganginum. Á meðan ég var sem veiktust fékk Guðmundur daglega fréttir af dóttur okkar og öðrum fjölskyldumeðlimum. Þannig fékk ég fréttir af öllum sem mér voru kærir en heimsóknir voru mjög fátíðar. Mamma kom í heimsókn á árs brúðkaupsafmælinu okkar 10. maí 1942 með myndir af litlu dótturinni. Það gladdi mig ákaflega mikið að fá myndir af henni en það hafði verið erfiðara en orð fá lýst að kveðja hana,“ segir hún.

Enginn vildi vera öðrum til ama

Rannveig lýsir daglegu lífi á Vífilsstöðum sem hálfgerðu baðstofulífi eins og hún orðar það. „Í hverri stofu voru minnst fjórir sjúklingar en allt upp í átta og voru þeir ýmist með fótavist eða rúmliggjandi, skrifadír á legu eða fótiferð eins og það var kallað á spítalamáli. Vegna þess að alltaf urðu einhverjir að vera rúmliggjandi voru

samskipti okkar sjúklinganna bundin við rúmstokkana ef svo má segja. Mannleg samskipti geta oft verið erfið þegar samvistirnar eru langar, ekki síst þegar um þvingaðar samvistir er að ræða. Á Vífilsstöðum fengum við góða þjálfun í að vera tillitsöm og standa saman í blíðu og stríðu. Enginn vildi vera öðrum til ama. Ómeðvitað lagði fólk mikið á sig til þess að lifa af og komast yfir tilfinningalegan sársauka þessarar dvalar.“

Hún nefnir að sjúklingarnir hafi kennt hver öðrum handavinnu og fönður, einnig að spila á gítar við nýjustu sönglöggin. „Talið einkenndist oft af glensi og gálghúmor.“

Rannveig rifjar upp að kvikmyndakvöld hafi verið haldin reglulega. „Þau voru gríðarlega vinsæl þótt sýningarnar væru slitróttar með endalausum hléum, því sýningarvélina var aðeins ein en myndirnar á mörgum spólum eins og tíðkaðist í þá daga. Því þurfti alltaf að stöðva sýninguna til að skipta um filmu.“

Rannveig segir að lækna og hjúkrunarfólk hafi staðið sig mjög vel og lagt sig fram um að gera líf sjúklinga eins gott og hugsast gat. „Mannvirðingin á Vífilsstöðum var einstök,“ segir Rannveig með áherslu í röddinni. „Það var raunar ótrúlega mikið og gott starf unnið á hælina. Það var mjög gott samskipti milli hjúkrunarfólks og sjúklinga. Þetta var raunar alveg einstakt. Það var séð til þess að sjúklingarnir fengu að njóta sín eins og mögulegt var við erfiðar aðstæður.“

Fönður og stunduðu nám

„Fyrir hugskotsjónum mínum sé ég á Vífilsstöðum þess tíma baðstofulíf á myndarheimili í sveit eða heimavistar skóla með frjálsu námi. Allir höfðu eitthvað fyrir stafni. Mörg listaverkin urðu til á hælina enda var mikið fönður. Það voru ekki bara konurnar sem unnu ýmsa hluti í höndunum liggjandi í rúmunum

sínum heldur gerðu karlmennirnir það líka. Maðurinn minn var t.d. mjög duglegur við handavinnuna og hnytti dúka á þar til gerðum vefspjöldum. Hann fékk stofufelaga sína með sér í að hnyta dúka á sjúkrastofunni og úr varð nokkurs konar verksmiðja. Dúkarnir runnu út eins og heitar lummur, einkum vegna þess að hermennirnir keyptu dúka til að senda sem gjafir heim. Guðmundur og félagar náðu sér í dálitinn aur með þessari vinnu og ekki veitti af á þessum tíma.“

Rannveig heldur áfram: „Í þessum stóra hópi sjúklinga voru menn úr öllum starfsstéttum þjóðarinnar enda fóru berklarnir ekki í manngreinaralit. Þarna voru lækna, lögfræðingar, bændur, prestar, sjómenn og verkamenn. Allir sem höfðu einhverju að miðla voru fúsir að veita aðstoð sína. Það kom sér vel fyrir þá sem stunduðu nám í námsflokkum á hælina því að meðal sjúklinga voru frábærir kennarar. Þarna buðust uppbyggilegir möguleikar fyrir marga sjúklinga sem vildu halda við eða auka kunnáttu sína, m.a. í tungumálum. Námið var algerlega frjálst og því fylgdu engar kvaðir en fór mikið eftir heilsu hvers og eins hvernig það nýttist.“

Misstum ekki vonina

„Mannlífið á Vífilsstöðum var á margan hátt blómlegt miðað við erfiðar aðstæður. Sérstaklega var það blómlegt yfir sumartímann en þá gátum við sjúklingarnir notið þess

yndislega umhverfis sem Vífilsstaðir buðu upp á, sérstaklega hraunið með sínum skjólgóðu lautum og einnig umhverfið við vatnið. Veturnir voru hins vegar mun erfiðari og lengi að liða. Þá fjölgaði yfirleitt dauðsföllum og nýir sjúklingar bættust í hópinn. Við misstum samt ekki vonina og vorum alltaf að biða, fyrst og fremst eftir bata og lyfjum. En við biðum líka eftir vorinu og sumrinu. Hraunið í kringum hælið var paradís sjúklinganna. Allir sem höfðu einhverja fótavist lögðu leið sína út í hraunið sér til ánægju og heilsuþótar. Við Guðmundur fengum eins og fleiri að hafa dagtjöld í hrauninu á sumrin. Við fórum þá út eftir hádegismat og dvöldum í tjöldunum hina fyrirskipuðu legutíma sem voru samtals tveir klukkutímar á dag. Stundum tókum við okkur saman svolitill sjúklingahópur, og röltum eftir stígum í hrauninu. Við aðalstíginn voru bekkir sem við gátum hvílt okkur á, en oftast settumst við í græna lautu. Þannig sköpuðum við okkur gleðistundir eftir bestu getu. Það hvíldi dulúðug rómantik yfir hrauninu því þar var mögulegt að eiga eitthvað einkalíf sem ekki var kostur á inni á hælina.“

„Hér eru engar sættir“

Rannveig segir að sárásjaldan hafi slest uppá venskapinn þó að það hafi komið fyrir. „Ég man eftir einu atviki en þá kom upp ósætti á milli ungs pars. Hann aðstoðaði á hinu þrýðilega bókasafni Vífilsstaða en hún var iðinn lesandi. Af einhverjum ástæðum sem enginn okkar hinna vissi urðu þau ósátt. Stúlkan sendi þá vinkonu sína niður á bókasafn til þess að spyrja hvort „sættir“ væru inni. Þarna var skírskotað í smásögu eftir Einar H.

Kvaran. Ungi maðurinn var strax með á nótunum en svaraði snúðugt: „Hér eru engar sættir.“ Með þau skilaboð fór stúlkan aftur til vinkonu sinnar. Skömmu síðar féll þó allt í ljúfa lóð með unga parinu,“ segir Rannveig og brosir.

Lífið fjarði út

Lífið gekk sinn vanagang á hælina en návistin við dauðann var alltaf til staðar.

„Sjúklingarnir dóu á stofum sínum og við hin fylgdumst með dauðastríði þeirra frá upphafi til enda. Í langri sjúkralegu var ég á fleiri en einni stofu og fylgdist með mörgum stofufélögum mínum, hvernig kraftar þeirra þrutu og lífið fjarði út. Þrátt fyrir þessa reynslu, sem við öll gengum í gegnum, misstum við aldrei vonina. Þetta var á stríðsárunum og þá fleygði læknavísindunum fram. Okkur bárust fréttir, bæði úr blöðum og útvarpi, og loks kom fyrsta lyfið, sem vann á berklabakeriunni, streptomycinið, til landsins. Aukaverkanirnar voru talsverðar, flestir misstu jafnvægissskynið, en síðan var ráðin bót á því og þá reyndist það í flestum tilfellum vel.“

Í lífshættu eftir höggningu

Rannveig fór til Akureyrar í nóvember 1944 í svokallaða höggningu sem var aðgerð sem margir berklasjúklingar fóru í á þessum tíma áður en berklalyf komu til sögunnar.

„Sú aðgerð kostaði mig næstum því lífið en pensilín, sem þá var nýkomið til sögunnar, bjargaði klárlega lífi mínu. Ég var fyrsta manneskjan á Akureyri sem var gefið pensilín.“ Rannveig segist muna vel eftir orðum Guðmundar Karls læknis, sem framkvæmdi höggninguna. „Það er synd að fara svona með ungan og fallegan líkama. Þetta er hrossalækning.“ Orð hans snertu mig ekki þá og aldrei hef ég séð eftir því að hafa keypt lífið því verði sem höggningin var.“

SÍBS að veruleika

Berklasjúklingar á Vífilsstöðum stofnuðu SÍBS, Samband íslenskra berklasjúklinga árið 1938. „Fyrstu starfsár SÍBS voru eftirminnileg þar sem sjúklingarnir byggðu Reykjalund eftir mikla og harða baráttu. Mér er t.d. mjög minnstætt þegar vinnuheimilið var vígt í ársbyrjun 1945 og tók til starfa. Þá fór um okkur fagnaðarbylgja. Hörð barátta var að baki og langþráður draumur orðinn að veruleika,“ segir Rannveig ánægð á svip. Hún sat í stjórn SÍBS til fjölda ára og gegndi formennsku í Reykjavíkureild samtakanna. Guðmundur Löve var formaður Öryrkjabandalags Íslands frá stofnun þess 1961 og allt til dauðadags árið 1978.

Þegar Rannveig náði heilsu á ný lauk hún kennaranámi og síðar sérkennaranámi. Hún lauk síðar B.A. námi í dönsku og almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands. Hún kenndi til fjölda ára við Melaskólann í Reykjavík við góðan orðstír. Endurminningar Rannveigar „Myndir úr hugskoti“ voru gefnar út árið 2000.

Hamingjuóskir á 100 ára afmæli Vífilsstaða



Bjarney Valgerður Tryggvadóttir.

margan hátt mjög gott þótt sorgin vofði stöðugt yfir. Trúlega átti hver einasta fjölskylda í landinu á þessum tíma um sárt að binda vegna missis náins fjölskyldumeðlims, ættingja og vinar af völdum berklanna.“

Bjarney kom fyrst á Vífilsstaði sem hjúkrunarnemi árið 1956. „Þá var þar mikið af ungu fólki sem berklarnir höfðu leikið grátt. Sem hjúkrunarnema fannst mér bæði mjög þroskandi og gefandi að umgangast og annast sjúklingana, kynnst lífsreynslu þeirra, viðhorfum og bjartsýni. Við hjúkrunarnemarnir lærðum mikið af hinum hjúkrunarkonunum, sem höfðu mikla reynslu í faginu. Við lærðum m.a. hvernig við ættum að umgangast sjúklingana svo við gætum stutt þá sem best í veikindum þeirra.“

Bylting með lyfjum

Bjarney rifjar upp að á þessum tíma voru berklalyf komin til sögunnar, sem höfðu mikla byltingu í för með sér. Fyrir þeirra tíma voru ymsar aðferðir notaðar, t.d. blásning og höggning, en hjúkrunin fólst þó fyrst og fremst í mikilli og góðri umönnun og umhyggju. Það þurfti að sjá til þess að sjúklingarnir fengju holla og góða næringu því eins og með aðra sjúkdóma þá veikir vannæring mjög

Vífilsstaða. Einnig var göngudeild húðlækninga í Þverholti færð undir stjórn deildarstjóra á Vífilsstöðum og skiptust hjúkrunarfræðingar á að vinna á báðum stöðum til að fá samfellu í þjónustuna. Á Vífilsstöðum var fyrir hjúkrunardeild, röntgendeild og göngudeild ofnæmissjúklinga.

„Þessar skipulagsbreytingar kölluðu á breytt skipulag hjúkrunar, sem m.a. fólst í nákvæmari skráningum. Hún leiddi til hjúkrunarrannsókna í þeim tilgangi að nýta sem best aukna þekkingu og þróun á þessum vettvangi. Á þessum tíma hafði tekið að ráða niðurlögum berklanna að langmestu leyti. Aðeins nokkrir langlegusjúklingar, sem höfðu veikt af berklum, voru eftir á hjúkrunardeildinni en aðrir fóru á hjúkrunarheimili. Lungnaþemba var hins vegar orðin algengasti sjúkdómurinn á þessum tíma,“ segir hún.

Meðferð við kæfisvefni

Bjarney segir að starfsemin hafi aukist enn frekar haustið 1987 þegar greining og meðferð kæfisvefnis hófst á Vífilsstöðum. „Í byrjun var aðeins eitt sjúkrahús áætlað sérstaklega til að greina og meðhöndla kæfisvefnissjúklinga, en var fljótlega

Samheldni og mannvirðing ávallt til staðar

Bjarney Valgerður Tryggvadóttir starfaði sem hjúkrunarframkvæmdastjóri á Vífilsstöðum í 22 ár. Bjarney tengist staðnum sterkum böndum en móðir hennar, Valgerður Guðmundsdóttir, var yfirhjúkrunarkona á berklahælinu snemma á fjórða áratug síðustu aldar. Bjarney rifjar upp starfið á Vífilsstöðum sem hún segir að hafi verið þroskandi og gefandi. Og í huga hennar stendur alltaf upp úr hversu mikil samheldni og mannvirðing var á Vífilsstöðum.

„Mér er minnstætt úr bernsku að móðir mín bauð oft heim í kaffi, bæði starfsmönnum og fyrrverandi sjúklingum af Vífilsstöðum. Hún hafði verið yfirhjúkrunarkona á Vífilsstöðum árin 1931 til 1933 en hætti störfum eftir að hún giftist Tryggva Guðmundssyni, bústjóra á Kleppi. Tryggvi var síðari

eiginmaður hennar en hún var áður gift Antoni Jakobssyni stýrimanni sem lést á jóladag 1924. Eftir að hún gekk að eiga Tryggva sá hún um börnin og heimilið eins og konur flestar gerðu í þá daga. Móðir mín talaði oft um Vífilsstaði og það mikilvæga starf sem þar fór fram en berklarnir voru í áratugi alvarlegasta

heilbrigðisvandamál á Íslandi,“ segir Bjarney.

Lagðist þungt á ungt fólk

Hún segir veikina hafa lagst þungt á ungt fólk og því hafi meðalaldur sjúklinga verið lágur. „Móðir mín talaði um að samfélagið á Vífilsstöðum hefði verið á

mótstöðu líkamans. Þess vegna var áhersla ávallt lögð á hollan og góðan mat á Vífilsstöðum. Einnig var alltaf mikilvægur þáttur að hreint loft léki um sjúkrahúsfornar. Því voru gluggar ávallt opnir og enga þörskulda var að finna í byggingunni. Í þessu samhengi er rétt að geta þess að mikið veikir sjúklingar voru bornir niður í skálann svokallaða, sem var útiverönd með þaki. Þar lágu þeir í einn til tvo klukkutíma á dag. Markmiðið var að byggja upp mótstöðu þeirra og endurhæfingu eins og mögulegt var,“ segir Bjarney.

Á Cook County

Að loknu námi í Hjúkrunarskóla Íslands fór Bjarney til starfa á Landspítalanum þar sem hún starfaði til 1960. Þá hélt hún til Chicago þar sem hún var í hjúkrunarstarfsnámi í tvö ár á hinu þekktu og virta Cook County sjúkrahúsi borgarinnar. Þess má geta að bandarísku þættirnir Bráðavaktin (ER) gerast einmitt á því sjúkrahúsi. „Það var mikil og góð reynsla að starfa á sjúkrahúsinu og alltaf mikið um að vera. Mér er þó ein vaktin sérstaklega minnisstæð því þá komu sex manns á deildina, sem allir höfðu hlotið alvarleg stungusár og þurftu mikla aðgæslu á meðan þeir biðu eftir aðgerð. Ég var bláeygð og hafði aldrei séð stungusár fyrr og ég man að þetta var mikil lífsreynsla fyrir mig.“

Bjarney kom aftur til starfa á Landspítalanum, þar sem hún gegndi stöðu hjúkrunarframkvæmdastjóra frá 1968 til 1980. Þá voru Vífilsstaðir færðir undir Landspítalann og hjúkrunin færð undir hjúkrunarforstjóra Landspítalans. María Hansen, hjúkrunarforstjóri Vífilsstaða, lauk þá störfum fyrir aldurs sakir en hún hafði verið þar nær óslitið í 36 ár, eða frá 1944. Tók Bjarney þá við sem hjúkrunarframkvæmdastjóri á Vífilsstöðum.

Skipulagsbreytingar og auknar rannsóknir

„Við skipulagsbreytingarnar var lungnadeildin á Vífilsstöðum gerð að bráðadeild Landspítalans og húðlækningadeild hans flutt til

fjölgað í fjögur og var þó langur biðlisti. Undir lok níunda áratugarins kom á markað greiningarbúnaður, sem gerði stafræna skráningu mögulega, m.a. svefn, öndun og súrefnismettun. Síðar var komið á fót göngudeild fyrir kæfisvefnissjúklinga á Vífilsstöðum, en starfið byggðist mikið í fræðslu til sjúklinga og starfsfólks,“ segir Bjarney og bætir við að á sjúkrahúsinu hafi verið mikil og góð endurhæfing sem reynst hafi mörgum vel.

Sumir hræddust Vífilsstaði

„Það verður að viðurkennast að Vífilsstaðir höfðu ýmislegt á móti sér í huga margra. Fólk var hrætt við berkla og Vífilsstaðir höfðu berklastimpilinn á sér þótt búið væri að ráða niðurlögum þeirra að langmestu leyti. Sumir, sem greindust með ýmsa aðra sjúkdóma sem meðhöndlaðir voru á Vífilsstöðum, var illa við að láta leggja sig þar inn. Mér er minnstætt að eitt sinn þegar ég var að heilsa upp á sjúklinga á húðlækningadeildinni kallaði í mig kona sem þar lá. Hún var með mjög slæm fótasár og sagði mér að það hefði tekið hana heilt ár að sannfærast um að óhætti væri að fara á Vífilsstaði. Og það kom henni á óvart hvað henni leið vel á sjúkrahúsinu,“ segir Bjarney og brosir.

Stórt og mikið verkefni

Bjarney hafði í mörg horn að líta sem hjúkrunarframkvæmdastjóri Vífilsstaða, sérstaklega eftir að deildarskipulaginu var breytt. „Allir starfsmenn voru samtaka og hjálpuðust að. Það var raunar einkennandi fyrir Vífilsstaði hversu mikil samheldni og mannvirðingin var alveg frá upphafi. Vífilsstaðir voru eins og ein stór fjölskylda.“

Bjarney segir að rekstur sjúkrahúss sé alltaf stórt og mikið verkefni. „Umræða um sparnað og niðurskurð í heilbrigðisgeiranum hefur alltaf verið fyrir hendi frá því að ég byrjaði að starfa og þannig er það enn í dag,“ segir hún og heldur áfram:

„Á Vífilsstöðum þurftum við alla tíð að leita leiða til að gera hlutina hagkvæmari en áður og það gekk yfirleitt nokkuð vel,“ segir Bjarney að lokum.

HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS safnar, rannsakar og miðlar íslenski hönnun og listhandverki frá aldamótunum 1900 til dagsins í dag. Í safneign safnsins eru nú rúmlega 1000 munir. Safnið heldur reglulega sýningar á íslenski og alþjóðlegri hönnun.



Opnið þriðjudaga til sunnudaga, kl. 12-17.
Garðatorg 1 • 210 Garðabær • sími 512 1525 • www.honnunarsafn.is

11.9.2010 – 30.1.2011 Sigga Heimis

Yfirlitssýning á verkum Sigríðar Heimisdóttur iðnhönnuðar. Sigga hefur á síðustu árum átt í ríkulegu samstarfi við heimsþekkt framleiðslufyrirtæki og söfn á sviði hönnunar. Gripir hennar hafa verið fjöldaframleiddir í mörg ár og á sýningunni gefst gott tækifæri til að skoða fjölbreytta hönnun hennar og kynnst starfi iðnhönnuðar sem vinnur í alþjóðlegu umhverfi.



Sigga Heimis | Lidan | 2001 | IKEA

Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.



Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.

Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.

AFGREIÐSLUTÍMI
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

Reykjavíkur Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Vífilsstaðavatn

Vanmetin veiðiperla

Engilbert Jensen hefur veitt árum saman í Vífilsstaðavatni og hann þekkir það eins og lófann á sér.

Engilbert segist byrja á því að „lesa bílinn“ og skoða flugurnar sem setjast á framrúðuna meðan hann er að taka sig til. „Og það bregst yfirleitt ekki að silungurinn í vatninu er einmitt að taka þessar sömu flugur.“

Sem ungur maður var Engilbert afskaplega kappsfullur veiðimaður „og þá óð ég um allt Vífilsstaðavatn og taldi að ekki væri hægt að setja í fisk öðruvísi en að vera búinn að vaða upp að höndum. En ég róaðist og lærði meira inn á náttúruna og þá jókst veiðin hjá mér umtalsvert.“

Vífilsstaðavatn hlýnar fyrst við suðurenda vatnsins, þar sem mest er um grynningar. Þar tekur lífið fyrst við sér á vorin og þar er mesta veiðivonin en vesturbakkinn hefur einnig gefið mér ágæta veiði. Stærsta bleikjan sem ég hef veitt í vatninu var rúmlega 40 sentímetra löng og hana tók ég út af bryggjunni á vesturbakkanum,“ segir Engilbert.

Veidir á vaðstígvelum

Engilbert segist ekki hafa veitt í vöðlum í Vífilsstaðavatni í mörg ár. „Mér nægir að vera í vaðstígvelum og kasta stutt út, eða meðfram landinu, enda hefur það mjög oft komið fyrir að ég veiði fisk langt fyrir aftan aðra veiðimenn.“

Engilbert leggur áherslu á að veiðimenn við Vífilsstaðavatn haldi sig á bakkanum og veiði með augun

Ég mæli því eindregið með því að menn kasti meðfram gróðrinum og lofa að það ber árangur

og eyrun galopin og reyni að átta sig á lífríkinu og eðli þess. „Vatnið er grunnt og í því er töluverður gróður. Margir veiðimenn bólva gróðrinum og segja að ekki sé hægt að veiða meiripart sumars vegna gróðursins.“

Þetta er náttúrulega argasta vitleysa því fiskurinn leitar í gróðurinn, bæði vegna þess að þar er mesta ætið og þar hefur fiskurinn skjól. Ég mæli því eindregið með því að menn kasti meðfram gróðrinum og lofa að það ber árangur.“

Kasta á gróðurtorfurnar

Engilbert segir að við suðurenda vatnsins séu nokkrar gróðurtorfur í vatninu þar sem hann gangi að fiskinum gefnum. „Hann liggur hlémegin við torfurnar og tinir upp í sig pöddur sem losna úr gróðrinum. Ég hef kastað á þessar torfur með góðum árangri. Yfirleitt tek ég einn fisk, færi mig þá að næstu torfu þar sem ég endurtek leikinn og þannig koll af kalli þar til ég fer aftur að þeirri fyrstu, því það bregst ekki að önnur bleikja er komin í plássíð.“

Engilbert æfir köstin.



Flugurnar

Í apríl og maí segist Engilbert mest veiða á margvísleg afbrigði mýpúpunnar, „enda eru stórir flákar í vatninu þaktir mýpúpuhylkjum, þannig að veiðimaðurinn þarf ekki að velkjast í neinum vafa um hvað fiskurinn er að éta. Mýið kviknar fljótt á grynningunum og þótt lofthitinn sé kannski ekki hár má oft sjá flugu. Ef ísbrák er á vatninu hefur mér oft reynst vel að kasta uppá ísinn og oft tekur hann þegar ég dreg flugna fram af ísnum. Ástæðan fyrir því er sú að oft frjósa mýpúpurnar þegar vatnið leggur og bleikjan tekur þær síðan þegar þær losna úr klóm íssins þegar hann bráðnar.“

Í byrjun júní færi ég mig oft yfir í Peacock, Phasant tail, Héraeyra og Caddis flugur. Ég mæli með því að menn séu duglegir við að skreyta Peacock-púpuna og reyna til dæmis gulan lit í stað þess rauða. Mér hefur sýnst guli liturinn vera gjöfylli, ef eitthvað er,“ segir Engilbert sem bætir því við að Vífilsstaðavatn sé kjörið fyrir þá sem vilja æfa sig með þurrflugu „og þá er farsælast að byrja þegar örlitil gára er á vatninu.“

Friðland í þéttbýli

Vífilsstaðavatn og næsta nágrenni þess er friðlands. Friðlýsingin er sú fyrsta í Garðabæ og með henni er almenningi tryggður réttur til að njóta ósnortinnar náttúru á miðju höfuðborgarsvæðinu til framtíðar.

Umhverfis Vífilsstaðavatn er vinsæll útivistarstígur, hann er um 2,6 km að lengd. Átlað er að það taki 35 mín. að ganga umhverfis vatnið en 15 mín. að skokka hringinn. Hægt er að tilla sér niður á bekkir sem eru meðfram. Fræðsluskilti hafa verið sett upp við vatnið og þar má lesa sig um lífríki vatnsins, fugla við vatnið og gróður. Af göngustígnum er hægt að ganga upp að vörðunni Gunnhildi uppi á Vífilsstaðahlíð, þar er útsýnisskilti og mjög viðsýnt.

Fjölbreytt lífríki Vífilsstaðavatns

Vífilsstaðavatn er 27 hektarar að flatarmáli. Vatnið er eitt það lífríkasta á landinu miðað við fjölda dýra á fermetra. Rannsóknir á lífríki vatnsins hafa leitt í ljós að í vatnasviði Vífilsstaðavatns mætast glerálar frá Evrópu- og Ameríkuálar en Ísland er eina landið í heiminum sem vitað er að það gerist. Hornsílur í Vífilsstaðavatni þykja mjög merkileg en á þau vatnar kviðgaddinn sem annars einkennir hornsíli. Vífilsstaðavatn er eina vatnið hér á landi þar sem þess háttar hornsíli finnast og eitt fárra vatna í heiminum sem er með slík síli.

Í vatninu finnst einnig bleikja og urriði og fjöldi smádýra t.d. efjufló, rykmýslirfur, vatnabobba, vorflugupúpur og blóðsugur. Svipað er að finna í læknum nema þar eru bitmýslirfur í stað rykmýslirfa.

HAFKALK

Styrkir brjósk og bein



Virðist draga úr liðverkjum vegna slitgigtar

www.hafkalk.is

Fæst í lyfja- og heilsubúðum um land allt



Hamingjuóskir á 100 ára afmæli Vífilsstaða

HREINSIR ehf.

Ferðapjónusta
fatlaðra
í Garðabæ



METAN

ER LÆGRI ÚTGJÖLD
MINNI ÚTBLÁSTURSMENGUN
BETRA ANDRÚMSLOFT

NÚTÍMINN

VÉLAMÍÐSTÖÐIN
1964

Gufunes
112 Reykjavík
Sími: 5800 400
www.velamidstodin.is



TAKTU GRÆNA SKREFIÐ OG SPARAÐU SVO UM MUNAR

Láttu okkur breyta bensínbílnum þínum í metan/bensín-tvíorkubíl. Með því lækkar þú eldsneytiskostnaðinn um 50% eða meira og útblástursmengun verður nánast engin. Ef metangasið klárast þá gengur bíllinn þinn á bensíni þar til fyllt er á með metan á ný.



SIMMI OG JÓI TÓKU GRÆNA SKREFIÐ

Simmi og Jói tóku græna skrefið þegar Vélamiðstöðin breytti Fabrikubílnum í metan/bensín-tvíorkubíl. Nú aka þeir um á helmingi lægra eldsneytisverði en áður.

HJÁ OKKUR ERT ÞÚ Í GÓÐUM HÖNDUM

Vélamiðstöðin býr yfir 45 ára reynslu í uppfærslu og breytingum á bílum.

DÆMI UM BÍLA SEM VÉLAMÍÐSTÖÐIN HEFUR UPPFÆRT Í BENSÍN/METANBÍLA:

Audi A4
Chrysler Town&Country
Ford F150
Ford Focus
Ford Expedition,
Ford Explorer Sport trac
Dodge Dakota
Dodge RAM
Dodge Durango
Honda CRV
Lexus H300
Mitsubishi Pajero Sport.
Renault Kango
Skoda Oktavia
Skoda Fabia
Toyota Yaris
Toyota Tundra
Toyota Corolla
VW Transporter



metanbill.is

- 1 Mjólkurhús
- 2 Fjós
- 3 Hlaða
- 4 Hlandþór
- 5 Heygaltar
- 6 Bílskúrar
- 7 Trésmíðaverkstæði
- 8 Búshús (bústaður bústjóra)
- 9 Ráðshús (bústaður ráðsmanns)
- 10 Rimman
- 11 Elífdin
- 12 Pilsakot
- 13 Læknabústaður
- 14 Hænsnabú
- 15 Yfirlæknisbústaður
- 16 Davíðsborg og Önnuborg
- 17 Líkhús, smíða- og saumstofa
- 18 Vífilstaðahælið
- 19 Leguskáli
- 20 Smíðja og bílskúrar



Vífilstaðir um miðja síðustu öld

Um þrjú þúsund konur tóku þátt í kvennahlaupi á íþróttahátíð ÍSÍ um helgina. Hlaupið hófst að Vífilstöðum og gátu þátttakendur valið milli þess að hlaupa tvo eða fjóra kílómetra í afbragðs veðri. Áður en hlaupið hófst var hitað upp við lúðrablastur og teygðu konur hendur í átt til himins.

Tímamynd: Pjetur.



Í fyrsta kvennahlaupinu var hlaupið frá Vífilstöðum

Fyrsta kvennahlaup Íþróttasambands Íslands, ÍSÍ, var haldið 30. júní árið 1990 í tengslum við íþróttahátíð ÍSÍ. Hlaupið var í Garðabæ og á sjö öðrum þéttbýlisstöðum á landinu. Í Garðabæ hófst hlaupið á Vífilstaðatúni og tóku rúmlega tvö þúsund konur af öllu höfuðborgarsvæðinu þátt í hlaupinu. Á landsbyggðinni hlupu um fimm hundruð konur. Síðustu ár hefur hlaupið hafist á Garðatogi í Garðabæ og nú síðast, 19. júní sl., tóku rúmlega fimmtán þúsund konur þátt á 94 stöðum um allt land og á um 18 stöðum erlendis.

Þess má geta að Lovísa Einarsdóttir, íþróttakennari og starfsmaður afmælisnefndar Vífilstaða, var einn upphafsmanna og aðalskipuleggjandi kvennahlaupsins, sem ÍSÍ tók síðan upp á sína arma.

Gunnhildur í Vífilstaðahlíð

Vistfólk á Vífilstöðum hlóðu þessa vörðu í Vífilstaðahlíð fyrir ofan Vífilstaðavatn og nefndu Gunnhildi. Skýring á nafngiftinni er ekki einhlýtt en varðan var notuð sem eins konar hreystipróf. Gæti sjúklingurinn gengið óstuddur að Gunnhildi þótti ljóst að hann væri á batavegi.

Garðabær hefur komið upp fræðsluskilti í námunda við Gunnhildi fyrir fólk sem leggur leið sína í Vífilstaðahlíð til að njóta útsýnis þar. Skammt frá vörðunni er skotbyrgi frá síðari heimsstyrjöldinni. Á tímafli kölluðu fáfróðir eða gamansamir menn vörðuna „Gunhill“, en sú nafngift lagðist fljótlega af aftur.



Hamingjuóskir á 100 ára afmæli Vífilstaða

Einar Ingimarsson arkitekt
Gólf og vegglist
Héðinn Schindler lyftur
ISON
KP Verktakar
Rí Verslun
S. Helgason
Sámur Sápugerð
Vilji

Hamingjuóskir á 100 ára afmæli Vífilstaða



Útfararþjónusta Rúnars
Sími 567 9110



Tek að mér viðhaldsmálningu innanhús og utan

Veiti eldri borgurum góðan afslátt
Hallgrímur,
löggiltur málarameistari
S. 896 3982

VILT ÞÚ TAKA ÞÁTT Í GEFANDI STARFI? vilt þú vera með okkur?

Garðabæjardeild Rauða krossins vantar sjálfbóðaliða í eftirfarandi verkefni:

Heimsóknarvinir:

Heimsóknarvinir rjúfa einsemd og félagslega einangrun fólks með heimsóknum á heimili og stofnanir. Heimsóknarvinir sækja sérstakt undirbúningsnámskeið.

Föt sem framlag - Þrjónahópur:

Þrjónakaffi er haldið í húsnæði deildarinnar tvisvar sinnum í mánuði þar sem sjálfbóðaliðar þrjóna fatnað sem nýtist í neyðaraðstoð bæði hérlandis og erlendis. Garn er á staðnum en gott er að sjálfbóðaliðar hafi með sér þrjóna eða heklunál. Einnig er hægt að styrkja verkefnið með því að gefa garn og garnafganga.

Ævintýraferðir:

Ungir sjálfbóðaliðar, 17 ára og eldri styðja við fötluð ungmenni til að gera þeim kleift að fara í ævintýraferðir eins og helluferðir, fjallgöngu, klettaklifur o.fl. Áhersla er lögð á að aðstoða ungmennin við að reyna nýja hluti sem þau í flestum tilvikum hafa ekki tók á að prófa á eigin spýtur.

Fataverslun Garðabæjardeildar Rauða krossins á Garðatorgi:

Opnuð verður fatabúð Rauða krossins á Garðatorgi í lok september eða í byrjun október. Okkur vantar sjálfbóðaliða til að sinna afgreiðslustörfum í versluninni. Allur hagnaður af sölu fatnaðarins í verslunum Rauða krossins rennur til Hjálparsjóðs félagsins, sem nýttur er til þróunar- og neyðaraðstoðar erlendis.

Einnig er hægt að styðja starf Rauða krossins með því að gerast félagi. Hægt er að skrá sig sem félagi inn á vef Rauða kross Íslands, www.raudikrossinn.is

Ef þú hefur áhuga á að starfa sem sjálfbóðaliði í einhverjum af ofangreindum verkefnum þá endilega hafðu samband við Hrafnhildi Kvaran hjá Garðabæjardeild Rauða krossins í s. 565-9494 eða á netfangið: gardabaer@redcross.is



Legsteinar

Próstur Helgason
f. 20.9. 1946
d. 25.7. 2004
Höndin var hög og hjartað hlýtt


Laufej Karlsdóttir
f. 20. júní 1981
d. 16. nóvember 2006
Blessuð sé minning þín

Hér heila hjónin
Ólafur B. Jóhannesson
f. 18.3. 1930
d. 8.2. 1993

Hjördis Antonisdóttir
f. 17.1. 1929
d. 5.11. 2007
Minningin lifir

SÓLSTEINAR

Kársnesbraut 98 | 200 Kópavogur | Sími: 564 4566 | E-mail: sol@solsteinar.is | www.solsteinar.is



Afmæliskveðja frá Póstinum

Þann 16. september næstkomandi mun Íslandspóstur gefa út frímerki til að minnast þess að nú eru 100 ár frá opnun Vífilsstaðaspítala.



Happdrætti DAS óskar landsmönnum til hamingju með 100 ára afmæli Vífilsstaða

www.das.is

Með stofnun Happdrættis DAS hefur tekist að lyfta grettistaki í að bæta aðbúnað þeirra sem þarfnast aðhlyningar og hjúkrunar. Með stuðningi landsmanna og þátttöku í happdrættum frjálsra félagsamtaka hefur mikið áorkast. Enn eru þó næg verkefni og áfram skal haldið því þörfin er brýn.

Hrafnista annaðist rekstur hjúkrunarheimilisins að Vífilsstöðum í sex ár, eða frá árinu 2004. Með miða í Happdrætti DAS leggur þú þitt af mörkum til áframhaldandi uppbyggingar Hrafnistu um leið og þú átt von á góðum vinningum.



Audi



Aðalvinningar

Audi A4

+ 7,3 milljónir í skottið á tvöfaldan miða!



14,6 milljónir á tvöfaldan miða!

Milljónavinningar í hverri viku

6 milljónir
4 milljónir

Aðalvinningar: 6 milljóna króna og 4 milljóna króna skattfrjálsir vinningar á árinu á tvöfaldan miða. Alls er dregið um 50 þúsund vinninga á árinu.

Aldraðir hafa átt allan okkar stuðning í áratugi.

Taktu þátt því þörfin er brýn. Einfaldur miði kostar aðeins 1.000 kr.

Kauptu miða á www.das.is

Happdrætti DAS, Tjarnargötu 10, sími 561 7757.

dregið vikulega!

52 útdrættir á árinu!



HAPPDRÆTTI **das**

Vinningur í hverri viku